



Breytingar á eignarhaldi jarða -samfélagsleg áhrif-

Unnin fyrir Bændasamtök Íslands
september 2007

Kolfinna Jóhannesdóttir
Grétar Þór Eypórsson og Eva Heiða Önnudóttir

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst
311 Borgarnes. Sími: 433-3000
www.rannsoknamidstod.bifrost.is

Efnisyfirlit

<i>Efnisyfirlit mynda</i>	3
<i>1 Helstu niðurstöður</i>	6
<i>2 Inngangur</i>	10
<i>3 Framkvæmd og úrvinnsla</i>	11
<i>4 Eignarhald jarða</i>	13
<i>5 Umfang breytinga á eignarhaldi jarða</i>	17
5.1 Samantekt	18
<i>6 Áhrif breytinga á eignarhaldi jarða á samfélög til sveita</i>	21
6.1 Félagsleg áhrif	22
6.2 Efnahagsleg áhrif	25
6.3 Samantekt	38
<i>7 Mikilvægi búsetu og atvinnulífs</i>	48
7.1 Samantekt	54
<i>8 Viðhorf til breytinga á eignarhaldi á jörðum</i>	58
8.1 Samantekt	61
<i>9 Aðgerðir stjórnvalda</i>	67
9.1 Samantekt	80
<i>10 Markmið núverandi ábúenda</i>	87
10.1 Samantekt	94
<i>11 Áform núverandi ábúenda</i>	96
11.1 Samantekt	104
<i>Heimildaskrá</i>	108
<i>Viðauki I Bakgrunnur þátttakenda</i>	109
<i>Viðauki II Spurningakönnunin</i>	111
<i>Viðauki III Greining allra spurninga í töflum</i>	118

Efnisyfirlit mynda

Mynd 1 Skipting landsins í norður- og suðursvæðið. Dökka línar sýnir mörk svæðanna.....	12
Mynd 2 Hversu miklar eða litlar breytingar hafa að þínu mati orðið á eignarhaldi jarða í þínu sveitarfélagi síðustu 10 árin? N=463	17
Mynd 3 Hversu miklar eða litlar breytingar hafa að þínu mati orðið á eignarhaldi jarða í þínu sveitarfélagi síðustu 10 árin? Greint eftir búsetu.	18
Mynd 4 Telur þú að breytingar á eignarhaldi jarða síðastliðin 10 ár hafi haft áhrif á búsetu í sveitum? N=455	21
Mynd 5 Helstu félagsleg áhrif. N=285.....	22
Mynd 6 Fólk sem dvelur á jörðum í frístundum sækir viðburði í sveitinni, s.s. skemmtanir/réttir. N=447.....	23
Mynd 7 Fólk sem dvelur á jörðum í frístundum tekur þátt í félagsstörfum í sveitinni. N=445	23
Mynd 8 Fólk sem dvelur á jörðum í frístundum sækir viðburði í sveitinni, s.s. skemmtanir/réttir. Greint eftir atvinnu.	24
Mynd 9 Fólk sem dvelur á jörðum í frístundum tekur þátt í félagsstörfum í sveitinni. Greint eftir atvinnu.	25
Mynd 10 Helstu efnahagslegu áhrif. N=285.....	26
Mynd 11 Fjölbreytni atvinnulífs í sveitinni hefur aukist með breyttu eignarhaldi. N=448	27
Mynd 12 Tvöföld búseta skapar störf í kringum þjónustu í sveitinni. N=441.....	27
Mynd 13 Tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hafa aukist með breyttu eignarhaldi á jörðum. N=445	28
Mynd 14 Nærliggjandi verslun hefur styrkst. N=444	28
Mynd 15 Fjölbreytni atvinnulífs í sveitinni hefur aukist með breyttu eignarhaldi. Greint eftir búsetu.	29
Mynd 16 Tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hafa aukist með breyttu eignarhaldi á jörðum. Greint eftir búsetu.	30
Mynd 17 Nærliggjandi verslun hefur styrkst. Greint eftir búsetu.	30
Mynd 18 Fjölbreytni atvinnulífs í sveitinni hefur aukist með breyttu eignarhaldi. Greint eftir atvinnu.	31
Mynd 19 Tvöföld búseta skapar störf í kringum þjónustu í sveitinni. Greint eftir atvinnu.	32
Mynd 20 Tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hafa aukist með breyttu eignarhaldi á jörðum. Greint eftir atvinnu.....	32
Mynd 21 Nærliggjandi verslun hefur styrkst. Greint eftir atvinnu.....	33
Mynd 22 Tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hafa aukist með breyttu eignarhaldi á jörðum. Greint eftir lengd ábúðar.	34
Mynd 23 Tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hafa aukist með breyttu eignarhaldi á jörðum. Greint eftir hvenær síðast keypt jörð/jarðir.	34
Mynd 24 Nærliggjandi verslun hefur styrkst. Greint eftir hvenær síðast keypt jörð/jarðir.	35
Mynd 25 Fjölbreytni atvinnulífs í sveitinni hefur aukist með breyttu eignarhaldi. Greint eftir hversu miklar eða litlar breytingar hafa orðið á eignarhaldi.....	36
Mynd 26 Tvöföld búseta skapar störf í kringum þjónustu í sveitinni. Greint eftir hversu miklar eða litlar breytingar hafa orðið á eignarhaldi.....	37
Mynd 27 Tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hafa aukist með breyttu eignarhaldi á jörðum. Greint eftir hversu miklar eða litlar breytingar hafa orðið á eignarhaldi.	38
Mynd 28 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að búseta sé á nágrannajörðum? N=456.....	48
Mynd 29 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum? N=451	49

Mynd 30 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að stundaður sé landbúnaður á nágrannajörðum? N=451	49
Mynd 31 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum? Greint eftir atvinnu.	50
Mynd 32 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að stundaður sé landbúnaður á nágrannajörðum? Greint eftir atvinnu.....	51
Mynd 33 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að búseta sé á nágrannajörðum? Greint eftir aldri.	51
Mynd 34 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að stundaður sé landbúnaður á nágrannajörðum? Greint eftir aldri.	52
Mynd 35 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum? Greint eftir lengd ábúðar.	53
Mynd 36 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum? Greint eftir hvort alin/n upp í sveit.	53
Mynd 37 Einn aðili (einstaklingur/félag) sé eigandi margra jarða á Íslandi? N=457.....	58
Mynd 38 Ein jörð sé í eigu margra einstaklinga? N=454	59
Mynd 39 Aðilar (einstaklingar/félög) búsettir eða skráðir erlendis séu eigendur jarða á Íslandi? N= 456	59
Mynd 40 Ein jörð sé í eigu margra einstaklinga? Greint eftir aldri.....	60
Mynd 41 Aðilar (einstaklingar/félög) búsettir eða skráðir erlendis séu eigendur jarða á Íslandi? Greint eftir aldri.	60
Mynd 42 Ein jörð sé í eigu margra einstaklinga? Greint eftir hvort alin/n upp í sveit.	61
Mynd 43 Það á ávallt að leitast við að tryggja land undir landbúnað. N=451.....	67
Mynd 44 Það á að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum. N=451	68
Mynd 45 Það á að setja lög sem koma í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila (einstaklinga/félaga). N=453	69
Mynd 46 Það á að skylda eigendur jarða til að búa á þeim. N=450.....	69
Mynd 47 Það á ávallt að leitast við að tryggja land undir landbúnað. Greint eftir búsetu.....	70
Mynd 48 Það á að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum. Greint eftir búsetu.....	71
Mynd 49 Það á ávallt að leitast við að tryggja land undir landbúnað. Greint eftir atvinnu..	71
Mynd 50 Það á að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum. Greint eftir atvinnu.	72
Mynd 51 Það á að setja lög sem koma í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila (einstaklinga/félaga). Greint eftir atvinnu.	73
Mynd 52 Það á að skylda eigendur jarða til að búa á þeim. Greint eftir atvinnu.	73
Mynd 53 Það á ávallt að leitast við að tryggja land undir landbúnað. Greint eftir aldri.	74
Mynd 54 Það á að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum. Greint eftir aldri.	75
Mynd 55 Það á að setja lög sem koma í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila (einstaklinga/félaga). Greint eftir aldri.....	75
Mynd 56 Það á að skylda eigendur jarða til að búa á þeim. Greint eftir aldri.	76
Mynd 57 Það á að setja lög sem koma í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila (einstaklinga/félaga). Greint eftir hvort alin/n upp í sveit.	77
Mynd 58 Það á að skylda eigendur jarða til að búa á þeim. Greint eftir hvort alin/n upp í sveit.....	77
Mynd 59 Það á að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum. Greint eftir ábúð og eignarhaldi.	78
Mynd 60 Það á að skylda eigendur jarða til að búa á þeim. Greint eftir ábúð og eignarhaldi.	79
Mynd 61 Ég vil búa í sveit. N=455.....	87
Mynd 62 Ég hef áhuga á að stunda landbúnað. N=407	88
Mynd 63 Það er góður kostur að eiga jörð til að verja tíma í frístundum. N=405	88

Mynd 64 Ég lít á jarðakaup sem skammtímaffjárfestingu. N=381	89
Mynd 65 Ég lít á jarðakaup sem langtímaffjárfestingu. N=408	89
Mynd 66 Að jörðin sem ég á/bý á verði seld innan fimm ára. N=435	90
Mynd 67 Ég lít á jarðakaup sem langtímaffjárfestingu. Greint eftir búsetu.	90
Mynd 68 Það er góður kostur að eiga jörð til að dvelja á í frístundum. Greint eftir atvinnu.	91
Mynd 69 Að jörðin sem ég á/bý á verði seld innan fimm ára. Greint eftir atvinnu.	91
Mynd 70 Ég hef áhuga á að stunda landbúnað. Greint eftir aldri.	92
Mynd 71 Það er góður kostur að eiga jörð til að dvelja á í frístundum. Greint eftir aldri.	93
Mynd 72 Að jörðin sem ég á/bý á verði seld innan fimm ára. Greint eftir aldri.	93
Mynd 73 Hefur þú byggt upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað? N=453	96
Mynd 74 Ég hef áform um að byggja upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað. N= 429	97
Mynd 75 Hafa verið skipulagðar sumarbústaðalóðir á jörðinni sem þú átt/býrð á? N=459..	97
Mynd 76 Áformað er að skipuleggja sumarhúsaloðir á jörðinni sem ég á/bý á. N= 429.....	98
Mynd 77 Hefur þú byggt upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað? Greint eftir búsetu.	98
Mynd 78 Hafa verið skipulagðar sumarbústaðalóðir á jörðinni sem þú átt/býrð á? Greint eftir búsetu.	99
Mynd 79 Ég hef áform um að byggja upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað. Greint eftir búsetu.	99
Mynd 80 Hefur þú byggt upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað? Greint eftir atvinnu.	100
Mynd 81 Hafa verið skipulagðar sumarbústaðalóðir á jörðinni sem þú átt/býrð á? Greint eftir atvinnu.	100
Mynd 82 Ég hef áform um að byggja upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað. Greint eftir atvinnu.	101
Mynd 83 Áformað er að skipuleggja sumarhúsaloðir á jörðinni sem ég á/bý á. Greint eftir atvinnu.	102
Mynd 84 Ég hef áform um að byggja upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað. Greint eftir aldri.	102
Mynd 85 Hafa verið skipulagðar sumarbústaðalóðir á jörðinni sem þú átt/býrð á? Greint eftir hvenær síðast keypt jörð/jarðir.	103
Mynd 86 Ég hef áform um að byggja upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað. Greint eftir hvort alin/n upp í sveit.	103

1 Helstu niðurstöður

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna ótvírætt að breytingar á eignarhaldi jarða hafa verið mun meiri á sunnaverðu landinu en á því norðanverðu. Nálægðin við höfuðborgarsvæðið er talin hafa mikil áhrif á eftirspurn þéttbýlisbúa eftir landi og því hefur jarðaverð hækkað mun meira á Suður- og Vesturlandi en í öðrum landshlutum. Fólk úr þéttbýli vill gjarnan komast út í sveit til að njóta ákveðinna lífsgæða sem þar fyrirfinnast en hafa samt gott aðgengi að því sem höfuðborgarsvæðið hefur upp á að bjóða.

- Meira en helmingur svarenda telur að mjög eða frekar miklar breytingar hafi orðið á eignarhaldi jarða í þeirra sveitarfélagi. Töluverður munur kemur fram á upplifun svarenda eftir svæðum. 70% svarenda af suðursvæðinu telur að mjög eða frekar miklar breytingar á eignarhaldi jarða hafi orðið í þeirra sveitarfélagi síðustu árin á meðan 50% svarenda af norðursvæðinu telur svo vera.

■ *Félagsleg áhrif*

- Ábúendur jarða hafa mestar áhyggjur af fólksfækkun og áhrifum þess ef fólk býr ekki á jörðum sem það kaupir í dag. Hluti af fólksfækkunaráhrifunum tengist jafnframt breyttu búsetuformi. Föst búseta hefur minnkað og frístundabúseta tekið við. Breytingar á eignarhaldi undanfarin ár hafa í sumum tilfellum leitt til að jarðir hafa farið í eyði en í öðrum tilfellum hefur orðið fólksfjölgun þar sem nýir eigendur hafa sest að í sveitunum. Ákveðinn hluti jarða sem hefur skipt um eigendur er því áfram í ábúð.
- Ábúendur í dag hafa áhyggjur af að sveitirnar veikist félagslega þegar fólki fækkar með fasta búsetu, börnum fækkar í skólum og erfiðara verður að halda úti þjónustu. Áhrif tengd aukinni frístundabúsetu birtast jafnframt í að færri fólk verður til að sinna félagsstörfum sem halda þarf úti allt árið. Mun algengara er hinsvegar að fólk sem dvelur á jörðum í frístundum sækir viðburði í sveitinni s.s. skemmtanir eða réttir.

■ *Efnahagsleg áhrif*

- Breytingar á eignarhaldi jarða virðast hafa haft ýmis jákvæð efnahagsleg áhrif. Nokkuð virðist um að tvöföld búseta skapi störf í kringum þjónustu í sveitinni og að fjölbreytni atvinnulífs í heild hafi aukist. Fleiri stunda aðra atvinnu en landbúnað. Bent

var á m.a. að gott væri að fá athafnamenn, nýjar hugmyndir, þjónusta væri við frístundabyggð og framkvæmdir hefðu aukist. Tekjumöguleikar hafa aukist og verslun styrkst að einhverju marki.

- Breytingar á eignarhaldi jarða síðustu ár hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif á þá sem stunda landbúnað. Bændum fækkar og erfiðara er fyrir þá sem eftir eru að stunda landbúnað. Algengt var að nefnd væru atriði eins og erfiðara með samhjálpi, girðingarmál, smalanir, göngur/fjallskil og nokkrir nefndu umferð um lönd. Hækkun jarðaverðs eru ein afleiðing breytinga á eignarhaldi jarða sem tengjast aukinni eftirspurn. Áhrif sem birtast í hækkun jarðaverðs eru bæði jákvæð og neikvæð að mati svarenda. Jákvæð fyrir þá sem vilja hætta og neikvæð fyrir nýliðun meðal bænda.

- Áhrif breytinga á eignarhaldi jarða virðast mun jákvæðari á svæðum á sunnanverðu landinu en á því norðanverðu. Ástæða þess er fyrst og fremst fjarlægðin frá höfuðborgarsvæðinu. Eigendur jarða sem ekki stunda hefðbundinn landbúnað eru mun líklegri til að verja stærri hluta ársins á jörðum nær höfuðborgarsvæðinu og byggja þar upp og framkvæma.

■ *Mikilvægi búsetu og atvinnulífs*

Það skiptir ábúendum jarða í dag mestu að sveitirnar séu í byggð. Mikill meirihluti er jafnframt á þeirri skoðun að mikilvægt sé að atvinnurekstur af einhverju tagi og eða landbúnaður sé stundaður á nágrannajörðum. Öllu mikilvægara er þó að mati svarenda að stundaður sé landbúnaður á nágrannajörðum. Mikill meirihluti þátttakenda í könnuninni stundar einhvern búrekstur og hugsanleg skýring á afstöðu þeirra eru ýmis jákvæð samlegðaráhrif sem hljóta af því að starfa í nágrenni við aðila í svipuðum búgreinum bæði hvað varðar samhjálpi og samstarf.

■ *Viðhorf til breytinga á eignarhaldi jarða*

- Mikill meirihluti svarenda telur neikvætt að einn aðili eigi margar jarðir. Það kom fram í viðtölunum að hér væri hugsanlega um að ræða samskonar viðhorf og til samþjöppunar á eignarhaldi almennt í öðrum atvinnugreinum. Ennfremur að bændur hafi áhyggjur af að aðgangur að landi undir landbúnað kunni að skerðast í framtíðinni.

- Meirihluti svarenda telur neikvætt að ein jörð sé í eigu margra aðila. Í viðtölunum kom fram að menn hefðu skilning á að mikið af fólki vildi gjarnan eignast jörð eða jarðarpart. Hinsvegar mótaðist viðhorf manna til að ein jörð sé í eigu margra aðila einkum af því að öll ákvarðanataka um uppbyggingu yrði þyngri.

■ *Aðgerðir stjórnvalda*

- Mikill meirihluti svarenda er sammála því að ávallt eigi að tryggja land undir landbúnað. Flestir svarendur eru ábúendur jarða sem hafa landbúnað að aðalstarfi og er mjög líklegt að afstaða þeirra mótist af tilfinningu þeirra fyrir þeim breytingum sem þegar hafa orðið í þeirra umhverfi og framhaldi á þróuninni.
- Meirihluti svarenda er sammála því að setja eigi lög sem takmarka eignarhald á jörðum. Fjórðungur svarenda eru hinsvegar mjög eða frekar ósammála slíkum takmörkunum. Það er því ljóst að ekki eru allir tilbúnir til að ganga svo langt í aðgerðum. Flestir viðmælendur sem rætt var við komu inn á að ýmsir annmarkar væru á því að takmarka eignarhald jarða með lögum. Bent var á að erfitt væri að framfylgja slíkum takmörkunum. Takmarkanir á eignarhaldi jarða hefðu áhrif á eignarrétt manna og verðmæti jarða gæti minnkað. Ennfremur gæti það torvelað bændum sjálfum sem vildu stækka við sig. Nokkrir viðmælendur komu inn á að undirliggjandi skoðun manna á að takmarka þyrfti eignarhald væri sú sama og gagnvart þeirri skoðun að tryggja þyrfti land undir landbúnað. Menn hefðu áhyggjur af aðgangi bænda að landi undir landbúnað í framtíðinni.
- Skoðanir svarenda voru mjög skiptar hvað varðar ábúðarskyldu. Að mati ýmsra yrði slík skylda til að styrkja byggð og meira yrði um að fólk flytti lögheimili og greiddi þá útsvar í viðkomandi sveitarfélagi. Flestir viðmælendur töldu hinsvegar mjög erfitt að framfylgja slíku ákvæði. Bent var á að vænlegri leið væri að heimila fólki að skipta útsvari milli sveitarfélaga.
- Ábúendur sem eru jafnframt eigendur jarða eru minnst hlynntir skyldu eigenda til að búa á jörðum og því að sett verði lög sem takmarki eignarhald á jörðum. Það kann að vera að núverandi eigendur jarða horfi í meira mæli til hugsanlegra áhrifa af lagasetningu á þá sjálfa sem eigendur, t.d. ef þeir vildu selja jörðina eða þeim hugnaðist að flytja um set en kærðu sig ekki um að láta jörðina af hendi. Aðrir

svarendur horfi meira á kosti lagasetningar fyrir ábúendur sem ekki eru eigendur með það í huga að takmörkun á eignarhaldi hafi áhrif til lækkunar á landverði og auðveldi þar með ábúendum sem ekki eiga nú þegar jarðir að kaupa.

■ *Markmið núverandi ábúenda*

Það er ljóst að markmið núverandi ábúenda geta ráðið heilmiklu um þróun næstu ára. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til ákveðinnar festu. Samantekið einkennast markmið þátttakenda í könnuninni með ábúð á jörðum með mest afgerandi hætti af áhuga þeirra til að búa í sveit og stunda landbúnað. Afstaða þátttakenda er skýr og bendir til eindregins vilja þeirra til að halda áfram störfum og ábúð í samfélaginu.

■ *Áform núverandi ábúenda*

- Núverandi ábúendur eru þátttakendur í breyttri samfélagsmynd til sveita hvað varðar landnotkun og atvinnuhætti. Í rannsókninni þar sem spurt er um atvinnu kemur fram að 38% svarenda hefur aðra atvinnu að aðalstarfi eða stundar aðra atvinnustarfsemi meðfram landbúnaðarstörfum. Einn fimmti hluti svarenda hefur byggt upp aðra atvinnustarfsemi á jörðinni og sama hlutfall telur áform um uppbyggingu á annarra atvinnustarfsemi en landbúnaði líkleg.
- Um 13% þátttakenda svara því játandi að sumarbústaðalóðir hafi verið skipulagðar á þeim jörðum sem þeir eiga eða búa á og 15% telja slík áform líkleg.

2 Inngangur

Á síðustu árum hefur eignarhald á jörðum breyst verulega. Talið er að jarðir séu í auknum mæli keyptar undir frístundaiðju eða með önnur markmið að leiðarljósi en að stunda hefðbundinn landbúnað. Á Búnaðarþingi árið 2006 var samþykkt ályktun þar sem þingið beindi því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að láta kanna og greina þróun á eignarhaldi á bújörðum og meta áhrif hennar á búsetu og byggðaþróun. Í janúar 2007 var síðan undirritaður samningur milli Bændasamtaka Íslands og Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst um rannsókn á samfélagslegum áhrifum breytinga á eignarhaldi jarða til sveita. Markmið rannsóknarinnar er að kanna viðhorf ábúenda jarða til breytinga á eignarhaldi jarða undanfarin ár og hvaða áhrif þeir telji að sú þróun hafi haft á sveitir landsins.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar. Skýrslan var aðallega unnin af Kolfinnu Jóhannesdóttur, verkefnisstjórn var í höndum dr. Grétars Þórs Eyþórssonar sem einnig kom að vinnslu rannsóknarinnar. Að auki vann Eva Heiða Önnudóttir að úrvinnslu gagna. Erna Bjarnadóttir var tengiliður Bændasamtakanna við framkvæmd rannsóknarinnar og er henni þakkað afar gott samstarf.

3 Framkvæmd og úrvinnsla

Rannsóknin var gerð meðal úrtaks ábúenda jarða um land allt. Um var að ræða bæði póstkönnun og könnun með rafrænum hætti sem framkvæmd var á tímabilinu 2. maí til 27. júní 2007. Tekið var 850 manna tilviljanaúrtak meðal allra ábúenda jarða. Fyrst var eintak af spurningalistanum sent út, þá áminningarbréf og að lokum nýtt eintak af listanum ásamt áminningarbréfi.

Könnunin var því upphaflega send til 850 einstaklinga. Af þeim sendu 46 einstaklingar spurningalistann til baka og/eða voru teknir úr vegna breytinga sem höfðu orðið á ábúð eða öðrum högum þeirra. Endanlegt úrtak náði því til 804 einstaklinga. Alls bárust svör frá 468 einstaklingum og svarhlutfall því 58,2%. Verður það að teljast mjög vel við unandi í könnun sem þessari.


Auk könnunarinnar voru tekin viðtöl við 14 ábúendur vítt og breitt um landið. Viðtölin fóru fram dagana 11. júní – 3. ágúst. Markmiðið með viðtölunum var að dýpka skilning á niðurstöðum rannsóknarinnar.

Í skýrslunni eru svör við spurningum nr. 6 til 16 nema við spurningu nr. 13, greind eftir sex bakgrunnsþáttum, þ.e. aldri, atvinnu, búsetu, hversu lengi svarendur hafa búið á jörðinni, hvenær þeir keyptu síðast jörð og hvort þeir eru aldir upp í sveit. Bakgrunnsbreytur um ábúð og eignarhald svarenda voru keyrðar saman við svör við spurningum nr. 15 og nr. 16. Að auki voru svör við spurningu nr. 6 „Hversu miklar eða litlar breytingar hafa að þínu mati orðið á eignarhaldi jarða í þínu sveitarfélagi?“ keyrð saman með spurningu nr. 14. Í skýrslunni sjálfri er einungis fjallað um þær niðurstöður sem reyndust marktækar. Notað er viðeigandi marktektarpróf (kí kvaðrat) og er marktekt táknuð með stjörnu *. Þrjár stjörnur (***) merkja að munur er marktækur miðað við 99,9% vissu, tvær stjörnur (**) miðað við 99,0% vissu, ein stjarna (*) miðað við 95,0% vissu og plús táknið (+) miðað við 90,0% vissu. Ekki er gert marktektarpróf fyrir greiningu spurninga eftir atvinnu þar sem svarendur gátu merkt við fleiri en eitt atriði. Bakgrunnsupplýsingar sem einungis eru notaðar sem slíkar eru birtar í heild sinni í viðauka I aftast í skýrslunni.

Töflurnar í viðauka III sem birta greiningu spurninga eftir bakgrunnsbreytum sýna heildarfjölda svarenda sem svara hverri spurningu og hlutfall þeirra sem velja hvern

svarmöguleika. Við birtingu greiningu spurninga í töflum var miðað við að ekki væri um færri en fimm svarendur að ræða í hverjum flokki bakgrunnsbreyta. Þar sem um færri svarendur en fimm var að ræða voru niðurstöður ekki birtar. Þegar fór saman að svör flokkuð eftir bakgrunnsbreytum voru eins og svarendur jafnframt undir fjöldanum 10 í viðkomandi flokki, þá voru þær niðurstöður ekki birtar. T.d. ef allir svarendur í alifuglarækt tiltóku sama svarmöguleikann þá voru þær niðurstöður ekki birtar.

Í skýrslunni þar sem birtar eru myndir með bakgrunnsbreytum er þeim sleppt sem segja veit ekki og niðurstöður þar því settar fram sem hlutfall af þeim sem tóku afstöðu. Til einföldunar við framsetningu í myndum er hópum jafnframt slegið saman þar sem það á við, t.d. eru niðurstöður úr greiningu á afstöðu eftir aldri settar fram í þremur aldurshópum og þeir teknir saman sem eru mjög eða frekar sammála og síðan þeir sem eru mjög eða frekar ósammála. Ennfremur var ákveðið að skipta landinu upp í tvö búsetusvæði, norðursvæðið og suðursvæðið, sjá mynd hér fyrir neðan. Norðursvæðinu tilheyra Vestfirðir, Norðurland vestra og eystra og Austurland, suðursvæðinu tilheyra Vesturland, höfuðborgarsvæðið (eldri kjördæmaskipan, Reykjavík og Reykjanes) og Suðurland. Ástæða þeirrar skiptingar er að ekki náðist fram nægileg marktækni með skiptingu landsins í fleiri landshluta þar sem mjög fáir svarendur komu af höfuðborgarsvæðinu og eins af Vestfjörðum. Almennt er talið að umfangsmeiri breytingar hafi orðið á Vestur- og Suðurlandi en öðrum landshlutum auk þess sem svæðin eiga það sameiginlegt að þar hefur mikið af landi verið skipulagt undir frístundabyggð.



Mynd 1 Skipting landsins í norður- og suðursvæðið. Dökka línan sýnir mörk svæðanna.

4 Eignarhald jarða

Eignarhald á jörðum hefur tekið miklum breytingum frá því byggð hófst hér á landi. Þær breytingar hafa á ýmsum tímum haft mikil áhrif á stöðu og kjör fólks til sveita. Land var í raun sú auðlind sem þjóðin lifði mest á lengst af þó að sjávarútvegur skipti talsverðu máli allt frá 14. öld. Í dag er algengasta form á eignarhaldi jarða með þeim hætti að eigendur búa á þeim og nytja þær. Mikil eftirspurn eftir landi á síðustu árum í öðrum tilgangi en að stunda hefðbundinn landbúnað hefur vakið upp spurningar um hversu mikið framhald verði á þeirri þróun og hvaða áhrif hún muni hafa. Hér á eftir verður í stuttu máli fjallað um helstu breytingar sem snerta eignarhald á jörðum allt frá landnámi og fram á okkar dag.

Landnámsöld

Í sögu Íslands (1974) er fjallað um landnám Íslands. Á þeim tíma gátu landnámsmenn numið stór landsvæði. Af stærstu landnámunum sem getið er um í Landnámabók má nefna landnám Ingólfs Arnarsonar frá Ölfusá og Sogi til Hvalfjarðar, Skalla-Gríms í Borgarfirði, Auðar djúpúðgu í Dölum, Helga magra í Eyjafirði, Hrollaugs Rögnvaldssonar frá Hornafirði til Öræfa og Ketils hængs á Rangárvöllum. Stóru landnámin voru miklu stærri en svo að tók væru á að nytja þau frá einu búi og er ætlað að þeim hafi fljótlega verið skipt m.a. meðal frændfólks og nánustu vina landnámsmanna. Talið er ólíklegt að þeir sem hafi numið land á stóru svæði hafi ekki snemma áttað sig á að landeign gat orðið drjúgur tekjustofn og því er leitt líkum að því að leiguliðabúskapur hafi hafist strax á landnámsöld. Óljósar heimildir eru um byggð á bæjum á Landnámsöld en talið er að í lok hennar um 930 hafi byggð verið fremur strjál en að bæjum hafi síðan farið fjölgandi með vaxandi fólksfjölda.¹

Þjóðveldisöld - kirkjan eflist

Framan af á Þjóðveldisöld² er talið að sjálfseignarbændur, þeir sem bjuggu á eigin jörðum, hafi verið í meirihluta bænda. En það átti eftir að breytast. Í kjölfar kristnitökunnar árið 1000 eflist kirkjan mjög að völdum. Kirkjubændur fengu hlut af tekjum kirkjunnar þ.e. helming tíundar eftir 1097 og gátu orðið mjög áhrifamiklir í krafti auðs síns. Kirkjur eignuðust jarðir með ýmsum hætti en þó aðallega að gjöf.³ Við lok Þjóðveldisaldar er kirkjan einn helsti

¹ Saga Íslands I. (1974). Bls. 160-164.

² Skilgreining: Þjóðveldisöld er tímabilið nefnt sem nær frá stofnun Alþingis árið 930 til undirritunar Gamla sáttmála árið 1262 er Íslendingar gengu Noregskonungi á hönd.

³ Saga Íslands II. (1974). Bls. 23.

jarðeigandi landsins og skiptust eignir hennar milli biskupsstólanna í Skálholti og á Hólum, klaustra og kirkjustaða. Samhliða þessari þróun jarðeignaskiptingar urðu breytingar á völdum í landinu. Ríkustu kirkjustaðirnir urðu jafnframt aðsetur völdugustu höfðingjanna.⁴ Upp var komin stétt stóreignamanna sem réð yfir sífjölgaðum leiguliðum. Þegar kemur fram á miðja 13. öld er talið að meirihluti íslenskra bænda sé orðinn að leiguliðum.⁵

Konungsjarðir

Á síðmiðöldum líkt og á hámiðöldum hélt jörðum í einkaeign (bændajörðum) áfram að fækka því stofnanir kirkjunnar náðu þeim undir sig í sívaxandi mæli. Á 15.-16. öld fram að siðaskiptum jukust einkum eignir biskupsstólanna mjög. Miklar breytingar urðu á þessum málum við siðaskiptin en þá tók konungur undir sig allar klaustureignir og nokkuð af jörðum í einkaeign og stöðvaðist þá auðsöfnun kirkjunnar.⁶

Í bók Björns Teitssonar *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu* (1973) segir frá því að talið sé að árið 1695 hafi um 52% jarðarhundraða á öllu landinu verið í einkaeign, um 32% í eigu stofnana kirkjunnar og um 16% í eigu konungs.⁷ Ennfremur að um aldamótin 1700 megi hafa fyrir satt að um 95% íslenskra ábúenda hafi verið venjulegir leiguliðar.⁸

Leiguliðakerfið brotnar upp

Á 18. öld og þá einkum undir lok hennar verða breytingar sem raska veldi höfðingja og embættismanna og ýta um leið undir aukna sjálfsábúð. Eitt af því sem ýtti undir aukna sjálfsábúð hérlandis var viðhorf dönsku stjórnarinnar. Árið 1785 var gefinn út konungsráttur um sölu stólsjarða á Íslandi sem lauk árið 1805 en stjórnin mun hafa talið að jarðeignir biskupsstólanna stæðu einna helst í vegi fyrir sjálfsábúð.⁹ Nokkru síðar eða árið 1797 var gefið út konungsbréf um að tilskipun um forkaupsrétt leiguliða skyldi ná til Íslands. Á þessum tíma var einnig farið að huga að sölu konungsjarða á Íslandi eða þjóðjarða eins og þær voru síðar nefndar. Nokkur sala var á konungsjörðum á fjórða áratug 19. aldar.¹⁰ Fleiri breytingar voru gerðar sem stuðluðu að aukinni sjálfsábúð. Erfðaákvæði Jónsbókar sem giltu

⁴ Saga Íslands II. (1974). Bls. 90.

⁵ Saga Íslands III. (1974). Bls. 19.

⁶ Björn Teitsson. (1973). Bls. 119.

⁷ Björn Teitsson. (1973). Bls. 130. Hér vísar Björn í nafna sinn Björn Lárusson: The Old Icelandic Land Register. Lund 1967. Valuation and Distribution of Landed Property in Iceland. Economy and History, Vol. IV. Lund 1961, 34-64.

⁸ Björn Teitsson. (1973). Bls. 144.

⁹ Björn Teitsson. (1973). Bls. 98-99.

¹⁰ Björn Teitsson. (1973). Bls. 146-147.

fram á miðja 19. öld gerðu sonum eða syni auðvelt að halda meirihluta erfðagóssins þar sem sonur erfði tvo hluta á móti hverjum einum er dóttir hlaut.¹¹ Árið 1851 var gefin út tilskipun þar sem m.a. var kveðið á um að karlar og konur tækju jafna hluti við erfðir. Skipting jarðeigna með þessum hætti á fleiri hendur einkaaðila hefur e.t.v. stuðlað að vaxandi sjálfsábúð.¹² Á seinni hluta 19. aldar ríkti um skeið kyrrstaða og sjálfsábúð jókst ekki neitt.¹³

Sjálfsábúð eykst verulega

Skömmu fyrir og um aldamótin 1900 fór af stað mikil jarðasala sem leiddi til verulegrar aukningar á sjálfsábúð bænda. Lög um sölu þjóð- og kirkjujarða sem samþykkt voru árin 1905 og 1907 ollu mjög miklum breytingum á eignarhaldi. Rétt er að geta þess að með lögunum um sölu þjóðjarða frá árinu 1905 var afnumið konungsbréfið frá 1797 en leiguliði hélt forkaupsrétti sínum en næst á eftir skyldi sveitarfélagið fá kauprétt. Söluskilmálar voru bændum tiltölulega hagkvæmir og einnig var efnahagur bænda að breytast mjög til batnaðar um þessar mundir.¹⁴ Þjóð- og kirkjujarðasalan var að mestu um garð gengin rétt fyrir lok þriðja áratugar 20. aldar.

Björn Teitsson (1973) vísar í ritgerð Arnórs Sigurjónssonar *Þættir úr íslenskri búnaðarsögu* um stöðu eignarhalds á jörðum árið 1930.

*Talið hefur verið að árið 1930 hafi jarðir utan kaupstaða á öllu landinu verið 6268, þar af þó 493 í eyði. Byggðar jarðir voru þá 5775, þar af 4937 í einkaeign en kirkjujarðir (-kristfjárjarðir) 462, þjóðjarðir 175 og jarðir í eigu hreppa, sýslna, kaupstaða og stofnana 201. Af jörðum í einkaeign á öllu landinu voru þá 2938 í sjálfsábúð að meira en hálfu og 438 að hálfu eða minna, þ.e. alls 3376 jarðir. Má ætla að flestar þær jarðir, sem voru í sjálfsábúð að hálfu eða minna, hafi að öðru leyti verið í eigu foreldra, systkina og annarra náinna skyldmenna ábúandans.*¹⁵

Samkvæmt þessum tölum hefur, árið 1930, um 58,5% allra byggðra jarða verið í sjálfsábúð sem er mikil breyting frá aldamótunum 1700 þegar aðeins um 5% jarða voru í sjálfsábúð. Um 1700 var tæpur helmingur jarða í eigu konungs og kirkju en árið 1930 nema þjóð- og

¹¹ Björn Teitsson. (1973). Bls.118-119.

¹² Björn Teitsson. (1973). Bls. 120.

¹³ Björn Teitsson. (1973). Bls. 146-147.

¹⁴ Björn Teitsson. (1973). Bls. 147-149.

¹⁵ Björn Teitsson. (1973). Bls. 150.

kirkjujarðir um 10% af öllum jörðum í landinu. Það er ljóst að frá miðöldum og fram á 20. öld hafa orðið miklar breytingar á eignarhaldi jarða í landinu. Það sem ekki hefur komið fram en vafalaust haft mikil áhrif á eignarhald á hverjum tíma, auk þess sem að framan greinir, eru ýmskonar náttúruhamfarir, veðurfar og faraldrar. Fyrr á öldum var þjóðin fremur en nú óvarin fyrir náttúruhamförum og má þar nefna Skaftárelda og Móðuharðindin í kjölfarið. Harðindatímabil gátu valdið mannfalli og eyðingu byggðar. Faraldrar eins og Svarti dauði og Stórabóla hjuggu stór skörð í byggðir landsins. Ennfremur má nefna að sjúkdómar í búfé, einkum sauðfé höfðu mun meiri áhrif á afkomu fólks á tímum þegar landbúnaður var nánast eina viðurværi landsmanna.

Á 20. öld einkenndist eignarhald jarða hérlandis af því að bændur áttu landið og nytjuðu það til landbúnaðar. Samhliða breyttum atvinnu- og búsetuháttum fækkaði störfum til sveita. Tækninýjungar gerðu að verkum að ekki þurfti eins mikið vinnuafl og áður og fólk fluttist í þéttbýlið og fékk vinnu þar.

Virði lands hækkar mjög um aldamótin 2000

Á allra síðustu árum hefur eftirspurn eftir landi aukist meðal íbúa úr þéttbýli. Margir eiga orðið tvo dvalarstaði eða tvö heimili, annað í þéttbýli og hitt til sveita (tvöföld búseta). Aukin áhersla fólks á lífsgæði sem eru vandfundnari í stórborgum kann að valda einhverju hér um. Hreint loft, kyrrð og minna stress eru dæmi um slík lífsgæði. Aukin eftirspurn eftir landi, sem í reynd er takmörkuð auðlind, hefur leitt til að landverð hefur hækkað mjög. Samkvæmt upplýsingum frá Magnúsi Leópoldssyni fasteignasala hefur eftirspurn eftir landi aukist mjög frá árinu 2001. Eftirspurn eftir landi og hækkun landverðs hefur verið mest á Suður- og Vesturlandi og virðist nálægðin við höfuðborgarsvæðið hafa nokkur áhrif þar á. Samskonar eftirspurnaráhrif má greina í nágrenni Akureyrar en í miklu minna mæli.¹⁶

Bændasamtökin hafa í kjölfarið á mikilli umræðu um viðskipti með jarðir ákveðið að hrinda af stað sérstakri rannsókn á áhrifum breytinga á eignarhaldi jarða á samfélög til sveita. Unnið hefur verið að undirbúningi og framkvæmd þeirrar rannsóknar á vegum Rannsóknamiðstöðvarinnar á Bifröst.


¹⁶ Magnús Leópoldsson fasteignasali. (símtal 23. ágúst 2007).

5 Umfang breytinga á eignarhaldi jarða

Miklar breytingar virðast hafa átt sér stað á eignarhaldi lands í dreifbýli síðustu árin og verðmæti jarða hefur í kjölfarið aukist mikið, sérstaklega á Suðurlandi og Vesturlandi að talið er. Í rannsókninni var leitað eftir skoðun þátttakenda á hversu miklar eða litlar breytingar þeir teldu að hefðu orðið í þeirra sveitarfélagi síðustu 10 árin.

Breytingar á eignarhaldi

Rúmur helmingur (57%) svarenda telur að mjög eða frekar miklar breytingar hafi orðið á eignarhaldi jarða í þeirra sveitarfélagi (sjá mynd 2).




Mynd 2 Hversu miklar eða litlar breytingar hafa að þínu mati orðið á eignarhaldi jarða í þínu sveitarfélagi síðustu 10 árin? N=463

Að sama skapi telja 40% svarenda að frekar eða mjög litlar breytingar hafi orðið á eignarhaldi. Aðeins 1% svarenda er á því að engar breytingar hafi orðið á eignarhaldi jarða síðustu 10 árin. Samkvæmt þessu upplifa svarendur mismiklar breytingar í sínu nánasta umhverfi og styður það þá skoðun að breytingar á eignarhaldi jarða síðustu árin hafi verið mismiklar eftir einstökum svæðum og jafnvel landshlutum.

Nánari greining:

Almennt er talið að breytingar á eignarhaldi jarða síðustu árin hafi verið mestar á Suðurlandi og Vesturlandi. Eins og komið hefur fram var landinu skipt í tvö búsetusvæði, suðursvæðið (Vesturland og Suðurland að meðtöldu öllu höfuðborgarsvæðinu) og norðursvæðið (Vestfirðir, Norðurland vestra og eystra og Austurland). Afstaða til hversu miklar eða litlar breytingar hefðu orðið var greind eftir búsetu (sjá mynd 3).



Mynd 3 Hversu miklar eða litlar breytingar hafa að þínu mati orðið á eignarhaldi jarða í þínu sveitarfélagi síðustu 10 árin? Greint eftir búsetu.¹⁷

Töluverður munur kemur fram á mati svarenda eftir búsetu. Meirihluti svarenda af suðursvæðinu (70%) telur að mjög eða frekar miklar breytingar á eignarhaldi jarða hafi orðið í þeirra sveitarfélagi síðustu árin á meðan helmingur svarenda af norðursvæðinu (50%) telur svo vera. Mismunur á afstöðu svarenda hér er í samræmi við þá skoðun að breytingar á eignarhaldi jarða hafi verið meiri á Suðurlandi og Vesturlandi heldur en í öðrum landshlutum hin síðustu ár.

5.1 Samantekt

Maður hefur séð þetta, þessi lína, hún, fyrst lá hún áður en Hvalfjarðargöngin komu, þá lá hún svona um Hvalfjörðinn og svona ekki langt austur fyrir Selfoss. Svo þegar Hvalfjarðargöngin komu, þá teygði hún sig alveg upp að Bifröst, þú getur séð það hvað er mikil uppbygging þar á sumarbústöðum og slegist um hverja jörð...

Í kaflanum á undan hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum úr þeim hluta rannsóknarinnar er sneri að umfangi breytinga á eignarhaldi jarða. Hér á eftir verða niðurstöðurnar dregnar saman og dýpri skýringa leitað á viðhorfum úr rannsókninni. Þar er einkum stuðst við gögn úr viðtölum við þá viðmælendur sem leitað var til samhliða spurningakönnuninni.

Þátttakendur í könnuninni upplifa mismiklar breytingar á eignarhaldi jarða. Meira en helmingur (57%) svarenda telur að mjög eða frekar miklar breytingar hafi orðið á eignarhaldi jarða í þeirra sveitarfélagi. Töluverður munur kemur fram á upplifun svarenda eftir svæðum. Meirihluti svarenda af suðursvæðinu (70%) telur að mjög eða frekar miklar breytingar á

¹⁷ *** $\chi^2(1)18,78$ $p<0,001$

eignarhaldi jarða hafi orðið í þeirra sveitarfélagi síðustu árin á meðan helmingur svarenda af norðursvæðinu (50%) telur svo vera. Mismunur á afstöðu svarenda hér er í samræmi við þá skoðun að breytingar á eignarhaldi jarða hafi verið meiri á Suðurlandi og Vesturlandi heldur en í öðrum landshlutum hin síðustu ár.

Upplifun viðmælenda, sem tekin voru viðtöl við, var á sama veg. Viðmælendur töldu að breytingar á eignarhaldi hefðu orðið meiri á suðursvæðinu en norðursvæðinu. Nálægðin við höfuðborgarsvæðið hefði mikil áhrif á eftirspurn eftir landi og jarðaverð hefði hækkað mun meira í nágrenni þess en á norðursvæðinu. Fólk úr þéttbýli vildi gjarnan komast út í sveit til að njóta kyrrðar og næðis. Mikil eftirspurn væri búin að vera eftir landi undir frístundabyggð og margir nefndu að eftirspurn fólks sem stundaði hestamennsku væri mikil.

Viðmælendur voru sammála um að breytingar á eignarhaldi síðustu ár hefðu verið meiri á suðursvæðinu en norðursvæðinu:

Einn viðmælandi orðaði reynslu sína þannig:

Þessi áhrif, þau eru væntanlega meiri þar (Suðurlandi) en hér, af því að það er náttúrulega nálægðin, þar eru menn að kaupa jarðir til að fá beit fyrir hrossin sín og hitt og þetta. Það er þannig að sérstaklega sauðfjárræktin, hún hefur verið að hopa mjög, þarna á þessum svæðum og farið meira út á jaðrana og það er væntanlega útaf þessu að menn geta losað sig við jarðirnar fyrir góðan pening.

Annar viðmælandi af Suðurlandi lýsti því svo:

Við erum búin að sjá um það bil tvöföldun á jarðaverði árlega núna bara til þó nokkurra ára, jarðirnar eru einfaldlega orðnar alltof verðmætar til að búrekstur standi undir verðmæti jarðarinnar. Það er auðvitað neikvætt að einhverju marki en þá held ég bara að búreksturinn flytjist þar sem jarðaverðið ...það verður auðvitað alltaf þessi radíus frá Reykjavík sem að...það lækkar eftir því sem þú ferð lengra.

Eða eins og einn viðmælandi af Norðurlandi komst að orði: „Við erum á allt öðrum „level“ en fyrir sunnan.“

Viðmælendur töldu að eftirspurn fólks eftir landi út í sveit væri mikið til komin vegna þeirra lífsgæða sem þar finnast:

Einn viðmælandi taldi að margir af þeim sem hefðu efnast vel vildu gjarnan kaupa jarðir: “Og ég held að þetta sé uppá það að hafa afdrep til að komast úr brjálæðinu þarna í Reykjavík og út í sveit og geta verið í ró og næði.”


Annar viðmælandi var á sömu skoðun: „Að geta haft aðgang að landi, það er náttúrulega eitthvað sem er ...finnst mér fast í þéttbýlisbúanum að vilja fara út á land og njóta landsbyggðarinnar og hlusta á lækinn þú skilur...”

6 Áhrif breytinga á eignarhaldi jarða á samfélög til sveita

Í rannsókninni var lögð áhersla á að afla upplýsinga um hvort og þá hverskonar áhrif breytingar á eignarhaldi jarða hefðu haft á samfélög til sveita. Í þeim tilgangi voru þátttakendur spurðir hvort þeir teldu að breytingar á eignarhaldi jarða síðastliðin 10 ár hefðu haft áhrif á búsetu í sveitum. Þeir sem svöruðu þeirri spurningu játandi voru spurðir hvernig áhrif þeir teldu helst að breytingar á eignarhaldi jarða hefðu haft. Einnig var leitað eftir afstöðu þeirra til ákveðinna þátta sem m.a. almennt er talið að skipti máli fyrir byggðaðróun í landinu.

Hafa breytingar á eignarhaldi jarða haft áhrif á samfélög til sveita?

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir hvort þeir teldu að breytingar á eignarhaldi jarða síðastliðin 10 ár hefðu haft áhrif á búsetu í sveitum (sjá mynd 4).



Mynd 4 Telur þú að breytingar á eignarhaldi jarða síðastliðin 10 ár hafi haft áhrif á búsetu í sveitum? N=455


Meirihluti svarenda (72%) telur að breytingar á eignarhaldi jarða síðastliðin 10 ár hafi haft áhrif á búsetu í sveitum. Rúm 12% telur svo ekki vera á meðan 16% telur sig ekki geta lagt mat á það.

Þátttakendur í könnuninni sem töldu að breytingar á eignarhaldi jarða hefðu haft áhrif á búsetu í sveitum voru spurðir sérstaklega að því hvernig áhrif þeir teldu það helst vera. Spurningin var opin og margir svarendur nefndu fleiri en einn áhrifaþátt. Áhrifaþættirnir voru flokkaðir í nokkur þemu. Þemunum var síðan skipt upp í félagsleg og efnahagsleg áhrif. Félagsleg eru skilgreind sem áhrif er tengjast fólksfjöldaþróun og þátttöku í félagslegu tilliti í samfélaginu. Efnahagsleg eru skilgreind sem áhrif er tengjast atvinnulífi, tekjum, verslun og þessháttar. Einnig voru þátttakendur spurðir beint um afstöðu til nokkurra valdra félagslegra-

og efnahagslegra þátta. Það ber þó að hafa í huga að þessi áhrif tengjast öll á einn eða annan hátt saman. Í næstu tveimur undirköflum verður fjallað um þessi áhrif, fyrst verður fjallað um félagsleg áhrif.

6.1 Félagsleg áhrif

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir með opinni spurningu hverskonar áhrif þeir teldu helst að breytingar á eignarhaldi jarða hefðu haft á búsetu í sveitum. Af þeim áhrifum sem flokkuð voru sem félagsleg var fólksfækkun sá áhrifaþáttur sem langflestir svarenda eða tæpur helmingur (49%) nefndi (sjá mynd 5).




Mynd 5 Helstu félagsleg áhrif. N=285

Næstflestir (13%) nefna minni fasta búsetu, 12% nefna að félagsleg staða hafi veikist, 12% að jarðir hafi farið í eyði og 11% nefna aukna frístundabúsetu. 7% nefna fólksfjölgun og 6% telja erfiðara að sinna þjónustu og var þá í flestum tilfellum verið að vísa beint til að erfiðara væri að halda úti opinberri þjónustu þegar fólki fækkaði.

Ef teknir eru saman þeir sem nefna breytt búsetuform, þ.e. aukin frístundabúseta og minni föst búseta, þá eru það 24% svarenda sem nefna breytingar á búsetuformi. Samantekið virðast sýnilegustu áhrifin því vera fólksfækkun og breytt búsetuform. Félagsleg staða veikist og erfiðara að sinna þjónustu eru skyld málefni og samanlagt eru 18% svarenda sem nefna þá þætti. Lágt hlutfall nefnir fólksfjölgun enda fólksfækkun á heildina litið. 12% nefna að jarðir fari í eyði en þó er ljóst að ákveðinn hluti jarða sem hefur skipt um eigendur er áfram í ábúð að hluta til þótt ekki sé um fasta búsetu að ræða.

Þátttaka í viðburðum

Svarendur voru spurðir um afstöðu til hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingu um að fólk sem dvelur á jörðum í frístundum sækti viðburði í sveitinni, s.s. skemmtanir/réttir (sjá mynd 6).




Mynd 6 Fólk sem dvelur á jörðum í frístundum sækir viðburði í sveitinni, s.s. skemmtanir/réttir. N=447

Rúmur helmingur svarenda (51%) er mjög eða frekar sammála því að fólk sem dvelur á jörðum í frístundum sæki viðburði í sveitinni s.s. skemmtanir eða réttir. Samkvæmt því virðist ákveðinn hluti þessa hóps taka virkan þátt í samfélaginu að þessu leyti.

Þátttaka í félagsstörfum

Í könnuninni var spurt um afstöðu til þátttöku fólks í samfélaginu sem dvelur á jörðum í frístundum (sjá mynd 7).




Mynd 7 Fólk sem dvelur á jörðum í frístundum tekur þátt í félagsstörfum í sveitinni. N=445

Meirihluti svarenda (61%) er mjög eða frekar ósammála því að fólk sem dvelur á jörðum í frístundum taki þátt í félagsstörfum í sveitinni. Athygli vekur afstaða þeirra sem telja svo vera en 25% er mjög eða frekar sammála því að fólk sem dvelur á jörðum í frístundum taki þátt í

félagsstörfum. Samkvæmt þessu telja svarendur að mun meira sé um þátttöku fólks sem dvelur á jörðum í frístundum í viðburðum heldur en í félagsstörfum af einhverju tagi. Það bendir til að áhrifin birtist frekar í að færri fólk verður til að sinna félagsstörfum sem halda þarf úti allt árið heldur en því að fólk sækir viðburði sem gjarnan eru haldnir á frídögum fólks.

Nánari greining:


Afstaða svarenda til þátttöku fólks í viðburðum var greind eftir atvinnu (sjá mynd 8).



Mynd 8 Fólk sem dvelur á jörðum í frístundum sækir viðburði í sveitinni, s.s. skemmtanir/réttir. Greint eftir atvinnu.

Svarendur sem stunda ferðapjónustu (72%) og hrossarækt (66%) telja frekar en aðrir að fólk sem dvelur á jörðum í frístundum sækir viðburði í sveitinni. Næst mest sammála þar á eftir í þessari röð eru þeir sem stunda sauðfjárrækt (59%), mjólkur- og nautakjötsframleiðslu (57%), aðra atvinnugrein (57%) og skógrækt (56%). Skoðanir eru skiptastar meðal svína-, alifugla-, loðdýra-, garðyrkju- og eða ylærktarbænda en þar telur helmingur (50%) að fólk sem dvelur á jörðum í frístundum sækir viðburði í sveitinni. Erfitt er að skýra mismunandi upplifun eftir atvinnugreinum en það kann að vera að þeir sem stunda ferðapjónustu og hrossarækt hafi aðra upplifun en þeir sem stunda aðrar búgreinar.

Afstaða til þátttöku fólks í félagsstörfum var greind eftir atvinnu svarenda (sjá mynd 9).




Mynd 9 Fólk sem dvelur á jörðum í frístundum tekur þátt í félagsstörfum í sveitinni. Greint eftir atvinnu.

Munur eftir atvinnu svarenda er ekki mikill og erfitt að draga miklar ályktanir þar sem margir stunda fleiri en eina búgrein eða aðra atvinnu. Það eru þó svarendur sem stunda skógrækt, (39%) hrossarækt (36%) eða ferðapjónustu (35%) sem telja helst að fólk sem dvelur í frístundum á jörðum sínum taki virkan þátt í félagsstörfum í sveitinni. Næst koma þeir sem stunda sauðfjárrækt (31%), mjólkur- og nautakjötsframleiðslu (27%) og aðra atvinnugrein (27%). Svarendur úr hópi svína-, alifugla-, loðdýra-, garðyrkju- og ylæktarbænda telja í miklum meirihluta (91%) að fólk sem dvelur á jörðum í frístundum taki ekki þátt í félagsstörfum í sveitinni.

6.2 Efnahagsleg áhrif

Hluti af þeim áhrifaþáttum sem svarendur nefndu, þegar spurt var um hvernig áhrif þeir teldu helst að breytingar á eignarhaldi hefðu haft, var flokkaður sem efnahagsleg áhrif (sjá mynd 10).




Mynd 10 Helstu efnahagslegu áhrif. N=285

Áhrif á landbúnað er sá þáttur sem flestir nefna (15%) og var í flestum tilfellum vísað jafnframt til fækkunar bænda. Álíka margir (14%) nefndu þætti sem tengdust því að erfiðara væri fyrir þá sem eftir væru að stunda landbúnað. Hér var algengt að nefnd væru atriði eins og erfiðara með samhjálp, girðingarmál, smalanir, göngur/fjallskil og nokkrir nefndu umferð um lönd. 9% nefndu að jarðaverð hefði hækkað, flestir tiltóku annað hvort að það væri jákvætt fyrir þá sem vilja hætta eða tengdu það við erfiðari nýliðun meðal bænda. Einn áhrifaþátturinn sem hluti svarenda nefndi var að fólk stundaði aðra atvinnu en landbúnað. Dæmi um viðhorf til þess var að finna í svörum þar sem bent var á að gott væri að fá athafnamenn, nýjar hugmyndir, þjónusta væri við frístundabyggð, framkvæmdir hefðu aukist, reiðhallir voru nefndar og að jarðir hefðu byggst upp. Þættir sem sjaldan voru nefndir voru flokkaðir í annað. Dæmi um önnur áhrif voru t.d. jákvæð þróun eða slæm áhrif án þess að það væri skýrt nánar, efnaðir einstaklingar kaupa margar jarðir, jarðir skipst upp, bændur leiguliðar, framsal framleiðsluréttar, sumarfólkið aðlagast ekki og menning sveitanna breytist.

Ef teknir eru þeir sem nefna áhrif á landbúnað, (fækkun bænda), erfiðara fyrir þá sem eftir eru og hækkan á jarðaverði þá eru það 38% sem nefna áhrif tengd með einum eða öðrum hætti landbúnaði sem er sú atvinnugrein sem langflestir svarendur stunda eða hafa stundað.

Fjölbreytni atvinnulífs

Þátttakendur voru einnig beðnir um afstöðu til nokkurra fullyrðinga sem flokkaðar eru hér sem efnahagslegir áhrifaþættir. Spurt var um hversu sammála eða ósammála þátttakendur væru fullyrðingu um að fjölbreytni atvinnulífs í sveitinni hefði aukist með breyttu eignarhaldi (sjá mynd 11).




Mynd 11 Fjölbreytni atvinnulífs í sveitinni hefur aukist með breyttu eignarhaldi. N=448

Meirihluti svarenda (54%) er mjög eða frekar ósammála því að fjölbreytni atvinnulífs hafi aukist með breyttu eignarhaldi. Það vekur athygli að 35% svarenda er mjög eða frekar sammála því að fjölbreytni atvinnulífs hafi aukist. Það fer að hluta til saman við niðurstöður úr opnu spurningunni þar sem hluti svarenda nefndi að fólk stundaði aðra atvinnu en landbúnað. Hafa ber í huga að hér er spurt beint en í opnu spurningunni er líklegra að það sem fólki komi fyrst í hug sé oftast nefnt.

Tvöföld búseta skapar störf

Þátttakendur voru spurðir sérstaklega um afstöðu til hvort að störfum hefði fjölgað í tengslum við þjónustu við tvöfalda búsetu (sjá mynd 12).




Mynd 12 Tvöföld búseta skapar störf í kringum þjónustu í sveitinni. N=441

Afstaða svarenda er nokkuð skipt en mun fleiri eða 47% eru mjög eða frekar sammála því að tvöföld búseta skapi störf í kringum þjónustu í sveitinni. Færri svarendur (34%) eru mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni. Nokkuð hátt hlutfall eða 20% veit ekki um skoðun sína.

Tekjumöguleikar

Þátttakendur voru einnig spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingu um að tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hefðu aukist með breyttu eignarhaldi á jörðum (sjá mynd 13).




Mynd 13 Tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hafa aukist með breyttu eignarhaldi á jörðum. N=445

Yfir helmingur svarenda (57%) er mjög eða frekar ósammála því að tekjumöguleikar hafi aukist. Meiri athygli vekur að 28% svarenda telur að tekjumöguleikar þeirra sem fyrir eru hafi aukist með breyttu eignarhaldi. 15% svarenda telur sig ekki getað svarað til um þessi áhrif.

Nærleggjandi verslun

Þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingu um að nærleggjandi verslun hefði styrkst (sjá mynd 14).



Mynd 14 Nærleggjandi verslun hefur styrkst. N=444


Rúmur helmingur (52%) svarenda er mjög eða frekar ósammála því að nærleggjandi verslun hafi styrkst. Eins og áður vekur þó athygli afstaða minnihlutans en 31% er mjög eða frekar

sammála því að verslun hafi styrkst. Það kann að vera, þrátt fyrir skoðun margra svarenda að breytingar á eignarhaldi hafi leitt til fólksfækkunar og minni fastrar búsetu, að menn líti svo á að sú umferð sem skapast vegna t.d. tvöfaldrar búsetu skipti máli og styrki nærliggjandi verslun.

Áhugavert er að bera saman afstöðu til ofangreindra fjögurra fullyrðinga. Það virðist sem störf í kringum þjónustu við tvöfalda búsetu komi skýrast fram sem áhrifaþáttur meðal svarenda en 47% eru mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu. Fjölbreytni atvinnulífs kemur næst skýrast fram en 35% eru á því að þau áhrif hafi komið fram. Heldur lægra hlutfall er á því að verslun hafi styrkst eða 31%. Athygli vekur síðan sá áhrifaþáttur sem fæstir eru sammála en það eru tekjumöguleikar. Þrátt fyrir aukinn fjölda starfa og aukna fjölbreytni þá er lægst hlutfall svarenda (28%) mjög eða frekar sammála því að tekjumöguleikar hafi aukist hjá þeim sem fyrir eru í sveitinni.

Nánari greining:

Afstaða til aukinnar fjölbreytni í atvinnulífi var greind eftir búsetu svarenda (sjá mynd 15).




Mynd 15 Fjölbreytni atvinnulífs í sveitinni hefur aukist með breyttu eignarhaldi. Greint eftir búsetu.¹⁸

Hærra hlutfall svarenda af suðursvæðinu (48%) er mjög eða frekar sammála því að fjölbreytni atvinnulífs hafi aukist með breyttu eignarhaldi, mun lægra hlutfall svarenda af norðursvæðinu (32%) er á þeirri skoðun.

¹⁸ $\chi^2(1)9,32 p<0,01$


Afstaða til hvort tekjumöguleikar hefðu aukist var greind eftir búsetu (sjá mynd 16).



Mynd 16 Tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hafa aukist með breyttu eignarhaldi á jörðum. Greint eftir búsetu.¹⁹

Hærra hlutfall svarenda af suðursvæðinu (38%) er mjög eða frekar sammála því að tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hafi aukist með breyttu eignarhaldi. 28% svarenda af norðursvæðinu er á þeirri skoðun.

Afstaða til hversu sammála eða ósammála svarendur væru því að nærliggjandi verslun hefði styrkst var greind eftir búsetu (sjá mynd 17).




Mynd 17 Nærliggjandi verslun hefur styrkst. Greint eftir búsetu.²⁰

¹⁹ + $\chi^2(1)4,30$ $p<0,1$

²⁰ + $\chi^2(1)4,63$ $p<0,1$

Hærra hlutfall svarenda af suðursvæðinu (44%) er mjög eða frekar sammála því að nærliggjandi verslun hafi styrkst. 33% svarenda af norðursvæðinu er á þeirri skoðun.


Afstaða til aukinnar fjölbreytni í atvinnulífi var greind eftir atvinnu (sjá mynd 18).



Mynd 18 Fjölbreytni atvinnulífs í sveitinni hefur aukist með breyttu eignarhaldi. Greint eftir atvinnu.

Svo virðist sem þeir sem stunda skógrækt (50%), ferðapjónustu (45%) og hrossarækt (45%) séu frekar á þeirri skoðun en aðrir að fjölbreytni hafi aukist í atvinnulífinu. Næst mest sammála þar á eftir koma svarendur sem stunda aðra atvinnugrein (43%) og mjólkur- og nautakjötsframleiðslu (41%). Svarendur sem stunda sauðfjárrækt (34%) og svína-, alifugla-, loðdýrarækt, garðyrkju eða ylærkt (30%) eru minnst sammála því að fjölbreytni atvinnulífs hafi aukist. Mismunandi afstaða kann að mótask af hvort áhrifin hafi með beinum hætti komið við svarendur. Það getur verið að það sé misjafnt milli búgreina í hvaða mæli svarendur taki að sér ný störf sem skapast við breytingar í umhverfinu.


Afstaða til hversu sammála eða ósammála svarendur væru því að tvöföld búseta skapaði störf í kringum þjónustu var greind eftir atvinnu (sjá mynd 19).



Mynd 19 Tvöföld búseta skapar störf í kringum þjónustu í sveitinni. Greint eftir atvinnu.

Svarendur úr hópi þeirra sem stunda skógrækt (68%), ferðapjónustu (59%), aðrar atvinnugreinar en landbúnað (59%) og hrossarækt (58%) eru í aðeins meira mæli mjög eða frekar sammála því að tvöföld búseta skapi störf í kringum þjónustu. Þannig eru 55% mjólkur- og nautakjötsframleiðenda mjög eða frekar sammála því að tvöföld búseta skapi störf í kringum þjónustu í sveitinni, 52% sauðfjárbænda og 46% þeirra sem stunda svína-, alifugla-, loðdýrarækt, garðyrkju eða ylækt. Það kann að vera að svarendur úr hópi þeirra sem stunda aðra atvinnu en landbúnað, ferðapjónustu eða hrossarækt selji í meira mæli en aðrir þjónustu til þeirra sem koma nýir inn í samfélagið og taki þannig að sér frekar störf utan bús.

Afstaða til aukinna tekjumöguleika var greind eftir atvinnu svarenda (sjá mynd 20).




Mynd 20 Tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hafa aukist með breyttu eignarhaldi á jörðum. Greint eftir atvinnu.

Svarendur úr hópi þeirra sem stunda skógrækt (49%) og hrossarækt (47%) eru helst á því að tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru hafi aukist með breyttu eignarhaldi. Þá koma svarendur sem stunda aðra atvinnugrein (36%), ferðaþjónustu (34%), svína-, alifugla-, loðdýrarækt, garðyrkju og eða ylrækt (33%). Minnst sammála auknum tekjumöguleikum eru svarendur úr hópi sauðfjárbænda (27%) og mjólkur- og nautakjötsframleiðenda (28%).

Erfitt er að skýra þennan mun á afstöðu. Nokkur munur virðist vera á afstöðu svarenda eftir því hvaða búgrein eða atvinnu þeir stunda. Eins og komið hefur verið inn á er líklegt að svarendur horfi út frá sjálfum sér og misjafnt sé eftir í hvaða búgrein menn eru hversu þeim nýtast auknir tekjumöguleikar, t.d. taki að sér önnur störf.


Afstaða svarenda til hversu sammála eða ósammála þeir væru því að nærliggjandi verslun hefði styrkst var greind eftir atvinnu (sjá mynd 21).



Mynd 21 Nærliggjandi verslun hefur styrkst. Greint eftir atvinnu.

Yfir helmingur svarenda sem stundar skógrækt (54%) er sammála því að nærliggjandi verslun hafi styrkst. 42% þeirra sem stunda hrossarækt eða svína-, alifugla-, loðdýrarækt, garðyrkju eða ylrækt er sammála því að verslun hafi styrkst og 39% þeirra sem stunda aðra atvinnugrein er sama sinnis. Svarendur úr hópi þeirra sem stunda ferðaþjónustu (30%), sauðfjárrækt (29%) og mjólkur- og nautakjötsframleiðslu (29%) eru minnst sammála því að nærliggjandi verslun hafi styrkst.


Afstaða greind eftir hversu lengi svarendur hefðu búið á jörðinni leiddi í ljós nokkurn mun (sjá mynd 22).



Mynd 22 Tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hafa aukist með breyttu eignarhaldi á jörðum. Greint eftir lengd ábúðar.²¹

Það eru svarendur með stysta ábúð eða skemri en 10 ár (51%) sem telja helst að tekjumöguleikar þeirra sem fyrir eru hafi aukist með breyttu eignarhaldi á jörðum. Heldur lægra hlutfall svarenda með lengri ábúð er á þessari skoðun. 29% svarenda sem búið hafa í 10-19 ár er sammála því að tekjumöguleikar hafi aukist og 33% þeirra sem búið hafa í 20 ár eða lengur.

Afstaða greind eftir hvenær svarendur keyptu síðast jörð/jarðir leiddi í ljós áþekka niðurstöðu (sjá mynd 23).




Mynd 23 Tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hafa aukist með breyttu eignarhaldi á jörðum. Greint eftir hvenær síðast keypt jörð/jarðir.²²

²¹ $\chi^2(2)5,95$ $p<0,05$

Svarendur sem styst er síðan keyptu jarðir eða á árunum 2000-2007 eru helst sammála því (50%) að tekjumöguleikar ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hafi aukist með breyttu eignarhaldi. 38% svarenda sem keyptu jarðir á árunum 1990-1999 er sammála því að tekjumöguleikar hafi aukist og 31% svarenda sem keyptu fyrir árið 1990.

Þannig eru þeir sem hafa búið skemur á jörðum sínum og eða keypt þær seinna frekar á þeirri skoðun að tekjumöguleikar hafi aukist með breyttu eignarhaldi.

Afstaða til hversu sammála eða ósammála svarendur væru því að nærliggjandi verslun hefði styrkst var greind eftir hvenær þeir keyptu síðast jörð/jarðir (sjá mynd 24).




Mynd 24 Nærliggjandi verslun hefur styrkst. Greint eftir hvenær síðast keypt jörð/jarðir.²³

Það eru svarendur úr hópi þeirra sem styst er síðan keyptu jarðir eða eftir árið 2000 sem eru helst sammála (50%) því að nærliggjandi verslun hafi styrkst. Svarendur úr hópi þeirra sem keyptu jörð/jarðir fyrir árið 2000 eru í mun minna mæli á þeirri skoðun. Þannig eru 31% þeirra sem keyptu jörð á árunum 1990-1999 því mjög eða frekar sammála að nærliggjandi verslun hafi styrkst og 36% þeirra sem keyptu jörð fyrir árið 1990.

Afstaða til aukinnar fjölbreytni í atvinnulífinu var greind eftir hversu miklar breytingar hefðu orðið í nágrenninu (sjá mynd 25).

²² $\chi^2(2)6,66 p<0,05$

²³ $\chi^2(2)5,40 p<0,05$




Mynd 25 Fjölbreytni atvinnulífs í sveitinni hefur aukist með breyttu eignarhaldi. Greint eftir hversu miklar eða litlar breytingar hafa orðið á eignarhaldi.²⁴

Svarendur sem koma af svæðum þar sem meiri breytingar hafa orðið á eignarhaldi telja frekar að fjölbreytni atvinnulífs hafi aukist. 15% svarenda sem telja að miklar breytingar hafi orðið eru mjög sammála því að fjölbreytni í atvinnulífi hafi aukist, aðeins lægra hlutfall svarenda (10%) sem telur að frekar miklar breytingar hafi orðið er mjög sammála því að fjölbreytni atvinnulífs hafi aukist. Þeir sem upplifa frekar litlar eða mjög litlar breytingar telja síst að fjölbreytni atvinnulífs hafi aukist, þar eru 7% mjög sammála. Þegar teknir eru saman þeir sem eru mjög eða frekar sammála því að fjölbreytni atvinnulífs hafi aukist þá eru það um 40% svarenda hvort sem upplifa mjög miklar, frekar miklar eða frekar litlar breytingar. Þeir sem upplifa mjög litlar breytingar skera sig úr og þar eru mun færri (24%) sem eru mjög eða frekar sammála því að fjölbreytni atvinnulífs hafi aukist.

Afstaða til hvort tvöföld búseta skapaði störf í kringum þjónustu var greind eftir hversu miklar breytingar hefðu orðið í nágrenninu (sjá mynd 26).

²⁴ $\chi^2(9)17,89$ $p<0,05$




Mynd 26 Tvöföld búseta skapar störf í kringum þjónustu í sveitinni. Greint eftir hversu miklar eða litlar breytingar hafa orðið á eignarhaldi.²⁵

Hér virðist sem svarendur af svæðum þar sem minni breytingar hafa orðið á eignarhaldi telji frekar að tvöföld búseta skapi störf í kringum þjónustu. Þegar teknir eru þeir sem eru mjög eða frekar sammála því að tvöföld búseta skapi störf þá eru það 70% svarenda úr hópi þeirra sem telja að mjög litlar breytingar hafi orðið á eignarhaldi. 61% þeirra sem upplifa frekar litlar breytingar eru á sama máli, 56% þeirra sem upplifa frekar miklar breytingar og 50% þeirra sem upplifa mjög miklar breytingar. Erfitt er að skýra þessa afstöðu og hún snýst að nokkru leyti við þegar aðeins er litið til þeirra sem eru mjög sammála. Það sem vekur athygli hér er að tvöföld búseta var jafnframt eini þátturinn af þeim fjórum sem spurt var um sérstaklega (hinir þrír eru fjölbreytni atvinnulífs, tekjumöguleikar og nærliggjandi verslun) þar sem ekki kom fram marktækur munur eftir búsetu. En eins og komið hefur fram upplifa svarendur af suðursvæðinu mun meiri breytingar á eignarhaldi en svarendur af norðursvæðinu. Í viðtölum við viðmælendur kom fram að hugsanlega væru áhrifin áþreifanlegri á svæðum fjær höfuðborgarsvæðinu. Því meiri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu því meira eru landeigendur háðir þjónustu heimamanna. Þeir sem eru með eignir rétt utan við höfuðborgarsvæðið geta frekar keypt þjónustu þar eða annað það sem þarf.

Afstaða til tekjumöguleika þeirra sem fyrir eru var greind eftir hversu miklar breytingar hefðu orðið í nágrenninu (sjá mynd 27).

²⁵ $\chi^2(9)16,53 p<0,1$



Mynd 27 Tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hafa aukist með breyttu eignarhaldi á jörðum. Greint eftir hversu miklar eða litlar breytingar hafa orðið á eignarhaldi.²⁶

Svarendur sem koma af svæðum þar sem meiri breytingar hafa orðið á eignarhaldi telja frekar að tekjumöguleikar ábúenda sem fyrir eru hafi aukist með breytingum á eignarhaldi á jörðum. Þegar aðeins er litið til þeirra sem eru mjög sammála þá er tengingin nokkuð skýr, þegar teknir eru saman þeir sem eru mjög eða frekar sammála því að tekjumöguleikar hafi aukist þá eru það 30% svarenda úr hópi þeirra sem upplifað hafa mjög miklar breytingar, 36% þeirra sem upplifað hafa frekar miklar breytingar og 38% þeirra sem hafa upplifað frekar litlar breytingar. Svarendur sem hafa upplifað mjög litlar breytingar eru síst á því að tekjumöguleikar þeirra sem fyrir eru hafi aukist.

6.3 Samantekt

„Yfirleitt er þetta fólk ekki með heilsársbúsetu sem ég held að við séum að tala um, við erum að tala um að menn séu að kaupa jarðir til frístundabyggðar eða undir frístundaiðkanir, þá er fólk yfirleitt ekki nema hluta úr árinu og að því leytinu er það neikvætt en auðvitað er betra samt að það sé þennan part úr árinu en að þar sé enginn. Þannig að ef maður setur dæmið þannig að hinn kosturinn væri sá að jörðin væri algerlega fallin úr ábúð og enginn sem nýtti hana þá er þetta auðvitað miklu betri kostur.“

Í kaflanum á undan hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum úr þeim hluta rannsóknarinnar er sneri að öflun upplýsinga um hvort og þá hverskonar áhrif breytingar á eignarhaldi jarða undanfarin ár hefðu haft á samfélög til sveita. Hér á eftir verða niðurstöðurnar dregnar saman og dýpri skýringa leitað á viðhorfum úr rannsókninni. Þar er einkum stuðst við gögn úr viðtölum við þá viðmælendur sem leitað var til samhliða spurningakönnuninni.

²⁶ $\chi^2(9)21,25 p<0,05$

Breytingarnar hafa haft áhrif

Meirihluti svarenda (72%) telur að breytingar á eignarhaldi jarða síðustu ár hafi haft áhrif á búsetu í sveitum. Áhrif breytinga á eignarhaldi jarða eru bæði félagsleg og efnahagsleg.

Flestir viðmælendur eru á því að breytingar á eignarhaldi jarða síðustu árin hafi haft meiri jákvæð áhrif í för með sér fyrir sveitirnar heldur en neikvæð. Bændum hafi farið fækkandi fyrir þann tíma sem eftirspurn þéttbýlisbúa eftir landi fór að aukast verulega. Þróunin hefði því verið á sama veg en kannski mun hægari ef aukin eftirspurn eftir landi hefði ekki komið til. Á móti kemur að ef aðrir en bændur hefðu ekki keypt landið þá væri enginn þar og og þær væru að auki verðlausar.

Einn viðmælandi sagði um þetta:

Menn tala annarsveggar um það að það sé nauðsynlegt að hagræða og stækka bú en neita að horfast í augu við það að það þýðir jafnframt að af þeim jörðum sem eru í ábúð, með alvöru búrekstur, þeim hlýtur að fækka að sama skapi. Þannig að þróunin hefði farið í sömu átt en bara hægar. En það gefur auga leið að maður sem bæði getur selt kvótann og líka veit að hann getur selt jörðina á einhverju brjálæðislegu verði, sem gildir nú aðallega á Suðvesturlandi, ég tala nú ekki um ef einhver von er á veiði. Það er miklu meiri hvati fyrir hann að hætta, heldur en fyrir mann sem getur bara selt kvótann, t.d. bændur hér norður áþeir fá ekki hátt verð fyrir sínar jarðir, þá er minni hvati fyrir hann að hætta en mann sem veit að hann getur fengið einbýlishús í Reykjavík fyrir sína jörð.

Annar viðmælandi taldi að þróunin hefði orðið neikvæðari ef fjárfestar hefðu ekki keypt upp jarðir vítt og breytt:

Þetta voru svona aðilar sem voru að gefast upp í búskap sem voru að selja. En vegna þess að þessi aðili var tilbúinn til að borga fullt af peningum fyrir jarðirnar þá kemur þetta fólk þannig út að það getur þó keypt sér íbúð þar sem það ætlar að setjast að. Ég held að í mörgum tilfellum að hún (byggða- og atvinnuþróunin) hefði verið með neikvæðari hætti því þá gátu menn staðið uppi með þessar jarðir í eyði.

Viðmælandi taldi að viðhorfið til breytinganna væri neikvæðara þegar komið væri lengra frá höfuðborgarsvæðinu. Það væri skiljanlegt þar sem fólk sem eignaðist jarðir lengra frá dveldi þar kannski sjaldnar og væri síður að halda úti rekstri á jörðunum, þær væru því sumar hálfpartin í eyði og þessvegna væri eðlilegt að spyrja hvað ef þetta hefði ekki gerst:

Eru einhverjar líkur á að það sé eitthvað frekar um að vera á jörðinni? Ég er ekkert sannfærður, í raun og veru er ég viss um það að það yrði ekki, vegna þess að við þurfum stöðugt minna land til að stunda þennan landbúnað sem við erum að stunda hérna, við erum að sjá mikla samþjöppun í öllum geirum...erum að þjappa þessu á miklu færri bændur og þá þurfum við ekki þetta land. ...ef að aðrir en bændur hefðu

ekki keypt þessar jarðir þá væri einfaldlega enginn þar og þær væru verðlausar og væri það eitthvað betra? “Afleiðingarnar (af breytingum á eignarhaldi) eru bara jákvæðar, það er bullandi rekstur í sumum tilfellum....

Eða eins og einn orðaði það: „Hin leiðin var ófær, hún var ekki raunhæf að það væri búseta á þessu með landbúnað og það sem því fylgdi inn í framtíðina.“

Félagsleg áhrif

Af félagslegum áhrifum var fólksfækkun sá áhrifapáttur sem langflestir svarenda eða tæpur helmingur (49%) nefndi. Fólksfækkun var í mörgum tilfellum tengd breyttu búsetuformi en næstflestir (24%) nefndu breytingar á búsetu, þ.e. annaðhvort minni fasta búsetu eða aukna frístundabúsetu. Félagslega staða veikist og erfiðara að sinna þjónustu eru skyld málefni og nátengd fólksfækkun og samanlagt eru 17% svarenda sem nefna þá þætti. Lág hlutfall (7%) nefnir að breytingar á eignarhaldi jarða hafi í för með sér fólksfjölgun. Áhrif til fólksfækkunnar virðast því mun sýnilegri. Þrátt fyrir að 12% nefni að jarðir fari í eyði er ljóst að ákveðinn hluti jarða sem hefur skipt um eigendur er áfram í ábúð að hluta til þótt ekki sé um fasta búsetu að ræða.

Í könnuninni var spurt beint um afstöðu til þátttöku fólks í samfélaginu

Rúmur helmingur svarenda (51%) er mjög eða frekar sammála því að fólk sem dvelur á jörðum í frístundum sækir viðburði í sveitinni s.s. skemmtanir eða réttir. Mun færri eða um ¼ hluti svarenda (25%) er mjög eða frekar sammála því að fólk sem dvelur á jörðum í frístundum taki þátt í félagsstörfum. Samkvæmt þessu telja svarendur að mun meira sé um þátttöku fólks sem dvelur á jörðum í frístundum í viðburðum heldur en í félagsstörfum af einhverju tagi. Það bendir til að áhrifin birtist frekar í að færri fólk verður til að sinna félagsstörfum sem halda þarf úti allt árið heldur en því að fólk sækir viðburði sem gjarnan eru haldnir á frídögum fólks. Viðmælendur töldu þetta vera hluti af breytingunum eða eins og einn orðaði það: „Þeir sem á annaðborð hafa einhverja búsetu taka þátt í viðburðum kannski ekki mikið í félagsstörfum.“

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar hafa ábúendur áhyggjur af félagslegri stöðu sveitanna. Tvöföld búseta er af hinu góða en kemur ekki í staðin fyrir fasta búsetu og er auk þess mismikil eftir svæðum. Ein leið til að styrkja byggð í sveitum landsins væri því að styrkja og stuðla að aukinni búsetu þeirra sem eiga tvö heimili, annað í borg og hitt í sveit.

Viðmælandi af norðursvæðinu taldi að fólksfækkun væri mönnum ofarlega í huga vegna þess að þeir sem kaupa jarðir í dag eru kannski ekki með fulla búsetu. „Það er ekki bara það að menn kaupi jarðir og komi svo aldrei, það eru sumir sem hafa komið og eru þá að framkvæma og hellingur af vinnu í gangi. Iðnaðarmenn að byggja.“

Einn viðmælandi benti á að tvöfald búseta væri jákvæð og að það væri mikilvægt að styrkja hana:

Það væri kannski í fyrsta lagi það sem maður sér hérna í grennd að fólk sem að hefur keypt jarðir rekur atvinnustarfsemi í bænum, jafnvel fyrirtæki, það praktískt séð getur ekki farið í þessa tvöföldu búsetu eða flutt sig alveg yfir vegna netsambandsleysis. Bara vantar hraðara internet til þess að í raun og veru geta unnið hér og það er eitthvað sem myndi styrkja samfélagið gríðarlega, að hafa betra netsamband. Þá kemur þetta fólk, jafnvel með sitt lögheimili, borgar sína skatta og skyldur og eflir samfélagið með því að koma hérna með fjölskyldu sína.

Nánari greining

Nokkur munur kemur fram á afstöðu svarenda eftir atvinnu. Það virðist sem svarendur sem stunda hrossarækt og ferðapjónustu upplifi jákvæðust áhrif bæði hvað varðar þátttöku fólks í viðburðum og félagsstörfum. Þá koma þeir sem stunda sauðfjárrækt, mjólkur- og nautakjötsframleiðslu, aðra atvinnugrein og skógrækt. Þeir sem stunda skógrækt telja þó í meira mæli en aðrir að fólk taki þátt í félagsstörfum en munur á afstöðu milli greina var lítill í því tilfelli og mun minni en hvað varðar þátttöku fólks í viðburðum. Skoðanir eru skiptastar meðal svína-, alifugla-, loðdýra-, garðyrkju- og eða ylræktarbænda á báðum tilvikum.

Efnahagsleg áhrif

Af efnahagslegum áhrifum eru áhrif á landbúnað sá þáttur sem flestir nefna (15%) og var í flestum tilfellum vísað jafnframt til fækkunar bænda. Álíka margir (14%) nefndu þætti sem tengdust því að erfiðara væri fyrir þá sem eftir væru að stunda landbúnað. Hér var algengt að nefnd væru atriði eins og erfiðara með samhjálp, girðingarmál, smalanir, göngur/fjallskil og nokkrir nefndu umferð um lönd. 9,% nefndu að jarðaverð hefði hækkað, flestir tiltóku annað hvort að það væri jákvætt fyrir þá sem vilja hætta eða tengdu það við erfiðari nýliðun meðal bænda. Ef teknir eru saman þeir sem nefna áhrif á landbúnað, (fækkun bænda), erfiðara fyrir þá sem eftir eru og hækkun á jarðaverði þá eru það 38% sem nefna áhrif tengd með einum eða öðrum hætti landbúnaði sem er sú atvinnugrein sem langflestir svarendur stunda.

Einn áhrifaþátturinn sem hluti svarenda nefndi (7%) var að fólk stundaði aðra atvinnu en landbúnað. Dæmi um viðhorf til þess var að finna í svörum þar sem bent var á að gott væri að fá athafnamenn, nýjar hugmyndir, þjónusta væri við frístundabyggð, framkvæmdir hefðu aukist, reiðhallir voru nefndar og að jarðir hefðu byggst upp. Þættir sem sjaldan voru nefndir voru flokkaðir í annað (8%). Dæmi um önnur áhrif voru t.d. jákvæð þróun eða slæm áhrif án þess að það væri skýrt nánar, efnaðir einstaklingar kaupa margar jarðir, jarðir skipst upp, bændur leiguliðar, framsal framleiðsluréttar, sumarfólkið aðlagast ekki og menning sveitanna breytist.

Í könnuninni var spurt beint um afstöðu til nokkurra valdra efnahagslegra þátta.

Hæst hlutfall svarenda er mjög eða frekar sammála því (47%) að tvöföld búseta skapi störf í kringum þjónustu í sveitinni. 35% svarenda er mjög eða frekar sammála því að fjölbreytni atvinnulífs hafi aukist. 31% svarenda er mjög eða frekar sammála því að verslun hafi styrkst. Lægst hlutfall svarenda (28%) telur að tekjumöguleikar þeirra sem fyrir eru hafi aukist með breyttu eignarhaldi. Hafa ber í huga að í öllum tilfellum er um skoðun minnihluta svarenda að ræða og meirihluti svarenda er því ekki að upplifa ofangreind áhrif af breytingum á eignarhaldi jarða.

Samkvæmt niðurstöðum opnu spurningarinnar í spurningakönnuninni eru áhrif á landbúnað mönnum ofarlega í huga. Að mati margra virðist sem breytingar á eignarhaldi jarða hafi frekar neikvæð áhrif á þá sem stunda landbúnað en þó er það ekki algilt. Þegar spurt er beint kemur í ljós að ákveðinn hluti svarenda upplifir jákvæð efnahagsleg áhrif í ýmsu tilliti. Flestir viðmælenda sem tekin voru viðtöl við voru á því að áhrif breytinga á eignarhaldi væru bæði jákvæð og neikvæð. Það væri jákvætt fyrir sveitirnar þegar fólk keypti jarðir til að byggja upp á þeim og framkvæma. Á sama hátt væri neikvætt ef jarðir væru keyptar en hvorki búið né byggt upp á þeim. Jákvætt væri fyrir bændur að geta fengið greitt fyrir jörðina þegar þeir hættu búskap. Hinsvegar hafa menn um leið áhyggjur af að hátt verð á jörðum geri nýliðun erfiðari í bændastéttinni.

Einn viðmælandi lýsti efnahagslegum áhrifum þannig: „Það sem er jákvætt við þetta er það að náttúrulega margir af þessum aðilum sem hafa verið að kaupa jarðir eru í framkvæmdum og skapa hellings atvinnu, bæði fyrir heimamenn og fleiri hérna á svæðinu og það er jákvætt.“

Viðmælandi sem taldi efnahagsleg áhrif bæði jákvæð og neikvæð benti á að búin hefðu stækkað mjög mikið og þegar fækkaði störfum í landbúnaði kæmi á eftir að jarðir færu úr ábúð:

Og að því leytinu er það auðvitað kostur að það kemur einhver og kaupir og menn geta farið með sæmilegri reisn frá þessu oft og tíðum. Og haft einhverja peninga en ókosturinn er hinsvegar sá og á eftir að koma fram að hefðbundinn landbúnaður keppir ekki við þetta jarðaverð, þetta verð sem er á jörðum núna, að sauðfjárrækt og nautgriparrækt það getur ekki staðið undir því að greiða það. Það er algerlega útilokað þannig að maður svona eftir tíu, fimmtán ár, þá er maður svolítið uggandi hvað gæti gerst þá en það er auðvitað bara eins og með allar breytingar, þetta kemur bara í ljós og yfirleitt spilast úr þessu á fremur jákvæðan hátt, finnst manni.

Einn viðmælandi orðaði skoðun sína þannig:

Ég hef alltaf litið á þetta sem bæði jákvætt og neikvætt, ...stærsta neikvæða hliðin eigi eftir að koma fram þegar fara að verða aðilaskipti í meira mæli á bújörðum. Að þá allavega ef að menn vilja ekki selja þær þannig að þær séu í hefðbundnum búskap og þá kannski á einhverju undirverði að þá verða fjölmargar jarðir sem landbúnaðurinn keppir ekkert við. Ég held að það eigi eftir að koma fram í meira mæli. Jákvæða hliðin er þá sú að menn geti þá farið frá búum sínum með einhverja seðla frá þessu, sem var, hvað eigum við að segja ekki nema áratugur, varla það, þá voru þessar jarðir hreinlega verðlausar, þetta var að seljast á kannski eins og blokkaribúð í bænum heilu jarðirnar.

Nokkrir viðmælendur voru á þeirri skoðun að áhrifin væru að mestu jákvæð:

Ég tel að það sé ótvírætt jákvæð áhrif sem þetta breytta eignarhald hefur haft, því að fólk sem hefur búið við misjöfn kjör í landbúnaði kemst frá eignum sínum þannig að það þarf ekki að standa uppi með tvær hendur tómar. En síðan er auðvitað misjafnt hvernig þessi sala fer fram." Hann tekur dæmi af einstakling sem hefur keypt margar jarðir en haft það sjónarmið að bændur búi áfram á jörðunum þar sem þeir óska eftir því og eru fánlegir til þess. Hvað svo sem verður þegar þessi maður fellur frá og erfingjar taka við. En þetta hefur ekki lagt jarðirnar beint í eyði þessi uppkaup. ...eini neikvæði þátturinn sem ég sé við þetta háa jarðaverð, er að það er svo erfitt fyrir ungt fólk að taka við af foreldrum sínum þar sem eru kannski mörg systkini og eitt þeirra ætlar ásamt sinni fjölskyldu að taka við búrekstrinum, þá er komin svo hörð krafa frá hinum systkinunum að fá sinn hlut úr arfleifðinni.

Einn viðmælandi taldi að það hvort áhrifin væru jákvæð eða neikvæð færi aðallega eftir hverskonar fólk væri að kaupa jarðir:

Hérna það sem maður hefur séð í kringum mig, það er bara allt til í því. Fólk kemur hérna og kaupir jörð, ætlar bara að setja upp atvinnustarfsemi hvort sem og hvað hún heitir. Það getur verið tamningastöð og í því felst náttúrulega bara að ráða til sín fólk, girða, kaupa vinnukraft í það, byrja búskap og kaupa vinnukraft í það. Það getur verið fólk úr þessu samfélagi eða næsta samfélagi. Þannig hefur það jákvæð áhrif í kringum sig að þar kaupir fólk jörð. Síðan getur það haft neikvæð áhrif eins og maður hefur líka séð í kringum sig að þar kaupir fólk jörð og gerir ekkert. Mesta lagi að það

gerir eitthvað fyrir íbúðarhúsið svo það sé hægt að vera þarna, bjóða vinum sínum í heimsókn.

Annar viðmælandi taldi áhrifin jákvæð.

Núna er allt í einu farið að borga fyrir jarðir sem voru einskins virði einhvern pening og það er auðvitað jákvætt. Hvað varðar þessa búsetu...? Það er náttúrulega ljóst að þetta fólk (fólk sem býr tvöfaldri búsetu) ef það á ekki heima þarna, það er nú stór hluti af þessu fólki komið á þann aldur að það er komið upp úr barneignum, þannig að það hefur ekki áhrif þar í gegn, gegnum skóla og svoleiðis, þannig að það er bara ekkert öðruvísi en það þegar bændur eldast og bara sitja jarðirnar og það er nákvæmlega það sama og þá stendur eftir þetta félagslega. En það sem ég hef haldið fram að ef að einhver sem á ekki heima á jörðinni en t.d. kemur þarna hverja helgi, það eru þó 100 dagar á ári og ef hann kemur á föstudegi og fer á sunnudagskvöldi þá eru þessi samskipti hvað varðar við nágranna geta bara verið töluverð, ef að fólk hefur áhuga á því. Þannig að þetta félagslega í þessu, mér finnst það algerlega háð áhuga fólksins sem kemur inn á jörðina, hvaða áhrif það hefur. ...að þá eru sumarbústaðir hérna og maður sér að það að þessi umferð, bara nálægð fólksins, þó það sé ekki nema um helgar og í sumarfríum, skiptir mjög miklu máli og þetta skiptir held ég miklu meira máli heldur en fólk vill vera láta.

Sami viðmælandi áréttaði skoðun sína á að áhrifin væru jákvæð:

Ég held að þetta jákvæða, mér finnst þetta að flestu leyti jákvætt vegna þess að svo eru margar þessar jarðir, það kemur fullt af peningum inn í sveitina og fólk er að laga á þessum jörðum, bæta íbúðirnar, þannig að svæðið í heild sinni verður verðmætara, þetta býr til verðmæti á svæðinu. Jarðirnar hækka í verði og þegar þú ert búinn að búa til góð íbúðarhús á þessu svæði þá kemur búseta. Það eru þessi áhrif sem ég held að séu bara mjög góð og ég held því fram að ef þessi þróun hefði ekki verið, þá værum við nákvæmlega eins og þetta gerðist fyrir 40-50 árum þegar jarðirnar fóru í eyði og íbúðarhúsin hrundu.

Viðmælandi taldi að ákveðnir tekjumöguleikar fælust í breytingum á eignarhaldi sérstaklega fyrir bændur með minni bú: „Þessir menn eru kannski farnir að þjónusta menn sem komu, einhverja ríka sem vilja kannski byggja upp, þá eru ákveðnir tekjumöguleikar í þessu, bæði fyrir bændur og iðnaðarmenn og þá sem eru í þjónustu eða bara fyrir alla.“

Þrátt fyrir ýmis jákvæð efnahagsleg áhrif þá hafa ábúendur jarða í dag áhyggjur af ýmsu sem þeir telja að geti verið neikvætt fyrir þá sem eru í landbúnaði. Einn viðmælandi kvaðst hafa mestar áhyggjur af því að fólk sem kaupir jarðir í dag loki alveg fyrir beit og krefjist þess að nágrannar girði á móti sér. Það geti gert mönnum ókleift að búa.

Annar viðmælandi benti á að hátt jarðaverð gerði nýliðun erfiða. „Í dag er nánast útilokað fyrir venjulegt fólk að kaupa kúabú og jörð undir kúabú. Það kemst ekki inn í þessa

atvinnugrein, þeir gætu hugsanlega komist inn með því að vera í vinnu hjá fjársterkum aðilum.“

Einn viðmælandi sagðist telja að það væri mjög sjaldgæft að jarðir væru keyptar til að hefja landbúnað á þeim. „Því það er svo dýrt að það er ekki hægt. Það er dálítið um að þær fari annaðhvort í skógrækt eða einhver öðruvísi landnot.“

Einn viðmælandi taldi helst neikvætt að þessar hefðbundnu landbúnaðargreinar stæðu ekki undir því að fjárfesta í landi í dag.

Einn viðmælandi taldi áhrifin ráðast af fólkinu sem væri að kaupa jarðir í dag. „Það er ekkert oft sem nýi eigandinn að hann fellur alveg inn í þetta samfélag, þ.e. hann er miklu fjarlægari, hann býr ekki þarna dagsdaglega.“

Nánari greining

Svarendur af suðursvæðinu telja í meira mæli en svarendur af norðursvæðinu að fjölbreytni í atvinnulífi og tekjumöguleikar hafi aukist ásamt því að nærliggjandi verslun hafi styrkst með breyttu eignarhaldi. Þessi niðurstaða er athyglisverð í ljósi þess að mun meiri breytingar á eignarhaldi jarða virðast hafa átt sér stað á suðursvæðinu síðustu árin og styrkir þá skoðun að breytingar á eignarhaldi síðustu árin hafi ýmis jákvæð áhrif í för með sér fyrir samfélög til sveita. Afstaða svarenda eftir hversu miklar eða litlar breytingar þeir töldu að hefðu orðið á eignarhaldi í sínu sveitarfélagi styður þessa ályktun. Svarendur sem koma af svæðum þar sem meiri breytingar hafa orðið á eignarhaldi telja frekar að fjölbreytni atvinnulífs og tekjumöguleikar hafi aukist. Hinsvegar telja svarendur af svæðum þar sem breytingar á eignarhaldi hafa verið litlar frekar að tvöföld búseta hafi skapað störf í kringum þjónustu. Það vekur athygli að tvöföld búseta var jafnframt eini þátturinn af þeim fjórum sem spurt var um sérstaklega (hinir þrír eru fjölbreytni atvinnulífs, tekjumöguleikar og nærliggjandi verslun) þar sem ekki kom fram marktækur munur eftir búsetu.

Viðmælendur voru flestir á þeirri skoðun að áhrif af breytingum á eignarhaldi jarða væru mismunandi eftir landshlutum. Breytingar á eignarhaldi jarða hefðu orðið meiri á suðursvæðinu en norðursvæðinu. Nálægð við höfuðborgarsvæðið hefði mikil áhrif á eftirspurn eftir landi. Staða landshluta í byggða- og atvinnulegu tilliti væri með ólíkum hætti fyrir og það hefði áhrif á upplifun fólks af breytingum á eignarhaldi jarða.

Að mati viðmælanda væri fróðlegt að greina niðurstöður eftir landshlutum.

Ég yrði ekki hissa á því að það kæmi ekki alveg samhljómur eftir landshlutum. Af því líka, bara að þegar maður fer um Suðurland, þá skilur maður þetta betur því aðstæðurnar þar eru bara gjörólíkar hér, bæði félagslega og búsetulega og líka landlega til búskapar. Manni ógnar alveg við að keyra þarna um og sjá þessa sumarbústaðabyggð, það er eins og að Reykvíkingar fari úr einni borg í aðra.

Viðmælandi af norðursvæðinu taldi áhrifin mismunandi eftir svæðum. Áhrifin birtist ekki með sama hætti á svæðum sem eru lengra frá höfuðborgarsvæðinu. Þar væri síður verið að framkvæma og endurgera íbúðarhús. „Menn eru svo lengi að koma hingað...áhrifin eru ekki eins.“

Annar viðmælandi af norðursvæðinu var á sömu skoðun: „Hjá okkur er atvinnulífið miklu meira einhæft og þá er kannski miklu minna í boði og þá er þetta meiri ógnun.“

Viðmælandi taldi það afskaplega neikvætt fyrir sveitarfélögin ef það fækkaði íbúum. „Þetta vandamál hefur bara ekki verið sérlega stórt hérna á Suðurlandi.“

Viðmælandi af suðursvæðinu telur að ekki sé mikið um að jarðir fari úr byggð í kringum sig:

Það er þessi grisjun á byggð sem ég hef meiri áhyggjur af en þekki í sjálfu sér ekki sem vandamál hérna á þessu svæði. Þetta er dálítið sérstakt hérna hvað það varðar að það fara ekki margar jarðir úr byggð. Þó það sé breyting á eignarhaldi, ef að eigandinn situr ekki sjálfur þá er það leigt húsið þannig að það er fólk.

Í viðtölum við viðmælendur kom fram að hugsanlega væru einhver áhrif áþreifanlegri á svæðum fjær höfuðborgarsvæðinu. Því meiri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu því meira eru landeigendur háðir þjónustu heimamanna. Þeir sem eru með eignir rétt utan við höfuðborgarsvæðið geta frekar keypt þjónustu þar eða annað það sem þarf.

Viðmælandi af norðursvæðinu var á þeirri skoðun að líklegra væri að tvöföld búseta skapaði störf í kringum þjónustu á svæðum fjær höfuðborgarsvæðinu. „Þegar þú ert kominn svona langt í burtu þá verður þú að nýta meiri þjónustu á svæðinu, ...Þeir sem koma hingað til að búa yfir sumarið, þeir geta ekki skroppið til Reykjavíkur til að kaupa eitthvað, þeir verða að gera það hér.“

Nokkur munur er á skoðun svarenda eftir atvinnu. Það virðist sem svarendur sem stunda skógrækt og hrossarækt upplifi almennt jákvæðust áhrif bæði hvað varðar að tvöföld búseta skapi störf, fjölbreytni í atvinnulífi aukist, verslun styrkist og tekjumöguleikar aukist. Þá koma þeir sem stunda ferðaþjónustu og aðra atvinnugrein en landbúnað með þeirri undantekningu að þeir sem stunda ferðaþjónustu eru næst minnst sammála því að verslun hafi styrkst. Þeir sem stunda mjólkur- og nautakjötsframleiðslu, sauðfjárrækt og svína-, alifugla, loðdýrarækt, garðyrkju eða ylrækt upplifa minnst jákvæð áhrif í öllu tilliti með þeirri undantekningu að þeir sem stunda svína-, alifugla, loðdýrarækt, garðyrkju eða ylrækt eru næst mest sammála því að verslun hafi styrkst. Erfitt er sem fyrr að draga miklar ályktanir af mismunandi afstöðu eftir búgreinum eða annarri atvinnu þar sem flestir svarendur stunda fleiri en eina grein. Að einhverju leyti kann að vera að svarendur horfi út frá sjálfum sér og misjafnt sé eftir í hvaða búgrein menn eru hversu þeim nýtast auknir möguleikar, t.d. taki að sér önnur störf.


Auknir tekjumöguleikar voru sá efnahagslegi áhrifaþáttur sem svarendur höfðu síst fundið fyrir. Nánari athugun leiddi í ljós að þeir sem hafa búið skemur á jörðum sínum og eða keypt þær seinna eru þó helst á þeirri skoðun að tekjumöguleikar hafi aukist með breyttu eignarhaldi. Þá eru svarendur úr hópi þeirra sem stýst er síðan keyptu jarðir eða eftir árið 2000 einnig helst sammála því að nærliggjandi verslun hafi styrkst.

7 Mikilvægi búsetu og atvinnulífs

Megin markmið rannsóknarinnar er að kanna áhrif breytinga á eignarhaldi jarða á búsetu og atvinnulíf til sveita. Eins og komið hefur fram telja ábúendur jarða áhrifin birtast með ýmsum hætti bæði í félagslegu og efnahagslegu tilliti. Eitt af markmiðum rannsóknarinnar var ennfreður að fá fram hversu miklu máli skipti þá sem búa í sveitum landsins þegar breytingar verða í umhverfi þeirra sem tengjast þróun byggðar og atvinnulífs. Í könnunni var leitað eftir viðhorfi þeirra sem búa í sveitunum til hversu miklu máli það skipti fyrir þá að búseta sé á nágrannajörðum og ennfreður hversu miklu máli skipti að landbúnaður og/eða atvinnurekstur af öðrum toga væri stundaður á nágrannajörðum.

Búseta

Þátttakendur voru spurðir hversu mikilvægt eða léttvægt væri í þeirra huga að búseta væri á nágrannajörðum (sjá mynd 28).




Mynd 28 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að búseta sé á nágrannajörðum? N=456

Mikill meirihluti svarenda (92%) telur mjög eða frekar mikilvægt að búseta sé á nágrannajörðum. Afstaðan er mjög skýr, það skiptir ábúendum jarða í dag mjög miklu máli að sveitirnar séu í byggð.

Atvinnurekstur

Þátttakendur í könnuninni voru ennfreður spurðir hversu mikilvægt eða léttvægt væri í þeirra huga að atvinnurekstur af einhverju tagi væri stundaður á nágrannajörðum (sjá mynd 29).




Mynd 29 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum? N=451

Mikill meirihluti þeirra (79%) er á þeirri skoðun að mjög eða frekar mikilvægt sé að atvinnurekstur af einhverju tagi sé stundaður á nágrannajörðum. Afstaðan er þó ekki eins afgerandi og hvað varðar búsetu og samkvæmt þessu skiptir ekki eins miklu máli að atvinnurekstur sé stundaður á nágrannajörðum eins og að til staðar sé búseta. Hluti svarenda eða 16% telur mjög eða frekar léttvægt að atvinnurekstur sé til staðar á nágrannajörðum.

Landbúnaður

Þátttakendur voru einnig spurðir hversu mikilvægt eða léttvægt væri í þeirra huga að stundaður væri landbúnaður á nágrannajörðum (sjá mynd 30).




Mynd 30 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að stundaður sé landbúnaður á nágrannajörðum? N=451

Mikill meirihluti svarenda (81%) telur mjög eða frekar mikilvægt að stundaður sé landbúnaður á nágrannajörðum. Afstaðan er svipuð en þó heldur ákveðnari hér hvað varðar mikilvægi þess að stundaður sé landbúnaður heldur en til atvinnurekstrar af hvaða tagi sem er. Mikill meirihluti þátttakenda í könnuninni stundar einhvern búrekstur og hugsanleg skýring á

afstöðu þeirra eru ýmis jákvæð samlegðaráhrif sem hljótask af því að starfa í nágrenni við aðila í svipuðum búgreinum bæði hvað varðar samhjálpa og samstarf.

Nánari greining:


Afstaða til hversu mikilvægt eða léttvægt væri að stundaður væri atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum var greind eftir atvinnu (sjá mynd 31).



Mynd 31 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum? Greint eftir atvinnu.

Mikill meirihluti svarenda úr öllum búgreinum telur mjög eða frekar mikilvægt að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum. Svarendur í ferðaþjónustu (94%) og skógrækt (90%) leggja mesta áherslu á að stundaður sé einhver atvinnurekstur á nágrannajörðum. Þá koma svarendur úr hópi mjólkur- og nautakjötsframleiðenda (86%), sauðfjárbænda (83%), hrossaræktenda (83%) og þeirra sem stunda aðra atvinnu (81%). Svarendur í svína-, alifugla- loðdýrarækt, garðyrkju eða ylrækt leggja heldur minni áherslu (76%) en aðrir á atvinnurekstur á nágrannajörðum.


Afstaða svarenda til að stundaður væri landbúnaður á nágrannajörðum var greind eftir atvinnu (sjá mynd 32).



Mynd 32 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að stundaður sé landbúnaður á nágrannajörðum? Greint eftir atvinnu.

Hér birtist aðeins önnur mynd en hvað varðar aðra atvinnustarfsemi. Það eru mjólkur- og nautakjötsframleiðendur (88%), sauðfjárbændur (85%) og þeir sem stunda hrossarækt (83%) sem leggja mesta áherslu á að stundaður sé landbúnaður á nágrannajörðum. Þeir sem stunda aðrar búgreinar eða atvinnu leggja svipaða áherslu á mikilvægi landbúnaðar á nágrannajörðum eða í kringum 75%. Það virðist því skipta þá sem eru í búfjárrækt sem krefst beitar og ræktaðs lands meira máli að landbúnaður sé á nágrannajörðum heldur en þá sem eru í öðrum greinum.

Greining á afstöðu til hversu mikilvæg búseta væri á nágrannajörðum leiddi í ljós mun eftir aldri þátttakenda (sjá mynd 33).




Mynd 33 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að búseta sé á nágrannajörðum? Greint eftir aldri.²⁷

²⁷ $\chi^2(2)7,76$ $p<0,05$

Munur á afstöðu eftir aldri er ekki mikill en svo virðist sem búseta á nágrannajörðum sé þeim mun mikilvægari hjá ábúendum eftir því sem þeir eru eldri. Í aldurshópnum 60 ára og eldri eru 97% sem telja búsetu á nágrannajörðum mjög eða frekar mikilvæga og í fjölmennasta aldurshópnum, 40-59 ára eru 90% svarenda á sömu skoðun og 89% meðal svarenda 39 ára og eldri. Erfitt er að skýra þennan mun enda mikill meirihluti svarenda úr öllum aldurshópum á þeirri skoðun að búseta sé mjög eða frekar mikilvæg.

Afstaða til hversu mikilvægt eða léttvægt væri að landbúnaður væri stundaður á nágrannajörðum var greind eftir aldri (sjá mynd 34).




Mynd 34 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að stundaður sé landbúnaður á nágrannajörðum? Greint eftir aldri.²⁸

Svarendur sem eru 60 ára og eldri telja heldur mikilvægara en þeir sem yngri eru að stundaður sé landbúnaður á nágrannajörðum. Þannig telja 88% þeirra sem eru eldri en 60 ára mjög eða frekar mikilvægt að stundaður sé landbúnaður á nágrannajörðum, 83% þeirra sem eru 39 ára og yngri og 79% svarenda úr aldurshópnum 40-50 ára.

Nokkur munur kom fram á afstöðu eftir hversu lengi svarendur höfðu búið á jörðinni (sjá mynd 35).


²⁸ $\chi^2(2)5,93$ $p<0,05$



Mynd 35 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum? Greint eftir lengd ábúðar.²⁹

Mikill meirihluti eða í kringum 85% allra svarenda sem hafa búið í meira en 10 ár á jörðinni telur mjög eða frekar mikilvægt að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum. Nokkuð lægra hlutfall (67%) svarenda sem búið hefur skemur en 10 ár er á þeirri skoðun og þannig telur 33% þeirra mjög eða frekar léttvægt að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum. Það kann að vera að þeir sem komið hafa seinna inn í samfélög til sveita upplifi breytingarnar á annan hátt.

Afstaða svarenda var athuguð eftir hvort væru aldir upp í sveit eða ekki (sjá mynd 36).



Mynd 36 Hversu mikilvægt eða léttvægt er í þínum huga að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum? Greint eftir hvort alin/n upp í sveit.³⁰

²⁹ $\chi^2(2)9,06$ $p<0,05$

³⁰ $\chi^2(2)9,05$ $p<0,05$

Mikill meirihluti (85%) þeirra sem aldir eru upp í sveit telur mjög eða frekar mikilvægt að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum. Heldur færri eða 77% svarenda sem ekki eru aldir upp í sveit eru á þeirri skoðun. Þeir sem aldir eru upp í sveit að hluta telja það ekki eins mikilvægt og aðrir en þó er meirihluti svarenda þar á þeirri skoðun eða 67%.

7.1 Samantekt

Ef að sveitirnar verða of strjálar, þá verður erfitt að búa.

Í kaflanum á undan hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum úr þeim hluta rannsóknarinnar er sneri að mikilvægi búsetu og atvinnulífs á nágrannajörðum fyrir þá sem búa í sveitunum. Hér á eftir verða niðurstöðurnar dregnar saman og dýpri skýringa leitað á viðhorfum úr rannsókninni. Þar er einkum stuðst við gögn úr viðtölum við viðmælendur sem leitað var til samhliða spurningakönnuninni.

Það skiptir ábúendur jarða í dag mestu máli að sveitirnar séu í byggð. Mikill meirihluti svarenda (92%) telur mjög eða frekar mikilvægt að búseta sé á nágrannajörðum. Mikill meirihluti þeirra (79%) er jafnframt á þeirri skoðun að mjög eða frekar mikilvægt sé að atvinnurekstur af einhverju tagi sé stundaður á nágrannajörðum. Afstaðan er þó ekki eins afgerandi og hvað varðar búsetu og samkvæmt þessu skiptir ekki eins miklu máli að atvinnurekstur sé stundaður á nágrannajörðum eins og að til staðar sé búseta. Mikill meirihluti svarenda (81%) telur mjög eða frekar mikilvægt að stundaður sé landbúnaður á nágrannajörðum. Afstaðan er svipuð en þó ákveðnari hvað varðar mikilvægi landbúnaðar en atvinnurekstrar af hvaða tagi sem er. Mikill meirihluti þátttakenda í könnuninni stundar einhvern búrekstur og hugsanleg skýring á afstöðu þeirra eru ýmis jákvæð samlegðaráhrif sem hljóta af því að starfa í nágrenni við aðila í svipuðum búgreinum bæði hvað varðar sam hjál og samstarf.

Einn viðmælanda skýrði viðhorf til mikilvægis búsetu og atvinnulífs á nágrannajörðum þannig:

Það er nú félagslegt að mestu leyti, þetta skiptir máli uppá skólalald, leikskólalald, skemmtanahald og allt svoleiðis og svo auðvitað líka ef jarðir eru ekki nytjaðar, tún

standa óslegin, girðingum illa viðhaldið. Þá verða þær fljótt afskaplega lítt aðlaðandi, allavega fyrir sveitamennina að horfa þar heim.

Annar viðmælandi var á sama máli, það væri félagslegi þátturinn sem hefði áhrif á hvernig menn svara og erfiðara fyrir þá sem eftir eru að stunda landbúnað:

Þessi dreifbýlisbyggð, það sem ógnar henni kannski öðru fremur er fámennið og einangrunin og þá gefur það auga leið ef önnur hver jörð er búsetulaus, þá er bara þó það væri ekki nema félagslegi hlutinn, þá er hann vandamál. Það er bara svona almenn þróun, áður voru kannski þrír ættliðir, nú er bara einn og börn fara gjarnan að heiman, bara mjög fljótt. Þannig að ég held að það sé félagslegi hlutinn sem hafi áhrif á það sem menn svara. Síðan eru líka önnur vandamál sem tengjast landbúnaðarnotum,...föst búseta er, svona auðveldar þessa sameiginlegu fjárgæslu eða fjárumferð. Já, þannig að ég held að það séu þessir tveir þættir, það er annarsvegar bara félagslegi þátturinn út af því að það sé bara eitthvað fólk og hinsvegjar verður búfjárhaldið erfiðara.

Viðmælandi benti á að þrátt fyrir að hann væri hlynntur því að búskapur væri á öllum jörðum þá væri staðreyndin önnur:

Þannig held ég að það sé bara styrkur fyrir menn að einhver hluti af jörðum fari undir aðra starfsemi en auðvitað er æskilegt að það sé föst búseta á sem flestum býlum en við höfum bara enga heimild til þess varðandi bara persónufrelsi og eignarétt og annað að setja fólki stólinn fyrir dyrnar með það að það verði að búa á jörðum sem það á.

Spurður um afhverju þessi mikla áhersla á búsetu og síðan landbúnað svaraði viðmælandi: „Ég býst við að menn séu að horfa til félagslegra þátta og menn eru að horfa til smalamennsku og annað sem er og verður erfiðara eftir því sem fólki fækkar.”

Einn viðmælandi telur mikla áherslu á að landbúnaður sé stundaður á nágrannajörðum koma til af því að fólk sem er í líkri atvinnustarfsemi og fyrir er tengist betur samfélaginu:

Greinilegt hvað fólkið tengist betur samfélaginu og fólkinu sem er fyrir, tilbúið að taka þátt ef það er að taka þátt í atvinnustarfsemi sem er svipuð því sem að er fyrir. Fólkið sem stendur í jarðræktinni, það er að spá og spekúlera í sömu hlutum og þeir sem fyrir eru, þeir sem eru að koma og nota húsið sitt bara sem sumardvalarstað, hugsanlega ríða út þar, tengjast ekkert inn í samfélagið.

Annar viðmælandi taldi að áhersla á landbúnað á nágrannajörðum væri spurning um vana:

Ég held að þetta sé að stórum hluta það að þetta var svona, þá þurfi það bara að vera áfram. En það er auðvitað, tengist það hugsanlega sauðfjárræktinni, að þegar þú ert orðinn einn í þessu og færri í nágrenninu í þessu þá situr þú einn uppi með þetta, þessa vinnu sem fylgir því að smala þessu og ná saman að þetta sé svona kvíði að því leytinu til. Í mjólkurframleiðslunni er maður ekki eins háður því en það þetta faglega

umhverfi þar er meira sem maður einangrast mikið og þarf dálítið að hafa fyrir því að ná því.

Viðmælandi taldi að áherslan sem kæmi fram á landbúnað væri vegna þess hve samvinna væri þeim mikilvæg:

Annaðhvort er þetta eitthvað samfélagslega tengt eða þá að menn hafa hérna stuðning hvor af öðrum, margar jarðir eiga sameiginlegt beitarland. Það er mjög vont ef að það kemur nýr eigandi á næstu jörð og vill takmarka notkun á beitarlandinu, girða það kannski af. Ég held samt að það ætti ekki að vera nein ógnun við hefðbundinn búskap þó það komi ný starfsemi á næstu jörð. Þetta er bara þróun sko að það sé eftirspurn eftir jörðum og að þessi hefðbundni landbúnaður er nú svona að víkja fyrir einhverju allt öðru.

Viðmælandi taldi að áhersla á landbúnað á nágrannajörðum fæli í sér þá skoðun að mikilvægt væri að fólk væri að vinna að sameiginlegum markmiðum:

Þetta er einsleitara samfélag, það er meiri hjálpar að vænta frá nágrannanum ef hann stundar samskonar atvinnu og þú. Svo er auðvitað hitt líka að búseta skiptir auðvitað verulegu máli, en þessi svokallaða búseta hjá fólki sem ekki er að stunda landbúnað, hún getur verið svolítið laus. Ég hugsa að hafa nágranna sem eru að gera eitthvað svipað og þú, það er ákveðið öryggi líka. Það hafa orðið töluverðar breytingar á eignarhaldi á jörðum, það er ekki hægt að loka augunum fyrir því. Það sem ég held að skipti mestu máli fyrir samfélagið sem er fyrir í sveitinni það er það að þessar jarðir fari ekki úr byggð. Nú í afskaplega mörgum tilfellum reyndar þá hefur það gerst að menn kaupa jarðir en sitja þær ekki, ekki með fasta búsetu. Þeir eru kannski með sumarbúsetu, nota þetta sem annað heimili, kannski töluverðan hluta ársins að geta tekið þátt í félagslífi í sveitinni og þessháttar. Stundum tengjast þeir sveitinni og vilja gjarnan taka þátt í því sem þar er að gerast. En ég er fyrst og fremst að hafa áhyggjur af, í sambandi við þetta breytta eignarhald, ef að menn safna jörðum, ef það er skipuleg söfnun innan einhverra félaga.

Nánari greining

Svarendur í ferðapjónustu og skógrækt leggja mesta áherslu á að stundaður sé einhver atvinnurekstur á nágrannajörðum. Þá koma svarendur úr hópi mjólkur- og nautakjötsframleiðenda, sauðfjárbænda, hrossaræktenda og þeirra sem stunda aðra atvinnu. Svarendur í svína, -alifugla- loðdýrarækt, garðyrkju eða ylrækt leggja heldur minni áherslu en aðrir á atvinnurekstur á nágrannajörðum. Aðeins önnur áhersla birtist hvað varðar mikilvægi landbúnaðar á nágrannajörðum. Þar eru það mjólkur- og nautakjötsframleiðendur, sauðfjárbændur og þeir sem stunda hrossarækt sem leggja mesta áherslu á að stundaður sé landbúnaður á nágrannajörðum. Þeir sem stunda aðrar búgreinar eða atvinnu leggja heldur minni áherslu á mikilvægi landbúnaðar á nágrannajörðum. Það virðist því skipta þá sem eru í búfjárrækt sem krefst beitar og ræktaðs lands meira máli að landbúnaður sé á nágrannajörðum heldur en þá sem eru í öðrum greinum landbúnaðar eða stunda aðra atvinnugrein.

Viðmælendur virðast nokkuð á sama máli um að það skipti mestu fyrir sauðfjárbændur að landbúnaður sé stundaður á nágrannajörðum. Það er mjög erfitt að vera sauðfjárbóndi einn á stóru svæði. Einn viðmælandi skýrði það þannig:

Af því að það er okkur alveg nauðsyn að það séu fleiri saman. Það er t.d. útilokað fyrir mig að ætla að ná mínu fé hér úr afréttalandinu, ef það væru engin býli hér í kringum mig, það á auðvitað ekki við um kúabændurna.

Annar viðmælandi taldi svo vera en að öðru leyti skipti ekki máli hvort það væri stundaður landbúnaður á jörðinni eða eitthvað annað. „Bara ef það er líf sem myndar samfélag, það er það sem skiptir öllu máli fremur en hvað akkúrat er verið að gera á jörðinni, mér finnst það bara engu máli skipta.”

Annar viðmælandi taldi að sauðfjárbændur þyrftu meira á því að halda en aðrir að það væri stundaður landbúnaður á nágrannajörðum en það skipti líka máli fyrir þá sem væru t.d. í ferðaþjónustu að líf væri í sveitinni.

Þeir þurfa kannski meira á því að halda að allir séu að taka þátt í þessu samfélagi, skila sínum fjallskilum o.s.fr.v. Það er eins og Ferðaþjónusta bænda, þeir vilja náttúrulega hafa landbúnað í kringum sig til að geta verið með þessa sérstöðu Ferðaþjónustu bænda, þannig að fólk geti séð kýr á beit og sauðfé og hross og þessháttar.

Búseta á nágrannajörðum er þeim mun mikilvægari hjá ábúendum eftir því sem þeir eru eldri. Þá telja eldri svarendur jafnframt heldur mikilvægara en þeir sem yngri eru að stundaður sé landbúnaður á nágrannajörðum.


Svarendur sem hafa búið í meira en 10 ár á jörðinni telja mikilvægara en þeir sem hafa búið skemur en 10 ár að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum. Það kann að vera að þeir sem komið hafa seinna inn í samfélög til sveita upplifi breytingarnar á annan hátt en 1/3 hluti svarenda sem búið hefur skemur en 10 ár á jörðinni telur mjög eða frekar léttvægt að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum. Þeir sem aldir eru upp í sveit telja mikilvægara en þeir sem ekki eru aldir upp í sveit eða einungis að hluta til að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrannajörðum.

8 Viðhorf til breytinga á eignarhaldi á jörðum

Framan af síðustu öld hefur eignarhald jarða á Íslandi einkennst af því að ábúandi og eigandi jarða er sami aðili. Bændur í búrekstri hafa verið eigendur flestra jarða í ábúð á Íslandi og nýttjað þær sem slíkar undir landbúnað. Á allra síðustu árum hafa orðið töluverðar breytingar á þeirri skipan. Þar á meðal virðist nokkuð um að einstaklingar eða félög hafi eignast margar jarðir og þær því safnast að einhverju leyti á færri hendur. Í einhverjum tilfellum hefur eigendum jarða fjölgað þegar aðilar hafa tekið sig saman og keypt jörð og eða jörðum hefur verið skipt upp í smærri skika til annarra landnota en áður. Þessi þróun kann að takmarka möguleika á notkun lands undir landbúnað auk þess sem hækkun á landverði gerir nýliðun í búskap erfiðari. Að sama skapi hefur staða margra landeiganda batnað og þeim gert kleift að hætta búskap með auðveldari hætti. Leitað var eftir viðhorfi ábúenda jarða til mismunandi eignarhalds af þessum toga sem og afstöðu til eignarhalds aðila búsettra eða skráðra erlendis.

Einn aðili eigi margar jarðir

Þátttakendur voru spurðir hversu jákvætt eða neikvætt þeim finndist að einn aðili (einstaklingur/félag) væri eigandi margra jarða á Íslandi (sjá mynd 37).




Mynd 37 Einn aðili (einstaklingur/félag) sé eigandi margra jarða á Íslandi? N=457

Afstaða svarenda er mjög afgerandi. Mikill meirihluti svarenda (94%) telur mjög eða frekar neikvætt að einn aðili eigi margar jarðir. 3% telja það jákvætt og 2% tekur ekki afstöðu.

Ein jörð í eigu margra

Þátttakendur voru einnig spurðir um hversu jákvætt eða neikvætt þeim finndist að ein jörð væri í eigu margra aðila (sjá mynd 38).




Mynd 38 Ein jörð sé í eigu margra einstaklinga? N=454

Meirihluti svarenda (75%) telur mjög eða frekar neikvætt að ein jörð sé í eigu margra einstaklinga. 17% telja það hinsvegar mjög eða frekar jákvætt. Það er ljóst að ábúendur jarða telja mun neikvæðara að jarðir safnist á fárra hendur en að þær séu í eigu margra aðila.

Eignarhald erlendra aðila

Í könnuninni var einnig spurt um hversu jákvætt eða neikvætt þátttakendum finndist að aðilar erlendis væru eigendur jarða á Íslandi (sjá mynd 39).




Mynd 39 Aðilar (einstaklingar/félög) búsettir eða skráðir erlendis séu eigendur jarða á Íslandi? N= 456

Mikill meirihluti svarenda (91%) telur mjög eða frekar neikvætt að að aðilar búsettir eða skráðir erlendis séu eigendur jarða á Íslandi. 5% telja það mjög eða frekar jákvætt.

Nánari greining:


Afstaða svarenda til hversu jákvætt eða neikvætt þeir teldu að ein jörð væri í eigu margra einstaklinga var greind eftir aldri (sjá mynd 40).



Mynd 40 Ein jörð sé í eigu margra einstaklinga? Greint eftir aldri.³¹

Svarendur úr elsta aldurshópnum (86%) telja neikvæðara en þeir sem yngri eru að ein jörð sé í eigu margra einstaklinga. Hér vekur þó fyrst og fremst athygli afstaða þeirra sem telja það mjög eða frekar jákvætt að ein jörð sé í eigu margra einstaklinga. Það eru yngri svarendur en 20% þeirra sem eru 39 ára og yngri og 22% þeirra sem eru á aldrinum 40-59 ára telur mjög eða frekar jákvætt að ein jörð sé í eigu margra einstaklinga. Mun lægra hlutfall er á þeirri skoðun meðal svarenda 60 ára og eldri eða 14% þeirra.

Afstaða til að aðilar búsettir eða skráðir erlendis séu eigendur jarða á Íslandi var athuguð eftir aldri svarenda (sjá mynd 41).




Mynd 41 Aðilar (einstaklingar/félög) búsettir eða skráðir erlendis séu eigendur jarða á Íslandi? Greint eftir aldri.³²

Afstaða elstu svarendanna er eindregnari en þeirra yngri í þá veru að það sé mjög eða frekar neikvætt að aðilar búsettir eða skráðir erlendis séu eigendur jarða á Íslandi.

³¹ $\chi^2(2)4,64 p<0,1$

³² $\chi^2(2)7,47 p<0,05$

Afstaða til hversu jákvætt eða neikvætt svarendur teldu að ein jörð væri í eigu margra einstaklinga var greind eftir hvort þeir væru aldir upp í sveit eða ekki (sjá mynd 42).



Mynd 42 Ein jörð sé í eigu margra einstaklinga? Greint eftir hvort alin/n upp í sveit.³³

Svo virðist sem svarendur aldir upp í sveit alveg eða að hluta til telji mun neikvæðara en þeir sem ekki eru aldir upp í sveit að ein jörð sé í eigu margra einstaklinga. Þannig vekur athygli að 35% þeirra sem ekki eru aldir upp í sveit telja það mjög eða frekar jákvætt að ein jörð sé í eigu margra aðila.

8.1 Samantekt

„Bændur þessa lands hafa lengi aðhyllst þá stefnu að það væri æskilegt að þetta væru sjálfseignarbændur.“

Í kaflanum á undan hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum úr þeim hluta rannsóknarinnar er sneri að viðhorfi ábúenda til breytinga á eignarhaldi á jörðum en á allra síðustu árum hafa orðið töluverðar breytingar í þeim efnum. Nokkuð hefur verið um að einstaklingar eða félög hafi eignast margar jarðir og þær því safnast að einhverju leyti á færri hendur. Í einhverjum tilfellum hefur eigendum jarða fjölgað þegar aðilar hafa tekið sig saman og keypt jörð og eða jörðum hefur verið skipt upp í smærri skika til annarra landnota en áður. Hér á eftir verða niðurstöðurnar dregnar saman og dýpri skýringa leitað á viðhorfum úr rannsókninni. Þar er einkum stuðst við gögn úr viðtölum við viðmælendur sem leitað var til samhliða spurningakönnuninni.

Mikill meirihluti svarenda (94%) telur mjög eða frekar neikvætt að einn aðili eigi margar jarðir. Mikill meirihluti svarenda (91%) telur jafnframt mjög eða frekar neikvætt að aðilar

³³ $\chi^2(2)8,55 p<0,05$

búsettir eða skráðir erlendis séu eigendur jarða á Íslandi. Heldur lægra hlutfall en þó meirihluti svarenda (75%) telur mjög eða frekar neikvætt að ein jörð sé í eigu margra aðila. Þannig telja ábúendur jarða í raun mun neikvæðara að jarðir safnist á fárra hendur og eða komist í eigu erlendra aðila en að þær séu í eigu margra aðila.

Einn aðili eigi margar jarðir

Viðmælendur sem rætt var við töldu nokkrar skýringar vera á neikvæðu viðhorfi ábúenda til þess að einn aðili eigi margar jarðir. Hugsanlega væri um að ræða samskonar viðhorf og til samþjöppunar á eignarhaldi almennt í öðrum atvinnugreinum, samþjöppun á eignarhaldi feli í sér um leið samþjöppun á valdi. Ennfremur horfi menn í að ef framleiðsluréttur er að færast á færri jarðir að það geti verið neikvætt fyrir ímynd landbúnaðarins að einn aðili sé að fá háar upphæðir úr ríkissjóði til stuðnings framleiðslu. Nokkrir komu inn á að neikvætt viðhorf ábúenda jarða mótaðist af því að bændur hafi fram til þessa aðhyllst þá stefnu að þeir væru sjálfseignarbændur. Þá eru hugsanlega minni líkur á ábúð á jörðum ef að margar eru í eigu eins aðila.

Viðmælandi sem taldi neikvætt að einn aðili gæti átt margar jarðir hafði þetta að segja:

Það er mjög óeðlilegt að menn geti safnað að sér landi því það er ein af þeim auðlindum jarðar sem er takmarkandi. ...eins og maður kannski horfir á í bara hefðbundnum landbúnaðargreinum eins og bara mjólkurframleiðslan þar sem að eru aðilar, fyrirtæki eru að kaupa upp margar rekstrareiningar til þess að kannski að safna á einn stað í mjög stóra rekstrareiningu þá er maður aftur kominn út í svolitla pólitík sem snýr að því að hvernig við viljum sjá landbúnað rekinn á Íslandi, eiga þetta að vera stór fyrirtæki sem eiga að vera gjörsamlega sneydd öllum ríkisstyrkjum því það er ekkert hægt að ætlast til að einhver stór fyrirtæki séu á einhverjum ríkisstyrkjum eða eiga þetta að vera einingar sem að fjölskyldur reka?

Annar taldi að skýra mætti neikvætt viðhorf til þess að einn aðili ætti margar jarðir að hluta með því að framleiðslurétti jarðanna væri safnað saman: „En við höfum séð tilhneigingu í þá átt að menn kaupa kannski fjöldann allan af jörðum, safna framleiðsluréttinum á þessum jörðum saman á eina þeirra, ...hugsaðu þér bara beingreiðslurnar, þetta verða gífurlegar fjárhæðir sem menn fá.“

Viðmælandi benti á að hugsanlega væri um sama viðhorfið að ræða og gagnvart samþjöppun á kvótaeign í sjávarútvegi:

Menn sjá neikvæðni í að einn aðili eigi svo og svo mikinn kvóta og bara að þetta safnist saman á fárra hendur. Svo eru menn kannski auðvitað líka að horfa á það að mönnum finnst það neikvætt ef við horfum á þennan ríkisstuðning við hefðbundnu búgreinarnar að mönnum finnst það auðvitað mjög neikvætt að einn aðili er farinn að fá kannski milljónatugi í ríkisstuðning og það er neikvætt. Það getur ekki gengið til lengdar, það mun kosta okkur þann velvilja sem landbúnaðurinn hefur haft allavega síðasta áratug, til að fá þennan stuðning ef að menn fara að geta fest hendur á það að þetta sé að renna svo og svo mikið til einhverra fárra aðila sem eiga kannski 10, 20, 30, 40 jarðir eða þaðan af fleiri. Þá mun það ekki verða okkur í hag, svona varðandi almenningssálitið.

Viðmælandi taldi líklegt að meginskýring á neikvæðu viðhorfi til að einn aðili (einstaklingur eða félag) ætti margar jarðir fælist í því að bændur þessa lands hafa lengi aðhyllst þá stefnu að það væri æskilegt að þetta væru sjálfseignarbændur:

Að hver bóndi ætti sína jörð og réði yfir henni. Ef það er eitthvert félag ...sem á einhverjar tuttugu jarðir þá eru engir þeirra sem búa þarna. Einhverjir sem vinna við búskap á þessum jörðum, þeir hafa allt aðra stöðu heldur en bændurnir í kring sem eiga sínar jarðir. Því þetta eru raunverulega bara verkamen og kannski verkstjórar. En þeir eru ekki með sömu stöðu og möguleika eins og nágrannar þeirra sem eiga jarðirnar.

Annar viðmælandi taldi ekki gott að einn aðili ætti margar jarðir. Hann taldi jafnframt að skýringa á viðhorfum í þessum efnum væri að finna í tíðarandanum, viðbrögðum við samþjöppun á eignarhaldi almennt í öðrum geirum atvinnulífsins. „Ég held að þetta sé ekki góð staða í sjálfu sér, það verður ákveðin samþjöppun á einhverju ákveðnu valdi sem þú átt og sérstaklega ef þú átt eitthvað af peningum.“

Viðmælandi taldi aðaláhyggjuefnið vera þessa samþjöppun á eignarhaldi. Það að menn hafi verið að kaupa margar jarðir til í raun að þjappa rekstrinum saman í stærri einingar. Það gæti hugsanlega skapað neikvæða ímynd:

Því að landbúnaðarímyndin sem hefur þróast í Vestur Evrópu hefur farið þennan hring úr fjölskyldubúskap í stærri og stærri bú þar sem að fjölskyldur slá sér saman og endar svo í einhverskonar fjölskyldurekstri, gríðarlegum stórum búum en eru svo núna að snúa aftur í smærri einingar til að svara kalli neytandans sem vill ekki þessa verksmiðjuframleiðslu.

Sami viðmælandi er hinsvegar ekki sammála því að mikið sé um að einn aðili eigi margar jarðir: „Ég held að þetta sé ekki nein staðreynd að einn eigi...að það sé þessi meinta uppsöfnun á jörðum...ég er ekki sammála því að þetta sé eitthvað óskaplegt vandamál.“ Hann benti á að þrátt fyrir að einhverjir fáir aðilar ættu kannski nokkra tugi jarða þá væri það ekki

endilega svo mikið vandamál þegar horft væri til þess að nokkur þúsund jarðir væru á landinu öllu.

Einn viðmælandi sá ekkert neikvætt við það að einn aðili ætti margar jarðir. Hann hafi ekki séð að það hafi haft neikvæð áhrif á byggð í að einn aðili hafi keypt allar jarðir:

Þetta er bara hluti af þeirri veröld sem við búum í. Kaup efnafólks hafa einmitt skapað jákvæða ímynd, sumir eru með fasta búsetu og leggja mikið til samfélagsins. Takist að byggja upp sæmilega vegi, malbikaða vegi sem víðast umhverfis firði, takist okkur að koma upp háhraðaneti þannig að menn geti verið tengdir þá bjóði það upp á mikla möguleika fyrir búsetu fólks sem rekur hvort sem er lögfræðistofu, bókhaldsstofu eða hvaða þjónustu sem er þar sem menn geta unnið mestan hluta starfsins í gegnum internetið.

Viðmælandi benti á dæmi þar sem einn aðili hafði keypt margar jarðir en bændur byggju samt áfram á jörðunum: „Síðan eins og í ..., þar sem einstaklingur er búinn að kaupa mikið af jörðum... en hans sjónarmið hefur verið samt að bændur búi áfram á jörðunum þar sem þeir óska eftir því og eru fánlegir til þess.... Þannig að ég er ekki viss um að þetta sé svo neikvætt.“

Einn viðmælandi sem hafði mestar áhyggjur af grisjun byggðar orðaði skoðun sína svo:

Þá liggur það alveg í augum uppi að einstaklingar sem safna jörðum, þeir sitja alla vega ekki nema eina þeirra, hvað gera þeir þá við hinar? Það er eðlilegt að menn hafi áhyggjur af því að þessar jarðir, að því er virðist í dag, bara vera fjárfesting hjá þessum aðilum.

Annar viðmælandi hafði áhyggjur af valdastöðu eignamanna: „Þú veist það bara að ef ákveðinn aðili er búinn að ná miklum tókum í ákveðnu fyrirtæki, þar með er þessi aðili kominn með mikið vald. Hann getur hækkað landverð og hann getur lækkað það.“

Ein jörð í eigu margra aðila

Meirihluti svarenda telur neikvætt að ein jörð sé í eigu margra aðila. Í viðtölunum kom fram að mikið af fólki vildi gjarnan eignast jörð eða jarðarpart og ekkert væri óeðlilegt við það. Hinsvegar mótaðist viðhorf manna til að ein jörð sé í eigu margra aðila einkum af því að öll ákvarðanataka um uppbyggingu yrði þyngri. Hætta væri á að síður væri framkvæmt þar sem reynslan sýndi að oft gæti verið erfitt að ná samstöðu í stórum eigendahóp.

Einn viðmælandi taldi neikvætt viðhorf til að margir ættu saman jörð byggjast á að það geti stöðvað uppbyggingu: „Þetta getur verið til mikilla vandræða og jarðir geta bara farið í stoppstöðu.“

Viðmælandi benti á að neikvætt viðhorf til að margir eigi eina jörð felist í að reynslan sé ekki góð, erfitt er að ná samstöðu í 20 manna hópi sem getur við næstu kynslóð orðið að enn fjölmennari eigendahópi. Samstaðan bresti eftir því sem tengslin minnka.

Annar viðmælandi var á sama máli en taldi eðlilegt að fólk vildi eignast land:

Það eru svo margir sem einhvernvegin vilja gjarnan eiga jörð eða jarðarpart, það er bara í Íslendingaæðlinu og það er nú ekkert óeðlilegt við það. En þá vilja menn líka svona ráðskast með jörðina og uppbygging á jörðum í dag byggist eðlilega að töluverðu leyti á lántökum.Þá er svo mikil hætt á því ef það eru einhverjir 10, ég tala nú ekki um 20... þá þurfa þeir allir að samþykkja veðsetninguna. Þá er svo mikil hætt á því að einhver segi nei. Þar með er uppbygging á jörðinni orðin mjög torveld. Þá er það oft fyrir það að þeir ekki komi sér saman um hvort einhver skuli eiga jörðina eða hvort hún verður seld og svo framvegis. Og oftara fara þessar jarðir aftur úr þróuninni, minna byggt þar og svona verða útundan. Og þetta hafa menn horft uppá og menn gera sér grein fyrir að það er mjög æskilegt að þetta sé sjálfseignarbúskapur og sá sem að búi jörðina eigi hana.

Viðmælandi taldi viðhorf til að margir eigi saman jörð mótast af að ákvarðanataka yrði þyngri: „Ef að margir eiga sömu jörð þá eru t.d. allar framkvæmdir þungar, þú skilur. Það þarf undirskriftir og veðleyfi og svona, auðvitað er það neikvætt í þessu.“

Annar viðmælandi taldi ekki neikvætt að jörð væri í eigu margra: „Það gefur bara fjölbreytni í samfélagið, þá er hún ekki geymd þarna sem verðbréf.“

Jarðir í eigu erlendra aðila

Viðmælandi taldi að baki afstöðu til eignarhalds erlendra aðila væri sama hugsun og gagnvart eignarhaldi í sjávarútveginum:

Þetta er bara hluti af þeirri þróun að það á eftir að kyngja því að kannski einhverjir erlendir aðilar geti átt jörð á Íslandi. Ég held að þetta sé ekkert ósvipað og í sjávarútveginum og auðvitað viss ótti í sjálfu sér, því það getur vel verið að það sé fjármagn í gangi erlendis og ef þetta fólks kemst af stað og sér einhverja hagsmuni í að kaupa jarðir á Íslandi þá náttúrulega megum við okkar ekki mikils, það getur verið fljótt að fara þúsundir hektarar.

Viðmælandi benti á að afstaða til eignarhalds erlendra aðila mótaðist af að ef það væri í raun erlendur aðili þá myndi hann aldrei búa á jörðinni:

Hann hefur væntanlega ennþá minni skilning á þörfum og eðli svona jarðeignar og landbúnaðar á Íslandi. Hinsvegar hafa menn séð dæmi um það að útlendingar eiga jarðir, það er nú kannski aðallega hrossaeigendur og moka í það peningum. En ég held að menn hafi svona í þessari umræðu óttast meira að þarna væru útlendingar eingöngu að sækjast eftir veiðirétti og myndu þá ekki sinna neinu öðru og það væri þá svolítið einskis manns land.

Annar viðmælandi benti á að eignarhald erlendra aðila fæli í sér að minna væri vitað um áform þeirra og því hefðu menn meiri áhyggjur af því.

Annar taldi eignarhald erlendra aðila á jörðum ekki neikvætt: „Mér sýnist nú kannski að best uppbyggðu jarðirnar á Íslandi sem hafa selst á svona síðustu tíu árum séu í eigu útlendinga, þar sem mest hefur verið lagt undir í uppbyggingu.“

Nánari greining

Svarendur 60 ára og eldri telja neikvæðara en þeir sem eru yngri að ein jörð sé í eigu margra einstaklinga og eða að erlendir aðilar eigi jarðir á Íslandi. Athygli vekur að um og yfir 20% allra svarenda yngri en 60 ára telur mjög eða frekar jákvætt að ein jörð sé í eigu margra einstaklinga.


Svo virðist sem svarendur aldir upp í sveit alveg eða að hluta til telji mun neikvæðara en þeir sem ekki eru aldir upp í sveit að ein jörð sé í eigu margra einstaklinga. Þannig vekur athygli að 35% þeirra sem ekki eru aldir upp í sveit telja það mjög eða frekar jákvætt að ein jörð sé í eigu margra aðila.

9 Aðgerðir stjórnvalda

Almennt er talið að eftirspurn eftir landi annarra en þeirra sem stunda landbúnað hafi fyrst og fremst verið að aukast allra síðustu ár eða eftir árið 2000. Nokkuð er um að landi hafi verið skipt upp í smærri skika eða tekið frá til búgarða og frístundabyggðar. Til framtíðar litið hafa menn velt fyrir sér þörfinni á að tryggja land undir landbúnað. Hin aukna eftirspurn hefur því leitt af sér umræðu um að þörf kynni að vera á einhverskonar viðbrögðum af hálfu stjórnvalda. Hugmyndir hafa komið fram um að takmarka eignarhald með lögum með einhverjum hætti. Þá hafa margir lýst yfir áhyggjum af minnkandi fastri ábúð í kjölfar slíkrar þróunar og áhrifum þess á sveitirnar. Í þessari rannsókn er spurt um afstöðu ábúenda jarða til aðgerða af hálfu stjórnvalda sem fela í sér takmörkun á eignarhaldi eða kvaðir á jarðeigendur. Hafa verður í huga að þegar könnunin er gerð að ekki hafa farið fram rannsóknir á áhrifum þess á t.d. landverð ef eignarhald yrði takmarkað.

Land undir landbúnað

Í könnuninni voru þátttakendur spurður um hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingu um að ávallt ætti að leitast við að tryggja land undir landbúnað (sjá mynd 43).




Mynd 43 Það á ávallt að leitast við að tryggja land undir landbúnað. N=451

Mikill meirihluti svarenda (94%) er mjög eða frekar sammála því að það eigi ávallt að tryggja land undir landbúnað. Það vekur athygli hversu afstaðan er ákveðin. Flestir svarendur eru ábúendur jarða sem hafa landbúnað að aðalstarfi og er mjög líklegt að afstaða þeirra mótist af tilfinningu þeirra fyrir þeim breytingum sem þegar hafa orðið í þeirra umhverfi og framhaldi á þróuninni.

Takmarka eignarhald

Þátttakendur voru spurður um hversu sammála eða ósammála þeir væru fullyrðingu um að setja ætti lög sem takmörkuðu eignarhald á jörðum (sjá mynd 44).




Mynd 44 Það á að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum. N=451

Meirihluti svarenda (67%) er mjög eða frekar sammála því að það eigi að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum. 26% eru því hinsvegar mjög eða frekar ósammála. Það er því ljóst að ekki eru allir tilbúnir til að ganga svo langt í aðgerðum en þó virðist það vera viðhorf meirihluta svarenda. Hugsanleg skýring á vilja til lagasetningar er að mönnum finnist sem breytingarnar séu það umfangsmiklar að geti ógnað samfélaginu sem fyrir er. Fram hefur komið að meirihluti svarenda telur að tryggja þurfi land undir landbúnað og kunna þetta að vera viðbrögð af sama meiði. Það er ennfremur ljóst að þrátt fyrir að mikill meirihluti svarenda telji mjög eða frekar neikvætt að einn aðili eigi margar jarðir þá eru mun færri hlynntir því að eignarhald sé takmarkað með lögum.

Takmarka eignarhald erlendra


Í könnuninni var einnig spurt um hversu sammála eða ósammála menn væru fullyrðingu um að setja ætti lög sem kæmu í veg fyrir eignarhald erlendra aðila á jörðum á Íslandi (sjá mynd 45).



Mynd 45 Það á að setja lög sem koma í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila (einstaklinga/félaga). N=453

Meirihluti svarenda (68%) er mjög eða frekar sammála því að setja eigi lög sem komi í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila. 24% er mjög eða frekar ósammála. Afstaða til lagasetningar gagnvart eignarhaldi erlendra aðila er svipuð og gagnvart takmörkun á eignarhaldi almennt. Þrátt fyrir að mikill meirihluti svarenda (91%) telji mjög eða frekar neikvætt að aðilar búsettir eða skráðir erlendis séu eigendur jarða á Íslandi þá eru mun færri hlynntir því að eignarhald erlendra aðila sé takmarkað með lögum.

Þátttakendur voru spurðir hversu sammála eða ósammála þeir væru því að eigendur jarða yrðu skyldaðir til að búa á þeim (sjá mynd 46).




Mynd 46 Það á að skylda eigendur jarða til að búa á þeim. N=450

Skoðanir svarenda voru skiptastar hvað varðar ábúðarskyldu í samanburði við aðrar stjórnvaldsaðgerðir. Helmingur (50%) er mjög eða frekar sammála því að skylda eigi eigendur jarða til að búa á þeim. Heldur færri eða 43 % eru því mjög eða frekar ósammála. 7% taka ekki afstöðu. Hugsanlegt er að þrátt fyrir mikilvægi búsetu til sveita í hugum þeirra sem þar

nú búa, telji menn erfitt í reynd að framfylgja slíkum ákvæðum. Einnig kann að vera að almennt hugnist mönnum ekki að búseta sé kvöð.

Nánari greining

Afstaða svarenda til að ávallt eigi að leitast við að tryggja land undir landbúnað var greind eftir búsetu (sjá mynd 47).




Mynd 47 Það á ávallt að leitast við að tryggja land undir landbúnað. Greint eftir búsetu.³⁴

Heldur hærra hlutfall svarenda af norðursvæðinu (98%) er mjög eða frekar sammála því að það eigi ávallt að leitast við að tryggja land undir landbúnað. Munurinn er ekki mikill en 93% svarenda af suðursvæðinu er á þeirri skoðun að tryggja þurfi land undir landbúnað. Það vekur athygli að svarendur af suðursvæðinu þar sem talið er að meiri breytingar hafi orðið á eignarhaldi og meiri skipulagning frístundabyggðar telja í minna mæli nauðsynlegt að tryggja land undir landbúnað en svarendur af norðursvæðinu þar sem breytingar hafa verið minni.

Afstaða svarenda til hversu sammála eða ósammála þeir væru því að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum var greind eftir búsetu (sjá mynd 48).


³⁴ $\chi^2(1)7,80 p<0,01$



Mynd 48 Það á að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum. Greint eftir búsetu.³⁵

Heldur hærra hlutfall svarenda af norðursvæðinu (77%) er mjög eða frekar sammála því að það eigi að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum. Á suðursvæðinu er 66% svarenda á þeirri skoðun að setja eigi lög sem takmarka eignarhald á jörðum. Það vekur athygli að svarendur af suðursvæðinu þar sem talið er að meiri breytingar hafi orðið á eignarhaldi og meiri skipulagning frístundabyggðar telja í minna mæli að setja eigi lög sem takmarka eignarhald á jörðum en svarendur af norðursvæðinu þar sem breytingar hafa verið minni.

Afstaða til hversu sammála eða ósammála svarendur væru því að ávallt ætti að leitast við að tryggja land undir landbúnað var greind eftir atvinnu (sjá mynd 49).




Mynd 49 Það á ávallt að leitast við að tryggja land undir landbúnað. Greint eftir atvinnu.

³⁵ $\chi^2(1)6,17 p<0,05$

Lítil munur kemur fram á afstöðu svarenda eftir hvaða búgrein eða atvinnu þeir stunda en þó vekur athygli að þeir sem stunda ferðabjónustu eru því heldur minna sammála. Þannig eru 13% svarenda sem stunda ferðabjónustu því mjög eða frekar ósammála að ávallt eigi að leitast við að tryggja land undir landbúnað. Erfitt er að draga miklar ályktanir af þessum afstöðumun en þó kann að vera að svarendur sem stunda búgreinar sem krefjast meiri landnotkunar en ferðabjónusta, t.d. ræktaðs lands taki eindregnari afstöðu til að tryggja þurfi land undir landbúnað.


Afstaða til hversu sammála eða ósammála svarendur væru því að sett yrðu lög til að takmarka eignarhald á jörðum var greind eftir atvinnu (sjá mynd 50).



Mynd 50 Það á að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum. Greint eftir atvinnu.

Það vekur athygli að svarendur sem stunda ferðabjónustu og aðrar atvinnugreinar en landbúnað eru í minna mæli hlynntir lagasetningu en aðrir. Þannig eru 38% svarenda í ferðabjónustu mjög eða frekar ósammála setningu laga til takmörkunar á eignarhaldi jarða og 34% þeirra sem stunda aðra atvinnugrein en landbúnað eru þeirrar skoðunar. 30% þeirra sem eru í hrossarækt eru ósammála slíkri lagasetningu. Hugsanleg skýring á afstöðumun eftir atvinnu er sú sama og hvað varðar að tryggja þurfi land undir landbúnað. Það er að svarendur úr þeim búgreinum sem mest eru háðar landnotkun bæði til ræktunar og beitar telji í meira mæli nauðsynlegt að bregðast við þróuninni.


Afstaða til hversu sammála eða ósammála svarendur væru setningu laga til takmörkunar á eignarhaldi erlendra aðila hér á landi var greind eftir atvinnu (sjá mynd 51).



Mynd 51 Það á að setja lög sem koma í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila (einstaklinga/félaga). Greint eftir atvinnu.

Mikill meirihluti þeirra sem stunda svína-, alifugla-, loðdýrarækt, garðyrkju og ylækt (86%) er mjög eða frekar sammála því að það eigi að setja lög sem koma í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila. 81% svarenda úr hópi mjólkur- og nautakjötsframleiðenda, 76% af þeim sem stunda sauðfjárrækt og sama hlutfall þeirra sem stunda skógrækt eru því mjög eða frekar sammála. Heldur lægra hlutfall svarenda úr hópi þeirra sem stunda hrossarækt, (68%) aðra atvinnu en landbúnað (67%) og ferðapjónustu (71%) er sammála lagasetningu sem kemur í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila.


Afstaða til hversu sammála eða ósammála svarendur væru því að skylda eigendur jarða til að búa á þeim var greind eftir atvinnu svarenda (sjá mynd 52).



Mynd 52 Það á að skylda eigendur jarða til að búa á þeim. Greint eftir atvinnu.

Svarendur úr hópi svína-, alifugla, loðdýraræktenda, garðyrkjubænda og ylræktenda (64%), mjólkur- og nautakjötsframleiðenda (62%), sauðfjárbænda (56%) og ferðaþjónustu (52%) eru í meirihluta mjög eða frekar sammála skyldu eigenda jarða til búsetu. Svarendur úr hópi þeirra sem stunda hrossarækt (48%), aðra atvinnugrein en landbúnað (47%) og skógrækt (46%) virðast í minna mæli hlynntir því að eigendur jarða séu skyldaðir til að búa á þeim. Yfir helmingur svarenda úr þessum greinum er mjög eða frekar ósammála því að það eigi að skylda eigendur jarða til að búa á þeim.

Afstaða svarenda til að ávallt eigi að leitast við að tryggja land undir landbúnað var greind eftir aldri (sjá mynd 53).




Mynd 53 Það á ávallt að leitast við að tryggja land undir landbúnað. Greint eftir aldri.³⁶

Munur á afstöðu eftir aldri er ekki mikill. Þó virðist sem eldri svarendur séu meira sammála því að ávallt eigi að tryggja land undir landbúnað. 99% svarenda sem eru 60 ára og eldri eru á þeirri skoðun á meðan 94% þeirra sem eru á aldrinum 40-59 ára eru sama sinnis og 93% þeirra sem eru 39 ára og yngri.

Afstaða svarenda til hversu sammála eða ósammála þeir væru því að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum var greind eftir aldri (sjá mynd 54).


³⁶ $\chi^2(2)6,45$ $p<0,05$



Mynd 54 Það á að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum. Greint eftir aldri.³⁷

Það vekur athygli að svarendur úr yngsta aldurshópnum eða 39 ára og yngri eru hlynntastir lagasetningu en 82% þeirra eru því mjög eða frekar sammála. 76% þeirra sem eru 60 ára og eldri eru sama sinnis og 65% þeirra sem eru á aldrinum 40-59 ára. Hugsanleg skýring er að yngri ábúendur og bændur horfi til nýliðunar og eigin stöðu hvað varðar kaup á landi undir búrekstur. Eldri bændur sem eru á leið út úr búskap geri frekar þann fyrirvara um takmörkun á eignarhaldi með lögum að slíkar takmarkanir gætu lækkað jarðarverð. Rétt er þó að hafa í huga að ekki hafa farið fram svo vitað sé rannsóknir á áhrifum á landverð ef eignarhald yrði takmarkað með lögum.

Afstaða til eignarhalds erlendra aðila var einnig greind eftir aldri (sjá mynd 55).




Mynd 55 Það á að setja lög sem koma í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila (einstaklinga/félaga). Greint eftir aldri.³⁸

³⁷ $\chi^2(2)8,77$ $p<0,05$

³⁸ $\chi^2(2)16,08$ $p<0,001$

Eldri svarendur eru í meira mæli en þeir yngri á að setja eigi lög sem koma í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila. Mikill meirihluti (84%) svarenda úr aldurshópnum 60 ára og eldri er mjög eða frekar sammála því að setja eigi lög sem takmarka eignarhald erlendra aðila. Nokkru lægra hlutfall svarenda á aldrinum 40-59 ára (66%) og 39 ára og yngri (70%) er því sammála.

Afstaða til hvort skylda eigi eigendur jarða til að búa á þeim var greind eftir aldri svarenda (sjá mynd 56).




Mynd 56 Það á að skylda eigendur jarða til að búa á þeim. Greint eftir aldri.³⁹

Skoðanir eru nokkuð skiptar innan aldurshópa, þó eru svarendur 60 ára og eldri í meira mæli mjög eða frekar sammála (62%) því að skylda eigendur jarða til að búa á þeim. Yfir helmingur (55%) svarenda úr aldurshópnum 39 ára og yngri er sama sinnis á meðan minna en helmingur (47%) svarenda á aldrinum 40-59 ára er á þeirri skoðun. Þannig er rúmur helmingur (53%) þeirra sem eru á aldrinum 40-59 ára því mjög eða frekar ósammála að skylda eigi eigendur jarða til að búa á þeim.

Afstaða til hversu sammála eða ósammála svarendur væru því að sett yrðu lög sem kæmu í veg fyrir eignarhald erlendra aðila héraðs var greind eftir hvort þeir væru aldir upp í sveit eða ekki (sjá mynd 57).


³⁹ $\chi^2(2)7,93$ $p<0,05$



Mynd 57 Það á að setja lög sem koma í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila (einstaklinga/félaga). Greint eftir hvort alin/n upp í sveit.⁴⁰

Svarendur sem aldir eru upp í sveit alveg eða að hluta til telja frekar en þeir sem ekki eru aldir upp í sveit að setja eigi lög sem koma í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila. 77% þeirra sem aldir eru upp í sveit og 72% þeirra sem aldir eru upp í sveit að hluta til eru mjög að frekar sammála því að setja eigi lög sem takmarka eignarhald erlendra aðila. Rúmur helmingur svarenda sem ekki er alinn upp í sveit er sama sinnis. Þannig er tæpur helmingur (48%) svarenda sem ekki er alinn upp í sveit mjög eða frekar ósammála því að takmarka eigi eignarhald erlendra aðila á jörðum hérlandis. Erfitt er að skýra þennan mun en ein hugsanleg skýring er meiri tengsl þeirra sem aldir eru upp í sveit við landið eða jafnvel annað mat á landinu sem ákveðinni auðlind sem þjóðin megi ekki missa forræði yfir.

Afstaða til hvort skylda eigi eigendur jarða til að búa á þeim var greind eftir hvort svarendur væru aldir upp í sveit (sjá mynd 58).




Mynd 58 Það á að skylda eigendur jarða til að búa á þeim. Greint eftir hvort alin/n upp í sveit.⁴¹

⁴⁰ $\chi^2(2)_{12,18} p < 0,01$

Nokkur munur er á afstöðu eftir hvort svarendur eru aldir upp í sveit eða ekki. Yfir helmingur svarenda sem aldir eru upp í sveit alveg (57%) eða að hluta (51%) er mjög eða frekar sammála því að skylda eigi eigendur jarða til að búa á þeim. Meirihluti þeirra sem er ekki alinn upp í sveit er hinsvegar ósammála því að skylda eigi eigendur jarða til að búa á þeim. Þannig eru 69% svarenda sem ekki eru aldir upp í sveit mjög eða frekar ósammála því að skylda eigendur jarða til að búa á þeim.

Afstaða svarenda til hversu sammála eða ósammála þeir væru því að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum var greind eftir ábúð og eignarhaldi (sjá mynd 59).



Mynd 59 Það á að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum. Greint eftir ábúð og eignarhaldi.⁴²


Ábúendur á jörðum í eigu annarra eru frekar hlyntir lagasetningu sem takmarkar eignarhald á jörðum heldur en ábúendur sem eru eigendur jarða einir eða ásamt fleirum. Þannig er 90% svarenda úr hópi ábúenda á jörðum í eigu opinberra aðila og 86% úr hópi ábúenda á jörðum í eigu annarra einkaaðila mjög eða frekar sammála lagasetningu sem takmarkar eignarhald á jörðum. Mun lægra hlutfall ábúenda sem eiga jörð með fleirum (74%) er sammála lagasetningu og lægst hlutfall ábúenda sem eiga jarðir einir eða ásamt maka (70%) er hlyntur lagasetningu. Þannig er tæpur þriðjungur (30%) svarenda úr hópi ábúenda sem eru jafnframt eigendur einir mjög eða frekar ósammála því að sett verði lög sem takmarki eignarhald á jörðum. Hugsanleg skýring á afstöðumun hér er að eigendur jarða horfi í meira

⁴¹ $\chi^2(2)12,80$ $p<0,01$

⁴² $\chi^2(3)7,64$ $p<0,1$

mæli til hugsanlegra afleiðinga eða áhrifa af lagasetningu á núverandi eigendur. Aðrir svarendur horfi meira á kosti lagasetningar fyrir þá sem ekki eru eigendur.

Afstaða til hversu sammála eða ósammála svarendur væru því að skylda eigendur jarða til að búa á þeim var greind eftir ábúð og eignarhaldi (sjá mynd 60).



Mynd 60 Það á að skylda eigendur jarða til að búa á þeim. Greint eftir ábúð og eignarhaldi.⁴³

Svarendur úr hópi ábúenda á jörðum í eigu opinberra aðila telja frekar en aðrir að skylda eigi ábúendur jarða til að búa á þeim. Þannig eru 78% þeirra mjög eða frekar sammála skyldu eigenda til að búa á jörðum. Svarendur úr hópi ábúenda sem eiga jörðina með fleirum (60%) og ábúendur jarða í eigu annarra einkaaðila (59%) eru í minna mæli hlynntir slíkri skyldu. Ábúendur sem eru eigendur jarða einir eða ásamt maka eru síst hlynntir skyldu eigenda til að búa á jörðum. Þar eru skoðanir skiptastar og rétt rúmur helmingur svarenda (51%) mjög eða frekar sammála því að skylda eigi eigendur jarða til að búa á þeim. Hér kann eins og áður að ráða ferðinni að svarendur úr hópi núverandi eigenda horfi frekar til neikvæðra áhrifa slíkrar skyldu út frá eigendum sjálfum, t.d. ef þeim hugnaðist að flytja um set en kærðu sig ekki um að láta jörðina af hendi. Aðrir úr hópi ábúenda sem ekki eru einir eigendur horfi meira til afleiðinga sem tengjast fækkun jarða í sjálfsábúð, þ.e. að slíkt leiði annaðhvort til fjölgunar leiguliða meðal bænda, fleiri jarða í eyði eða minni fastrar búsetu svo eitthvað sé nefnt.

⁴³ $\chi^2(3)8,26 p<0,05$

9.1 Samantekt

„Hvenær kemur að því að maður þurfi meira land heldur en maður þarf í dag?“

Í kaflanum á undan hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum úr þeim hluta rannsóknarinnar er sneri að viðhorfum ábúenda til aðgerða stjórnvalda. Almennt er talið að eftirspurn eftir landi annarra en þeirra sem stunda landbúnað hafi fyrst og fremst verið að aukast allra síðustu ár eða eftir árið 2000. Nokkuð er einnig um að landi hafi verið skipt upp í smærri skika eða tekið frá til búgarða og frístundabyggðar. Til framtíðar litið hafa menn velt fyrir sér þörfinni á að tryggja land undir landbúnað. Hin aukna eftirspurn hefur því leitt af sér umræðu um að þörf kynni að vera á einhverskonar viðbrögðum af hálfu stjórnvalda. Hugmyndir hafa komið fram um að takmarka eignarhald með lögum með einhverjum hætti. Þá hafa margir lýst yfir áhyggjum af minnkandi fastri ábúð í kjölfar slíkrar þróunar og áhrifum þess á sveitirnar. Hér á eftir verða niðurstöður kaflans dregnar saman og dýpri skýringa leitað á viðhorfum úr rannsókninni. Þar er einkum stuðst við gögn úr viðtölum við viðmælendur sem leitað var til samhliða spurningakönnuninni.

Tryggja þarf land undir landbúnað

Mikill meirihluti svarenda (94%) er mjög eða frekar sammála því að ávallt eigi að tryggja land undir landbúnað. Flestir svarendur eru ábúendur jarða sem hafa landbúnað að aðalstarfi og er mjög líklegt að afstaða þeirra mótist af tilfinningu þeirra fyrir þeim breytingum sem þegar hafa orðið í þeirra umhverfi og framhaldi á þróuninni.

Að mati viðmælanda er um að ræða matvælaöryggismál. „Við munum ekki eftir heimsstyrjöldunum.“ Sami viðmælandi bent ennfremur á að um byggðamál væri að ræða:

Stærsta málið er að halda landinu í byggð. Ég held að það sé sem fólk er að gera sér grein fyrir, ef það er ekki landbúnaður, þá værum við bara að sjá bara hérna meira og minna eyðibýggðir á stórum svæðum. Það er ekki gaman að keyra um allt landið sem eyðisveitir, þó það sé gaman að hafa Hornstrandir eða eitthvað slíkt en ég er ekki viss um að það sé eins gaman að hafa eintómar Hornstrandir.

Annar viðmælandi bendir á að framtíðin sé óskrifað blað:

Ég hef alltaf litið á það sem pólitíska ákvörðun sem sé tekin að landbúnaður sé stundaður á Íslandi til þess að hér sé matvælaframleiðsla fyrir þá sem á landinu búa því að það er óskaplega erfitt fyrir okkur að búa á þessu landi ef að við þurfum að flytja inn allar okkar matvörur.

Nokkrir viðmælendur bentu á að áherslan á að tryggja þurfi land undir landbúnað komi til af því að verið er að taka land undan landbúnaðarnotkun, land hefur verið tekið undir sumarbústaði og skógrækt t.d. Það kunni að verða erfitt að snúa til baka síðar meir.

Einn viðmælandi taldi mikilvægt að hérlandis væri stundaður landbúnaður í framtíðinni og þá þyrfti auðvitað að vera jarðnæði fyrir hann:

Við vitum líka að þróunin hefur verið þannig á undanförunum árum að okkur hefur stöðugt verið að fækka (okkur sem stundum landbúnað). Verið er að þjappa framleiðslunni saman á færri jarðir. Jarðirnar hafa ekkert stækkað, ekki í þeim mæli. Í einhverjum tilfellum kaupa menn kannski nærliggjandi jörð en það er ekkert í þeim mæli sem fækkunin hefur orðið. Það er bara aukin framleiðsla á landareiningu.

Annar viðmælandi taldi að skilgreina þyrfti umráðarétt manna yfir landi og nýtingu þess:

Mér finnst bara að þegar þú átt land sem er verðmætt, t.d. til nota sem landbúnaðarland, þá er þetta bara auðlind sem er ekki víst að þú megir fara með hvernig sem þér sýnist. Þú ert háður skipulagsyfirlöndum með einhverjum hætti. Þú verður bara að halda því opnu eins og það heitir. Auðvitað kannski ekki ræktuðu en þú getur kannski ekki ráðstafað því undir byggingar og þú getur ekki t.d. ráðstafað því undir skógrækt. Þannig að þú getur átt það sem opið land en þjóðin hafi aðgang að því ef á þarf að halda.

Að mati viðmælanda eru menn of fastir í að land sé notað til landbúnaðar:

Bændur eru hérna...þeim finnst standa einhver ógn af því ef land er tekið undan og gert eitthvað annað við það, þú veist sumarhúsauppbyggingin fer orðið í taugarnar á mjög mörgum líka. ...sama gerist á...að þar kemur upp viðhorf frá...þar sem þeir vilja hafa mjög ákveðin afskipti af því hvar er plantað trjám því þeir segja að það sé farið að planta trjám í ræktunarlandi, í land sem er gott til akuryrkju, gott til heyöflunar.

Takmarka á eignarhald með lögum

Meirihluti svarenda (67%) er mjög eða frekar sammála því að það eigi að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum. 26% eru því hinsvegar mjög eða frekar ósammála. Það er því ljóst að ekki eru allir tilbúnir til að ganga svo langt í aðgerðum. Hugsanleg skýring á vilja til lagasetningar er að mönnum finnist sem breytingarnar séu það umfangsmiklar að geti ógnað samfélaginu sem fyrir er. Fram hefur komið að meirihluti svarenda telur að tryggja þurfi land undir landbúnað og kunna þetta að vera viðbrögð af sama meiði. Það er enn fremur ljóst að þrátt fyrir að mikill meirihluti svarenda telji mjög eða frekar neikvætt að einn aðili eigi margar jarðir þá eru mun færri hlynntir því að eignarhald sé takmarkað með lögum.

Flestir viðmælendur sem rætt var við komu inn á að ýmsir annmarkar væru á því að takmarka eignarhald jarða með lögum. Bent var á að erfitt væri að framfylgja slíkum takmörkunum. Takmarkanir á eignarhaldi jarða hefðu áhrif á eignarrétt manna og verðmæti jarða gæti minnkað. Ennfremur gæti það torvelað bændum sjálfum sem vildu stækka við sig. Nokkrir viðmælendur komu inn á að undirliggjandi skoðun manna á að takmarka þyrfti eignarhald væri sú sama og gagnvart þeirri skoðun að tryggja þyrfti land undir landbúnað. Menn hefðu áhyggjur af aðgangi bænda að landi undir landbúnað í framtíðinni.

Að mati margra viðmælanda eru ýmsir annmarkar á því að takmarka eignarhald jarða eða eins og einn viðmælandi komst að orði: „Þá búa þeir bara til fleiri kennitölur.“

Margir viðmælendur bentu á að erfitt væri að framfylgja slíkum takmörkunum:

Ef menn líta á það sem kost að verð á jörðum hafi hækkað þá hlýtur það að verða til þess að það frekar bremsi af verði ef það er takmarkað eignarhald. Það getur ekkert annað gerst.svo er líka, það er auðveldara um að tala en í að komast. Ég er sjálfur hlyntur að takmarka eignarhald á jörðum en ég sé ekki í fljótu bragði hvernig á að gera það. Því menn eru alveg ótrúlega fljótir að finna sér alltaf smugurnar. Búa til einhver fleiri félög, fá einhvern til að kaupa fyrir sig og allavega....En ég held að það sé auðveldara um að tala en í að komast.”

Annar viðmælandi benti á að eignarhald á landi geti tæplega notið sömu lögmála og eignarhald á bíl og verðbréfum: „Landið er eitthvað sem við væntanlega notum um aldir, mjög lengi. ...Það bendir margt til að við þurfum að nota meira og meira land til fæðuöflunar.”

Einn viðmælandi taldi varðandi takmarkanir á eignarhaldi jarða að það þyrfti að leyfa frjálsræðinu að hafa sinn gang: „Eftir því sem við setjum meira af höftum og meira af lögum til þess að hefta menn, þeim mun meira er um að menn finni sér leiðir framhjá þeim.”

Einn viðmælandi benti á að takmarkanir á eignarhaldi settu þeim skorður sem vildu stækka bú sín: „Ég á nú bara eina litla jörð og mig langar að stækka mitt bú og vil kaupa næstu jörð við hliðina en yrði þá kannski meinað um það vegna laganna.” Viðmælandi telur þó kost á móti að komið yrði í veg fyrir jarðasöfnun.

Annar viðmælandi benti á að takmörkun á eignarhaldi jarða fæli í sér að verið væri að ganga á eignarrétt og það þyrfti þá að vanda slíka löggjöf mjög mikið:

Ég er ekkert viss um að þeir sem segja það ákveðið í dag að það eigi að setja lög eða einhverjar skýrar reglur hverju eigi að fylgja þarna, gera sér grein fyrir því hvaða áhrif þeir hafa á sinn eigin hag með því að tala svona. Ég held hinsvegar, við þekkjum það frá nágrannalöndum, þar eru mismunandi reglur í gildi og þar er beitt ákveðnum aðferðum til að koma í veg fyrir að það sé gengið á land sem er nýtanlegt til landbúnaðarframleiðslu eða matvælaframleiðslu.

Einn viðmælandi var algerlega á móti lagasetningu:

Ég trúi ekki að þetta sé það sem fólk raunverulega vill, einfaldlega vegna þess að það er ekkert svo langt síðan að við bjuggum við allt önnur jarðalög en við búum við í dag sem voru miklu stífari, menn gátu ekkert gert, jarðalögin voru alltaf að halda aftur af þeim, þegar að jarðalögunum var breytt og þetta sett í þetta meira frjálsræði þá var bara mikil ánægja með það, þetta er ein afleiðing af því að það er orðið auðveldara að hafa eigendaskipti á jörðum þá gátu þeir keypt fleiri en eina og fleiri en tvær, þeir gátu það að sjálfsögðu áður en það var bara erfiðara.

Viðmælandi taldi að það væru fleiri ókostir en kostir við að takmarka eignarhald á jörðum: „Ætla menn þá líka að banna viðskipti með íbúðir í bæjum?“

Takmarka á eignarhald erlendra aðila

Meirihluti svarenda (68%) er mjög eða frekar sammála því að setja eigi lög sem koma í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila. 24% er mjög eða frekar ósammála. Afstaða til lagasetningar gagnvart eignarhaldi erlendra aðila er svipuð og gagnvart takmörkun á eignarhaldi almennt. Þrátt fyrir að mikill meirihluti svarenda (91%) telji mjög eða frekar neikvætt að aðilar búsettir eða skráðir erlendis séu eigendur jarða á Íslandi þá eru mun færri hlynntir því að eignarhald erlendra aðila sé takmarkað með lögum.

Viðmælandi benti á að samsvarandi rök væru fyrir því að takmarka eignarhald á landi hvort sem um væri að ræða innlenda eða erlenda aðila.

Einn viðmælandi benti á að land er auðlind og ekki eins og hver önnur eign: „Alveg eins og við viljum halda sjávarútvegnum frá því að útlendingar eignist hann, þá held ég að þetta sé sama viðhorf.“

Það á að skylda eigendur jarða til að búa á þeim

Skoðanir svarenda voru skiptastar hvað varðar ábúðarskyldu í samanburði við aðrar stjórnvaldsaðgerðir. Tæpur helmingur (50%) er mjög eða frekar sammála því að skylda eigi eigendur jarða til að búa á þeim. Heldur færri eða 43% eru því mjög eða frekar ósammála.

Hugsanlegt er að þrátt fyrir mikilvægi búsetu til sveita í hugum þeirra sem þar nú búa, telji menn erfitt í reynd að framfylgja slíkum ákvæðum. Einnig kann að vera að almennt hugnist mönnum ekki að búseta sé kvöð.

Viðmælandi komst svo að orði um skyldu til búsetu:

Ég held að það væri ekki sniðugt. Hvað á þá að verða um allar þær fjölmörgu jarðir sem eigandi býr ekki á í dag. Svo eru breytingar hjá bændum líka, það auðvitað að margir bændur eru búnir að breyta búinu sínu í hlutafélag. Á hlutafélagið að búa á jörðinni líka eða bara einhver eigandinn? Ég held að það sé vanhugsað að halda að það sé hægt að setja lög sem skylda menn.

Viðmælandi taldi að ákvæði um búsetuskyldu yrði til að eitthvað fleiri byggju út í sveitunum, annaðhvort til málamynda eða í alvöru:

Hefðu þá þar allavega greiðsluskyldu af útsvari og einhver væntalega líka félagsleg áhrif. Þannig að ég held að þetta hefði ýmsa kosti en þetta er kannski of langt gengið. Það gefur auga leið að það yrði svona önnur búsetuþróun og svona meiri tilfinning fyrir landi og landnotum ef þessi skylda væri fyrir hendi. Ég er ekki endilega að segja að hún eigi endilega að vera en hún hefði ótvíræða kosti í för með sér.

Einn viðmælandi taldi að menn hefðu gert of mikið úr því jákvæða við það að fjárfestar kaupi jarðir af bændum:

Það kemur sér auðvitað vel fyrir allmarga roska menn sem eru að bregða búi. Menn hafa miklað fyrir sér að það sé gott að menn geti selt jarðirnar háu verði. Þar gilda líka þessi skammtímasjónarmið, sem að hvað land og búsetu varðar mega ekki ráða ferðinni. Það má ekki vera megin atriði að einhver sjötugur maður fái 20 milljónir fyrir jörðina en ekki fimm.

Viðmælandi taldi óraunhæft að skylda menn til að búa á jörðum: “Hvernig heldur þú að það liti út ef þú ættir hús á Laugaveginum og værir skyldaður til að búa í því?” Sami viðmælandi setur meira spurningamerki við hvort ætti að vera með óheftan aðgang erlendra aðila að jarðakaupum hérlandis.”

Annar viðmælandi orðaði það svo:

Ég held næstum að þetta sé eitt af því fáránlega að ætla sér að reyna þetta. Ég held að það sé miklu meira atriði í þessu máli ef að við hugsum þetta, það væri að skipta útsvari, gera það, t.d. einhverjar svoleiðis leiðir. Þá væru allir miklu sáttari. Því ég held að ef á að skylda fólk til að búa á jörðum þá fer bara í gang allskyns vitleysa. Ég meina, hver á að elta, hver ætlar að gá að því hvort einhver sofi í svefnherberginu.

Nánari greining

Heldur herra hlutfall svarenda af norðursvæðinu en suðursvæðinu er sammála því að það eigi ávallt að leitast við að tryggja land undir landbúnað sem og að það eigi að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum. Það vekur athygli að svarendur af suðursvæðinu þar sem talið er að meiri breytingar hafi orðið á eignarhaldi og meiri skipulagning frístundabyggðar telja í minna mæli að að tryggja þurfi land undir landbúnað eða setja þurfi lög sem takmarka eignarhald á jörðum en svarendur af norðursvæðinu þar sem breytingar hafa verið minni.

Nokkuð misjafnt er eftir hvaða stjórnvaldsaðgerðir eiga í hlut hversu mikill munur kemur fram eftir atvinnu svarenda. Gegnum gangandi virðast þó svarendur sem stunda svína-, alifugla-, loðdýrarækt, garðyrkju og ylrækt, mjólkur- og nautakjötsframleiðslu eða sauðfjárrækt vera í meira mæli en aðrir á því að tryggja þurfi land undir landbúnað, takmarka eigi eignarhald á jörðum og skylda eigendur til að búa á þeim. Þeir sem stunda ferðaþjónustu, aðra atvinnugrein en landbúnað, hrossarækt og og skógrækt taka ekki eins eindregna afstöðu en þó skera þeir sem stunda skógrækt sig úr hvað varðar lagasetningu til takmörkunar á eignarhaldi jarða, þar eru þeir meðal þeirra sem hlynntastir eru því. Erfitt er að draga miklar ályktanir af þessum afstöðumun en þó kann að vera að hluti skýringanna felist í að svarendur sem stunda búgreinar sem krefjast meiri landnotkunar t.d. undir beit eða vegna ræktunar taki eindregnari afstöðu til að tryggja þurfi land undir landbúnað. Þeir séu um leið hlynntari lagasetningu sem takmarki eignarhald. Ennfremur kann að vera að búseta á jörðum skipti meira máli fyrir bændur í ákveðnum greinum en öðrum. Hugsanlegt er að bændur sem stunda mjög árstíðabundnar atvinnugreinar eins og skógrækt og ferðaþjónustu séu ekki eins bundnir af vinnustað og telji því ekki eins mikilvægt og t.d. mjólkur- og nautakjötsframleiðendur ásamt sauðfjárbændum að skylda eigendur jarða til að búa á þeim.

Eldri svarendur eru heldur meira sammála því að ávallt eigi að tryggja land undir landbúnað, setja eigi lög sem koma í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila og skylda eigendur jarða til að búa á þeim. Hinsvegar eru svarendur úr yngsta aldurshópnum hlynntastir lagasetningu til takmörkunar á eignarhaldi jarða. Hugsanleg skýring er að yngri ábúendur og bændur horfi til nýliðunar og eigin stöðu hvað varðar kaup á landi undir búrekstur. Eldri bændur sem eru á leið út úr búskap geri frekar þann fyrirvara um takmörkun á eignarhaldi með lögum að slíkar takmarkanir gætu lækkað jarðarverð.

Svarendur sem aldir eru upp í sveit alveg eða að hluta til telja frekar en þeir sem ekki eru aldir upp í sveit að setja eigi lög sem koma í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila og að skylda eigi eigendur jarða til að búa á þeim. Erfitt er að skýra þennan aldurstengda mun en ein hugsanleg skýring er meiri tengsl þeirra sem aldir eru upp í sveit við landið eða jafnvel annað mat á landinu sem ákveðinni auðlind sem þjóðin megi ekki missa forræði yfir.

Ábúendur á jörðum í eigu annarra hvort sem er opinberra eða einkaaðila eru frekar hlynntir lagasetningu sem takmarkar eignarhald á jörðum heldur en ábúendur sem eru eigendur jarða einir eða ásamt fleirum. Þannig er tæpur þriðjungur svarenda úr hópi ábúenda sem eru jafnframt eigendur einir mjög eða frekar ósammála því að sett verði lög sem takmarki eignarhald á jörðum. Hugsanleg skýring á afstöðumun hér er að núverandi eigendur jarða horfi í meira mæli til hugsanlegra afleiðinga eða áhrifa af lagasetningu á þá sjálfa sem eigendur. Aðrir svarendur horfi meira á kosti lagasetningar fyrir þá sem ekki eru eigendur með það í huga að takmörkun á eignarhaldi hafi áhrif til lækkunar á landverði og auðveldi þar með ábúendum sem ekki eiga nú þegar jarðir að kaupa sér land.


Svarendur úr hópi ábúenda á jörðum í eigu opinberra aðila telja frekar en aðrir að skylda eigi eigendur jarða til að búa á þeim. Svarendur úr hópi ábúenda sem eiga jörðina með fleirum og ábúendur jarða í eigu annarra einkaaðila eru í minna mæli hlynntir slíkri skyldu. Ábúendur sem eru eigendur jarða einir eða ásamt maka eru síst hlynntir skyldu eigenda til að búa á jörðum. Þar eru skoðanir skiptastar og rétt rúmur helmingur svarenda mjög eða frekar sammála því að skylda eigi eigendur jarða til að búa á þeim. Hér kann eins og áður að ráða ferðinni að svarendur úr hópi núverandi eigenda horfi frekar til neikvæðra áhrifa slíkrar skyldu út frá eigendum sjálfum, t.d. ef þeim hugnaðist að flytja um set en kærðu sig ekki um að láta jörðina af hendi. Aðrir úr hópi ábúenda sem ekki eru einir eigendur horfi meira til afleiðinga sem tengjast fækkun jarða í sjálfsábúð, þ.e. að slíkt leiði annaðhvort til fjölgunar leiguliða meðal bænda, fleiri jarða í eyði eða minni fastrar búsetu svo eitthvað sé nefnt.

10 Markmið núverandi ábúenda

Í rannsókninni er sjónum beint að breytingum á eignarhaldi jarða síðustu ár og áhrifum á samfélög til sveita. Það þótti áhugavert að kanna markmið ábúenda sjálfra sem eru að upplifa þessar breytingar. Hver er líkleg þróun meðal núverandi ábúenda til sveita? Hafa þeir áhuga á að búa í sveit og stunda landbúnað? Hvaða augum líta núverandi ábúendur eignarhald á jörðum, er jarðareign valkostur til frístunda í þeirra huga, líta þeir á kaup á jörð sem langtíma- eða skammtímafjárfestingu, hversu líklegt er að þeir selji jarðir sínar á næstu árum? Það er ljóst að markmið núverandi ábúenda geta ráðið heilmiklu um þróun næstu ára. Hér á eftir fara niðurstöður úr nokkrum spurningum um markmið ábúenda með búsetu og jarðakaupum.

Búa í sveit

Þátttakendur voru spurðir hversu vel eða illa þeir teldu eiga við um sig að þeir vildu búa í sveit (sjá mynd 61).




Mynd 61 Ég vil búa í sveit. N=455

Nær allir svarendur telja það eiga mjög eða frekar vel við sig að þeir vilji búa í sveit. Niðurstaðan er mjög afgerandi þar sem 84% telja það eiga mjög vel við sig. Það er umhugsunarefni að aðrar rannsóknir hafa fremur beinst að viðhorfum þeirra sem ekki búa í sveit og leitt í ljós að fólk í þéttbýli lítur í meira mæli á kyrrð, öruggara umhverfi og náttúru sem eftirsóknarverð lífsgæði þegar það íhugar að flytjast út á land. Lífsgæði sem tengjast með beinum hætti því að búa í sveit.

Áhuga á landbúnað

Í könnuninni var einnig leitað eftir afstöðu svarenda til hversu vel eða illa þeir teldu eiga við sig fullyrðinguna um að þeir hefðu áhuga á að stunda landbúnað (sjá mynd 62).




Mynd 62 Ég hef áhuga á að stunda landbúnað. N=407

Mikil meirihluti svarenda (88%) telur það eiga mjög eða frekar vel við sig að þeir hafi áhuga á að stunda landbúnað. Það vekur athygli að aðeins 9% svarenda telur fullyrðinguna eiga mjög eða frekar illa við sig.

Valkostur til frístunda

Þátttakendur voru spurðir hversu vel að illa það ætti við þá að líta á það sem góðan kost að eiga jörð til að verja tíma í frístundum (sjá mynd 63).




Mynd 63 Það er góður kostur að eiga jörð til að verja tíma í frístundum. N=405

Meirihluti svarenda (68%) telur það eiga mjög vel við sig að líta á jarðeign sem góðan kost til að verja tíma í frístundum. 20% telur fullyrðinguna eiga mjög eða frekar illa við sig. Samkvæmt þessu er stór hluti ábúenda sem lítur á jarðeign sem góðan kost til frístunda.

Skammtímafjárfesting

Í könnuninni var jafnframt leitað eftir viðhorfi ábúenda jarða til jarðakaupa. Þátttakendur voru fyrst spurðir um afstöðu til hversu vel eða illa það ætti við þá að þeir litu á jarðakaup sem skammtímafjárfestingu (sjá mynd 64).




Mynd 64 Ég lít á jarðakaup sem skammtímafjárfestingu. N=381

Mikill meirihluti svarenda (84%) telur það eiga mjög eða frekar illa við um sig að þeir líti á jarðakaup sem skammtímafjárfestingu. 2% telur fullyrðinguna eiga vel við um sig og 13% tekur ekki afstöðu.

Langtímafjárfesting

Þátttakendur voru jafnframt spurðir um afstöðu til hversu vel eða illa þeir teldu eiga við um sig að þeir líti á jarðakaup sem langtímafjárfestingu (sjá mynd 65).




Mynd 65 Ég lít á jarðakaup sem langtímafjárfestingu. N=408

Mikill meirihluti svarenda (88%) lítur á jarðakaup sem langtímafjárfestingu. 4% telur fullyrðinguna eiga illa við um sig.

Jarðasala

Þátttakendur í könnuninni voru jafnframt spurðir hversu líklegt eða ólíklegt þeir teldu að jörðin sem þeir byggju á eða ættu yrði seld innan fimm ára (sjá mynd 66).




Mynd 66 Að jörðin sem ég á/bý á verði seld innan fimm ára. N=435

Meirihluti svarenda (79%) telur mjög eða frekar ólíklegt að jörðin sem þeir búa á og eða eiga verði seld innan fimm ára. 8% svarenda telur mjög eða frekar líklegt að jörðin sem þeir búa á og eða eiga verði seld innan fimm ára. 13% veit ekki eða hefur ekki tekið afstöðu.

Nánari greining:

Afstaða þátttakenda til jarðakaupa sem langtímafjárfestingar var greind eftir búsetu (sjá mynd 67).




Mynd 67 Ég lít á jarðakaup sem langtímafjárfestingu. Greint eftir búsetu.⁴⁴

Lítill munur kemur fram á afstöðu eftir búsetu en þó vekur athygli að heldur lægra hlutfall svarenda af suðursvæðinu (93%) en af norðursvæðinu (98%) lítur á jarðakaup sem langtímafjárfestingu.

⁴⁴ $\chi^2(1)4,98$ $p<0,05$


Nokkur munur kom fram á afstöðu til hversu góður kostur væri að eiga jörð til að dvelja á í frístundum eftir atvinnu svarenda. Hér verður eins og áður að hafa í huga að margir svarendur stunda fleiri en eina atvinnugrein eða búgrein (sjá mynd 68).



Mynd 68 Það er góður kostur að eiga jörð til að dvelja á í frístundum. Greint eftir atvinnu.

Það virðist þó vera að þeir sem nefna aðra atvinnugrein en landbúnað og þeir sem stunda skógrækt og hrossarækt telji fremur en aðrir að það sé góður kostur að eiga jörð til að dvelja á í frístundum. Hugsanleg skýring er sú að þeir sem stunda aðra atvinnugrein en hefðbundinn landbúnað geri frekar greinarmun á frístundum og atvinnu. Sérstaklega gæti það átt við þá sem sækja vinnu annað. Ennfremur að þeir sem stundi skógrækt og hrossarækt séu í meira mæli að sameina vinnu og frístundir en aðrir.


Líkur á að jörðin sem svarendur búa á verði seld innan fimm ára voru greindar eftir atvinnu (sjá mynd 69).



Mynd 69 Að jörðin sem ég á/bý á verði seld innan fimm ára. Greint eftir atvinnu.

Lítill munur kemur fram eftir atvinnu svarenda hversu líklegt er að jörðin verði seld innan fimm ára. Erfitt er því að draga nokkrar ályktanir hér. Þó vekur athygli að hæst hlutfall þeirra sem er í hrossarækt (11%) telur líklegt að jörðin verði seld innan fimm ára og lægsta hlutfallið er meðal þeirra sem eru í skógrækt (3%).

Afstaða til hversu vel eða illa eigi við svarendur að þeir hafi áhuga á að stunda landbúnað var greind eftir aldri (sjá mynd 70).




Mynd 70 Ég hef áhuga á að stunda landbúnað. Greint eftir aldri.⁴⁵

Mikill meirihluti svarenda hefur áhuga á að stunda landbúnað. Áhuginn virðist þó að hluta aldurstengdur og vera meiri eftir því sem svarendur eru yngri. Þannig telja 98% svarenda yngri en 40 ára að þeir hafi áhuga á landbúnaði á meðan aðeins lægra hlutfall þeirra sem eru á aldrinum 40-59 ára (92%) og eldri en 60 ára (87%) er á þeirri skoðun.

Greining leiddi í ljós mun á afstöðu svarenda eftir aldri til hversu góðan kost þeir teldu það vera að eiga jörð til að verja tíma í frístundum (sjá mynd 71).


⁴⁵ $\chi^2(2) 5,20$ $p < 0,1$



Mynd 71 Það er góður kostur að eiga jörð til að dvelja á í frístundum. Greint eftir aldri.⁴⁶

Munur á afstöðu eftir aldri er ekki mjög afgerandi enda meirihluti allra aldurshópa á að það sé góður kostur að eiga jörð til að dvelja á í frístundum. Elsti aldurshópurinn, þeir sem komnir eru yfir sextugt, líta þó frekar en yngri svarendur á það sem góðan kost að eiga jörð til að verja tíma í frístundum. Það kemur ekki á óvart að eldri ábúendur skuli í meira mæli líta á jarðir sem góðan kost til að eiga í frístundum en það séu síðan yngri ábúendur sem í meira mæli hafi áhuga á að stunda landbúnað þrátt fyrir að um meirihluta skoðun sé að ræða í báðum tilfellum.

Líkur á að jörðin sem svarendur búa á verði seld innan fimm ára voru greindar eftir aldri (sjá mynd 72).



Mynd 72 Að jörðin sem ég á/bý á verði seld innan fimm ára. Greint eftir aldri.⁴⁷

⁴⁶ $\chi^2(2)6,24$ $p<0,05$

⁴⁷ $\chi^2(2)12,17$ $p<0,01$

Eldri svarendur telja líklegra en þeir yngri að jörðin sem þeir búa á verði seld innan fimm ára. 16% svarenda 60 ára og eldri telja það líklegt og 7% þeirra sem eru á aldrinum 40-59 ára. Enginn úr hópi svarenda á aldrinum 39 ára og yngri telur líklegt að jörðin verði seld innan fimm ára. Hugsanleg skýring er að eldri svarendur eru nær því að hætta búskap eða annarri atvinnu og þeir allra elstu sjái fyrir sér sölu á jörðinni eftir það. Aldurstengd skoðun hér gefur til kynna að ákveðin festa ríki meðal þeirra sem búa í dag á jörðunum og þeir áformi að starfa og búa áfram á þeim.

10.1 Samantekt

Í kaflanum á undan hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum úr þeim hluta rannsóknarinnar er sneri að markmiðum núverandi ábúenda en það er ljóst að markmið núverandi ábúenda geta ráðið heilmiklu um þróun næstu ára. Hér á eftir verða niðurstöður kaflans dregnar saman og dýpri skýringa leitað á viðhorfum úr rannsókninni. Þar er einkum stuðst við gögn úr viðtölum við viðmælendur sem leitað var til samhliða spurningakönnuninni.

Mikill meirihluti svarenda (84%) telur það eiga mjög eða frekar vel við sig að þeir vilji búa í sveit og 88% eru á því að þeir hafi áhuga á að stunda landbúnað. Heldur lægra hlutfall en þó meirihluti svarenda (68%) telur það eiga mjög vel við sig að líta á jarðeign sem góðan kost til að verja tíma í frístundum. 20% telur fullyrðinguna eiga mjög eða frekar illa við sig. Samkvæmt þessu er þó stór hluti núverandi ábúenda sem lítur á jarðeign sem góðan kost til frístunda.

Mikill meirihluti svarenda (88%) lítur á jarðakaup sem langtímafjárfestingu og svipað hlutfall (84%) telur það eiga mjög eða frekar illa við um sig að þeir líti á jarðakaup sem skammtímafjárfestingu. Meirihluti svarenda (79%) telur jafnframt mjög eða frekar ólíklegt að jörðin sem þeir búa á og eða eiga verði seld innan fimm ára. 8% svarenda telur mjög eða frekar líklegt að jörðin sem þeir búa á og eða eiga verði seld innan fimm ára. 13% veit ekki eða hefur ekki tekið afstöðu.

Nánari greining

Lítill munur kemur fram á afstöðu eftir búsetu en þó vekur athygli að heldur lægra hlutfall svarenda af suðursvæðinu en af norðursvæðinu lítur á jarðakaup sem langtímafjárfestingu.

Nokkur munur kom fram á afstöðu eftir atvinnu svarenda til hversu góður kostur sé að eiga jörð til að dvelja á í frístundum. Það virðist þó vera að þeir sem nefna aðra atvinnugrein en landbúnað og þeir sem stunda skógrækt og hrossarækt telji fremur en aðrir að það sé góður kostur að eiga jörð til að dvelja á í frístundum. Hugsanleg skýring er sú að þeir sem stunda aðra atvinnugrein en hefðbundinn landbúnað geri frekar greinarmun á frístundum og atvinnu. Sérstaklega gæti það átt við þá sem sækja vinnu annað. Ennfremur að þeir sem stundi skógrækt og hrossarækt séu í meira mæli að sameina vinnu og frístundir en aðrir.

Lítill munur kemur fram eftir atvinnu svarenda hversu líklegt er að jörðin verði seld innan fimm ára. Erfitt er því að draga nokkrar ályktanir hér. Þó vekur athygli að hæst hlutfall þeirra sem er í hrossarækt telur líklegt að jörðin verði seld innan fimm ára og lægsta hlutfallið er meðal þeirra sem er í skógrækt.

Áhugi svarenda á að stunda landbúnað virðist að hluta aldurstengdur og vera meiri eftir því sem svarendur eru yngri. Elsti aldurshópurinn, þeir sem komnir eru yfir sextugt, lítur hinsvegar frekar en yngri svarendur á það sem góðan kost að eiga jörð til að verja tíma í frístundum. Það kemur ekki á óvart að eldri ábúendur skuli í meira mæli líta á jarðir sem góðan kost til að eiga í frístundum en það séu síðan yngri ábúendur sem í meira mæli hafi áhuga á að stunda landbúnað þrátt fyrir að um meirihluta skoðun sé að ræða í báðum tilfellum.


Eldri svarendur telja líklegra en þeir yngri að jörðin sem þeir búa á verði seld innan fimm ára. Hugsanleg skýring er að eldri svarendur eru nær því að hætta búskap eða annarri atvinnu og þeir allra elstu sjái fyrir sér sölu á jörðinni eftir það. Aldurstengd skoðun hér gefur til kynna að ákveðin festa ríki meðal þeirra sem búa í dag á jörðunum og þeir áformi að starfa og búa áfram á þeim.

11 Áform núverandi ábúenda

Meginmarkmið rannsóknarinnar er eins og fram hefur komið að greina áhrif breytinga á eignarhaldi jarða á samfélög til sveita. Það er ljóst að hluti af þeim samfélagsbreytingum sem standa yfir kunna einnig að vera hluti af breyttum atvinnu- og búsetuháttum almennt. Til að varpa ljósi á þann þátt var leitað eftir í hversu miklum mæli ábúendur jarða hefðu byggt upp aðra atvinnustarfsemi en landbúnað á jörðinni. Ennfremur í hversu miklum mæli skipulagt hefði verið land undir sumarhús. Til að leggja mat á líklega þróun næstu árin var spurt um áform þátttakenda hvað varðar aðra atvinnustarfsemi og skipulagningu lands undir sumarhús. Í þessum kafla er fjallað um stöðu og áform núverandi ábúenda en það er ljóst að samfélagsbreytingar í sveitum landsins eru ekki einungis afleiðing aukinnar eftirspurnar eftir landi heldur kann að vera að núverandi ábúendur séu jafnframt þátttakendur í breyttri samfélagsmynd bæði hvað varðar landnotkun og atvinnuhætti.

Uppbygging á annarra atvinnustarfsemi

Í könnuninni voru þátttakendur spurðir hvort þeir hefðu byggt upp aðra atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað (sjá mynd 73).




Mynd 73 Hefur þú byggt upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað? N=453

Mikill meirihluti svarenda (79%) hafði ekki byggt upp aðra atvinnustarfsemi en landbúnað. 21% svöruðu spurningunni játandi og samkvæmt því hefur rúmur 1/5 hluti svarenda byggt upp aðra atvinnustarfsemi. Samkvæmt þessu hefur ákveðinn hluti svarenda byggt upp aðra atvinnustarfsemi á jörðinni og að auki kemur fram í rannsókninni þar sem spurt er um atvinnu að 38% svarenda hefur aðra atvinnu að aðalstarfi eða stundar aðra atvinnustarfsemi meðfram landbúnaðarstörfum.

Áform um aðra atvinnustarfsemi

Þátttakendur voru spurðir um hversu líklegt eða ólíklegt væri að það ætti við um þá að þeir áformuðu að byggja upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað (sjá mynd 74).




Mynd 74 Ég hef áform um að byggja upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað. N= 429

Meirihluti svarenda (72%) telur mjög eða frekar ólíklegt að þeir áformi að byggja upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað. 20% svarenda telja slík áform mjög eða frekar líkleg.

Skipulagning á sumarhúsalóðum

Þátttakendur voru spurðir sérstaklega um hvort skipulagðar hefðu verið sumarbústaðalóðir á jörðinni sem þeir ættu eða byggju á (sjá mynd 75).




Mynd 75 Hafa verið skipulagðar sumarbústaðalóðir á jörðinni sem þú átt/býrð á? N=459

Í miklum meirihluta tilvika (87%) hafa ekki verið skipulagðar sumarbústaðalóðir á jörðum ábúenda. 13% svara því játandi að sumarbústaðalóðir hafi verið skipulagðar á þeim jörðum sem þeir eiga eða búa á.

Áform um skipulagningu sumarhúsalóða

Með sama hætti voru þátttakendur spurðir hversu líklegt eða ólíklegt það væri að það ætti við um þá að þeir áformuðu að skipuleggja sumarbústaðalóðir á jörðinni sem þeir ættu eða byggju á (sjá mynd 76).




Mynd 76 Áformað er að skipuleggja sumarhúsalóðir á jörðinni sem ég á/bý á. N= 429

Meirihluti svarenda (79%) telur áform um skipulagningu sumarhúsalóða á jörðinni sem þeir eiga eða búa á mjög eða frekar ólíkleg. 15% telja slík áform mjög eða frekar líkleg.

Nánari greining:

Athugað var eftir búsetu svarenda hvort þeir hefðu byggt upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað. Sjá mynd 77).




Mynd 77 Hefur þú byggt upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað? Greint eftir búsetu.⁴⁸

Hærra hlutfall svarenda af suðursvæðinu (26%) hefur byggt upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað heldur en af norðursvæðinu (18%).

⁴⁸ $\chi^2(1)5,15$ $p<0,01$


Athugað var eftir búsetu hvort svarendur hefðu skipulagt sumarbústaðalóðir á jörðinni (sjá mynd 78).



Mynd 78 Hafa verið skipulagðar sumarbústaðalóðir á jörðinni sem þú átt/býrð á? Greint eftir búsetu.⁴⁹

Mun hærri hlutfall svarenda af suðursvæðinu (18%) hefur skipulagt sumarbústaðalóðir á jörðinni heldur en af norðursvæðinu (9%).

Áform um að byggja upp aðra atvinnustarfsemi voru greind eftir búsetu svarenda (sjá mynd 79).




Mynd 79 Ég hef áform um að byggja upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað. Greint eftir búsetu.⁵⁰

Svarendur af suðursvæðinu (27%) áforma í mun meira mæli að byggja upp aðra atvinnustarfsemi en svarendur af norðursvæðinu (17%).

⁴⁹ $\chi^2(1)8,13$ $p<0,01$

⁵⁰ $\chi^2(1)5,69$ $p<0,05$


Athugað var eftir búgreinum eða annarri atvinnu svarenda hvort þeir hefðu byggt upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað. (Sjá mynd 80).



Mynd 80 Hefur þú byggt upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað? Greint eftir atvinnu.

Svarendur úr hópi þeirra sem stunda ferðapjónustu skera sig hér úr en 85% þeirra hefur byggt upp annarskonar atvinnustarfsemi en landbúnað á jörðinni. Hér ber að hafa í huga að misjafnt kann að vera með hvaða hætti menn skilgreina landbúnað og hér er hugsanlegt að þeir sem eru í ferðapjónustu felli hana ekki undir skilgreiningu á landbúnaði. 32% svarenda sem stunda aðra atvinnugrein en landbúnað hefur byggt upp aðra atvinnustarfsemi á jörðinni, 30% þeirra sem eru í skógrækt, 24% þeirra sem stunda svína-, alifugla-, loðdýrarækt, garðyrkju eða yl rækt og 20% þeirra sem eru í hrossarækt. Þá hafa 19% þeirra sem eru í sauðfjárrækt byggt upp aðra atvinnustarfsemi á jörðinni. Svarendur úr hópi mjólkur- og nautakjötsframleiðenda hafa í minnstum mæli byggt upp aðra atvinnustarfsemi eða 13% þeirra.


Athugað var eftir atvinnu hvort skipulagðar hefðu verið sumarbústaðalóðir á jörðinni (sjá mynd 81).



Mynd 81 Hafa verið skipulagðar sumarbústaðalóðir á jörðinni sem þú átt/býrð á? Greint eftir atvinnu.

Hæst hlutfall svarenda sem stunda ferðapjónustu (29%) hefur skipulagt sumarbústaðalóðir, 26% af þeim sem stunda skógrækt og 17% þeirra sem stunda aðra atvinnugrein en landbúnað hafa skipulagt sumarbústaðalóðir á jörðinni. Hér eins og áður verður að hafa í huga að flestir svarendur merktu við fleiri en eina búgrein/atvinnu. Það virðist þó vera að þeir sem stunda ferðapjónustu, skógrækt og aðra atvinnu en landbúnað séu líklegri til að hafa skipulagt sumarbústaðalóðir á jörð sinni en aðrir. Hugsanleg skýring er að þeir sem stunda aðrar greinar eins og mjólkur- og nautakjötsframleiðslu, sauðfjárrækt og hrossarækt, megi síður missa land undir annað en ræktun og beit. Eins vekur athygli að þeir sem stunda svína-, alifugla-, loðdýrarækt, garðyrkju og ylrækt virðast í minna mæli en aðrir hafa skipulagt sumarbústaðalóðir.

Áform um að byggja upp aðra atvinnustarfsemi voru greind eftir atvinnu svarenda (sjá mynd 82).




Mynd 82 Ég hef áform um að byggja upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað. Greint eftir atvinnu.

Langhæst hlutfall svarenda sem stunda ferðapjónustu (73%) telur áform um uppbyggingu á annarri atvinnustarfsemi líkleg. Af þeim sem stunda skógrækt telja 36% líklegt að þeir byggji upp aðra atvinnustarfsemi, 33% þeirra sem stunda aðra atvinnu en landbúnað og 31% þeirra er stunda svína-, alifugla-, loðdýrarækt, garðyrkju eða ylrækt er sama sinnis. Svarendur úr hópi mjólkur- og nautakjötsframleiðenda telja minnst líklegt að þeir byggji upp aðra atvinnustarfsemi (9%), 18% þeirra sem stunda sauðfjárrækt telja það líklegt og 28% þeirra sem eru í hrossarækt. Þannig virðist sem svarendur úr ákveðnum búgreinum séu líklegri til að byggja upp aðra atvinnustarfsemi en aðrir. Hugsanleg skýring er að sumar greinar eru meira

árstíðabundnar en aðrar og þurfa þeir sem þær stunda því fremur að huga að öðrum störfum meðfram. Má þar nefna ferðaþjónustu og skógrækt.


Áform um skipulagningu sumarhúsalóða voru greind eftir atvinnu svarenda. (sá mynd 83).



Mynd 83 Áformað er að skipuleggja sumarhúsalóðir á jörðinni sem ég á/bý á. Greint eftir atvinnu.

Svarendur sem stunda skógrækt (51%) og ferðaþjónustu (38%) eru líklegri til að skipuleggja sumarhúsalóðir en aðrir. Næst koma svarendur sem stunda aðra atvinnugrein en landbúnað (22%) og þeir sem stunda hrossarækt (18%). Af þeim sem stunda svína-, alifugla-, loðdýrarækt, garðyrkju eða yl rækt telja 16% mjög eða frekar líklegt að þeir skipuleggi sumarhúsalóðir. Lægst hlutfall mjólkur- og nautakjötsframleiðenda (10%) og þeirra sem stunda sauðfjárrækt (13%) telja slík áform líkleg. Nokkra samsvörun má finna með áformum svarenda um skipulagningu sumarhúsalóða og uppbyggingu á annarri atvinnustarfsemi.

Áform um að byggja upp aðra atvinnustarfsemi voru greind eftir aldri svarenda (sjá mynd 84).




Mynd 84 Ég hef áform um að byggja upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað. Greint eftir aldri.⁵¹

⁵¹ $\chi^2(6)17,11$ $p<0,01$

Svarendur á aldrinum 40-59 ára telja líklegra en aðrir að áform um að byggja upp aðra atvinnustarfsemi eigi við um þá. 27% þeirra telja það mjög eða frekar líklegt. 20% þeirra sem eru 39 ára og yngri eru sama sinnis á meðan lægst hlutfall (15%) svarenda úr aldurshópnum 60 ára og eldri telur mjög eða frekar líklegt að áform um að byggja upp aðra atvinnustarfsemi eigi við um þá.


Athugað var eftir hvenær jörð hefði verið keypt hvort skipulagðar hefðu verið sumarbústaðalóðir (sjá mynd 85).



Mynd 85 Hafa verið skipulagðar sumarbústaðalóðir á jörðinni sem þú átt/býrð á? Greint eftir hvenær síðast keypt jörð/jarðir.⁵²

Hæst hlutfall svarenda sem keypti jörð á árunum 1990-1999 (19%) hefur skipulagt sumarbústaðalóðir á jörðinni. 13% þeirra sem keyptu fyrir árið 1990 hafa skipulagt sumarbústaðalóðir og 5% þeirra sem keyptu á árunum 2000 til 2007.

Áform um að byggja upp aðra atvinnustarfsemi voru greind eftir hvort svarendur væru aldir upp í sveit eða ekki (sjá mynd 86).



Mynd 86 Ég hef áform um að byggja upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað. Greint eftir hvort alin/n upp í sveit.⁵³

⁵² $\chi^2(2)7,26 p<0,05$

⁵³ $\chi^2(2)5,34 p<0,1$

Svarendur sem aldir eru upp í sveit virðast minna líklegir til að byggja upp aðra atvinnustarfsemi en þeir sem ekki eru aldir upp í sveit eða aðeins að hluta til. 19% svarenda sem aldir eru upp í sveit telja mjög eða frekar líklegt að það eigi við um þá að þeir áformi að byggja upp aðra atvinnustarfsemi á jörðinni. 30% þeirra sem ekki eru aldir upp í sveit og 32% þeirra sem aldir eru upp í sveit að hluta til telja mjög eða frekar líklegt að slík áform eigi við um þá.

11.1 Samantekt

Í kaflanum á undan hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum úr þeim hluta rannsóknarinnar er sneri að áformum núverandi ábúenda en það er ljóst að samfélagsbreytingar í sveitum landsins eru ekki einungis afleiðing aukinnar eftirspurnar eftir landi heldur kann að vera að núverandi ábúendur séu jafnframt þátttakendur í breyttri samfélagsmynd bæði hvað varðar landnotkun og atvinnuhætti. Hér á eftir verða niðurstöður kaflans dregnar saman og dýpri skýringa leitað á viðhorfum úr rannsókninni. Þar er einkum stuðst við gögn úr viðtölum við viðmælendur sem leitað var til samhliða spurningakönnuninni.

Mikill meirihluti svarenda (79%) hefur ekki byggt upp aðra atvinnustarfsemi en landbúnað. 21% svöruðu spurningunni játandi og samkvæmt því hefur rúmur 1/5 hluti svarenda byggt upp aðra atvinnustarfsemi. Að auki kemur fram í rannsókninni þar sem spurt er um atvinnu að 38% svarenda hefur aðra atvinnu að aðalstarfi eða stundar aðra atvinnustarfsemi meðfram landbúnaðarstörfum. Meirihluti svarenda (72%) telur ennfremur mjög eða frekar ólíklegt að þeir áformi að byggja upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað. 20% svarenda telja slík áform mjög eða frekar líkleg.

Í miklum meirihluta tilvika (87%) hafa ekki verið skipulagðar sumarbústaðalóðir á jörðum ábúenda. 13% svara því játandi að sumarbústaðalóðir hafi verið skipulagðar á þeim jörðum sem þeir eiga eða búa á. Meirihluti svarenda (79%) telur jafnframt áform um skipulagningu sumarhúsalóða á jörðinni sem þeir eiga eða búa á mjög eða frekar ólíkleg. 15% telja slík áform mjög eða frekar líkleg.

Nánari greining

Hærra hlutfall svarenda af suðursvæðinu en af norðursvæðinu hefur byggt upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað. Mun hærra hlutfall svarenda af suðursvæðinu hefur einnig skipulagt sumarbústaðalóðir á jörðinni heldur en af norðursvæðinu. Svarendur af suðursvæðinu áforma í mun meira mæli að byggja upp aðra atvinnustarfsemi en svarendur af norðursvæðinu.

Nokkrir viðmælendur töldu að nálægðin við höfuðborgarsvæðið skipti máli fyrir áform ábúenda.

Að sögn viðmælanda á þetta sér alveg eðlilegar skýringar:

Ég er með sumarhús hérna og fólki finnst hreinlega bara of langt að keyra hingað frá Reykjavík. Þannig að ég myndi aldrei fara að leggja, ef ég myndi skipuleggja sumarbústaðasvæði hérna, það er enginn „business“ í því, það er ekki flóknara en það.

Hann taldi samskonar skýringu vera á meiri áformum um aðra atvinnuuppbyggingu en landbúnað á suðursvæðinu en norðursvæðinu:

Ég held að það séu meiri tækifæri, þetta spilar allt inn í. Þetta er allt erfiðara, ef þú ert lengra frá þá er allt erfiðara í sambandi við alla uppbyggingu. Reykjavík er bara miðpunkturinn og við þurfum að sækja allt þangað. Það þarf að flytja allt til Reykjavíkur og frá Reykjavík. Það verður allt dýrara fyrir okkur sem erum lengra frá.

Nokkur munur kom fram eftir atvinnu svarenda. Svarendur úr hópi þeirra sem stunda ferðaþjónustu skera sig úr en mikill meirihluti þeirra hefur byggt upp annarskonar atvinnustarfsemi en landbúnað á jörðinni. Hér ber að hafa í huga að misjafnt kann að vera með hvaða hætti menn skilgreina landbúnað og hér er hugsanlegt að þeir sem eru í ferðaþjónustu felli hana ekki undir skilgreiningu á landbúnaði. Tæpur þriðjungur svarenda sem stunda aðra atvinnugrein en landbúnað hefur byggt upp aðra atvinnustarfsemi á jörðinni, heldur lægra hlutfall þeirra sem eru í skógrækt, stunda svína-, alifugla-, loðdýrarækt, garðyrkju eða ylrækt og eða eru hrossarækt eða sauðfjárrækt. Svarendur úr hópi mjólkur- og nautakjötsframleiðenda hafa í minnstum mæli byggt upp aðra atvinnustarfsemi.

Hæst hlutfall svarenda sem stundar ferðaþjónustu hefur skipulagt sumarbústaðalóðir. Næst hæst hlutfall þeirra sem stunda skógrækt og eða aðra atvinnugrein en landbúnað hafa skipulagt sumarbústaðalóðir á jörðinni. Hér eins og áður verður að hafa í huga að flestir

svarendur merktu við fleiri en eina búgrein/atvinnu. Það virðist þó vera að þeir sem stunda ferðapjónustu, skógrækt og aðra atvinnu en landbúnað séu líklegri til að hafa skipulagt sumarbústaðalóðir á jörð sinni en aðrir. Hugsanleg skýring er að þeir sem stunda aðrar greinar eins og mjólkur- og nautakjötsframleiðslu, sauðfjárrækt og hrossarækt, megi síður missa land undir annað en ræktun og beit. Eins vekur athygli að þeir sem stunda svína-, alifugla-, loðdýrarækt, garðyrkju og ylrækt virðast í minna mæli en aðrir hafa skipulagt sumarbústaðalóðir.

Langhæst hlutfall svarenda sem stunda ferðapjónustu telur áform um uppbyggingu á annarri atvinnustarfsemi líkleg. Næst hæst hlutfall þeirra sem stunda skógrækt telur líklegt að þeir byggi upp aðra atvinnustarfsemi, þá koma þeir sem stunda aðra atvinnu en landbúnað og eða svína-, alifugla-, loðdýrarækt, garðyrkju eða ylrækt. Svarendur úr hópi mjólkur- og nautakjötsframleiðenda telja minnst líklegt að þeir byggi upp aðra atvinnustarfsemi, þeir sem stunda sauðfjárrækt telja það heldur líklegra og eins þeir sem eru í hrossarækt. Þannig virðist sem svarendur úr ákveðnum búgreinum séu líklegri til að byggja upp aðra atvinnustarfsemi en aðrir. Hugsanleg skýring er að sumar greinar eru meira árstíðabundnar en aðrar og þurfa þeir sem þær stunda því að huga að öðrum störfum meðfram. Má þar nefna ferðapjónustu og skógrækt.

Svarendur sem stunda skógrækt og ferðapjónustu eru líklegri til að skipuleggja sumarhúsaloðir en aðrir. Næst koma svarendur sem stunda aðra atvinnugrein en landbúnað og þeir sem stunda hrossarækt. Þá koma þeir sem stunda svína-, alifugla-, loðdýrarækt, garðyrkju eða ylrækt og lægst hlutfall mjólkur- og nautakjötsframleiðenda og þeirra sem stunda sauðfjárrækt telja slík áform líkleg. Nokkra samsvörun má finna með áformum svarenda um skipulagningu sumarhúsaloða og uppbyggingu á annarri atvinnustarfsemi.

Svarendur á aldrinum 40-59 ára telja líklegra en aðrir að áform um að byggja upp aðra atvinnustarfsemi eigi við um þá. 27% þeirra telja það mjög eða frekar líklegt. 20% þeirra sem eru 39 ára og yngri eru sama sinnis á meðan lægst hlutfall (15%) svarenda úr aldurshópnum 60 ára og eldri telur mjög eða frekar líklegt að áform um að byggja upp aðra atvinnustarfsemi eigi við um þá.

Hæst hlutfall svarenda sem keypti jörð á árunum 1990-1999 (19%) hefur skipulagt sumarbústaðalóðir á jörðinni. 13% þeirra sem keyptu fyrir árið 1990 hafa skipulagt sumarbústaðalóðir og 5% þeirra sem keyptu á árunum 2000 til 2007.

Svarendur sem aldir eru upp í sveit virðast minna líklegir til að byggja upp aðra atvinnustarfsemi en þeir sem ekki eru aldir upp í sveit eða aðeins að hluta til. 19% svarenda sem aldir eru upp í sveit telja mjög eða frekar líklegt að það eigi við um þá að þeir áformi að byggja upp aðra atvinnustarfsemi á jörðinni. 30% þeirra sem ekki eru aldir upp í sveit og 32% þeirra sem aldir eru upp í sveit að hluta til telja mjög eða frekar líklegt að slík áform eigi við um þá.

Heimildaskrá

Björn Teitsson. (1973). *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.

Saga Íslands I. (1974). Samin að tilhlutan þjóðhátíðarnefndar 1974. Ritstjóri Sigurður Línal. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélagið.

Saga Íslands II. (1975). Samin að tilhlutan þjóðhátíðarnefndar 1974. Ritstjóri Sigurður Línal. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélagið.

Saga Íslands III. (1978). Samin að tilhlutan þjóðhátíðarnefndar 1974. Ritstjóri Sigurður Línal. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, Sögufélagið.

Viðauki I Bakgrunnur þátttakenda

Tafla 1 Bakgrunnur þátttakenda í könnuninni

Kyn

	Hlutfall	Fjöldi
Karl	82,9	383
Kona	17,1	79
Alls	100	462

Aldur

	Hlutfall	Fjöldi
39 ára og yngri	10,1	46
40-49 ára	22,3	102
50-59 ára	26,7	122
60-69 ára	18,4	84
70 ára og eldri	22,5	103
Alls	100	457

Hjúskaparstaða

	Hlutfall	Fjöldi
Einhleypur	10,8	50
Gift/kvæntur	63,6	293
Í sambúð	15,6	72
Fráskilin(n)	3,7	17
Ekkja/ekkill	6,3	29
Alls	100	461

Menntun

	Hlutfall	Fjöldi
Grunnskóla-eða gagnfræðapróf	42,2	193
Stúdentspróf	2,8	13
Próf í iðngrein	7,4	34
Styttra framhaldsnám (t.d. búfræðinám, sjúkraliðanám)	27,1	124
Lengra framhaldsnám (fyrsta háskólagráða)	11,6	53
Framhaldsnám á háskólastigi (meistaragráða, doktorsgráða)	2,8	13
Ekkert af ofantöldu	5,9	27
Alls	100	457

Búseta*

	Hlutfall	Fjöldi
Reykjavík og Reykjanes	2,2	10
Vesturland	14,2	65
Vestfirðir	3,7	17
Norðurland vestra	19,7	90
Norðurland eystra	21,8	100
Austurland	10,3	47
Suðurland	28,2	129
Alls	100	458

*Skipting í svæði eftir búsetu tekur mið af kjördæmaskiptingunni frá því fyrir árið 2003 nema Reykjavík og Reykjanes er sett saman í eitt svæði þar sem mjög fáir svarendur komu af því svæði.

Atvinna	Aðal- búgrein		Búgrein 2		Búgrein 3		Búgrein óháð umfangi		Alls í búgrein*	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	% **
Mjólkurframleiðsla	98	39,0	2	1,0	0	0	42	13,1	142	30,8
Nautakjötsframleiðsla	1	0,4	55	26,7	19	17,4	27	8,4	102	22,1
Sauðfjárrækt	63	25,1	54	26,2	30	27,5	106	33,0	253	54,9
Svínarækt	2	0,8	0	0	0	0	2	0,6	4	0,9
Alifuglarækt	2	0,8	1	0,5	4	3,7	3	0,9	10	2,2
Garðyrkja/ylrækt	8	3,2	5	2,4	4	3,7	12	3,7	29	6,3
Hrossarækt/tamningar o.þ.h.	10	4,0	32	15,5	20	18,3	30	9,3	92	20,0
Loðdýrarækt	2	0,8	0	0	0	0	2	0,6	4	0,9
Ferðaþjónusta	12	4,8	9	4,4	6	5,5	8	2,5	35	7,6
Skógrækt	7	2,8	12	5,8	11	10,1	13	4,0	43	9,3
Önnur atvinnugrein en landbúnaður, hvað þá helst?	46	18,3	36	17,5	15	13,8	76	23,7	173	37,5
Alls	251	100,0	206	100,0	109	100,0	321	100		

* Fjöldi svarenda alls í búgrein er samanlagður fjöldi þeirra sem tiltaka hvort um er að ræða aðalbúgrein, búgrein sem kemur næst að umfangi, þriðja mest að umfangi og þeirra sem tiltaka búgrein/ar eða atvinnu án þess að tiltekið sé í hvaða röð að umfangi búgreinar koma, þ.e. ef svarendur hafa atvinnu af fleiri en einni búgrein eða starfa við annað en landbúnað.

** Hlutfall svarenda sem starfa við viðkomandi búgrein eða önnur störf af svarendum alls eða 461 sem svöruðu spurningunni. Þannig starfa 30,8% svarenda við mjólkurframleiðslu.

Staða ábúenda

	Hlutfall	Fjöldi
Ég er ábúandi og eigandi jarðarinnar (einn eða ásamt maka)	64,3	297
Ég er ábúandi og eigandi jarðarinnar ásamt fleirum	17,5	81
Ég er ábúandi og jörðin er í eigu opinberra aðila	7,1	33
Ég er ábúandi og jörðin er í eigu annarra einkaaðila	5,4	25
Ég er eigandi jarðarinnar en með fasta búsetu á öðrum stað	1,7	8
Ekkert af ofantöldu, hvað annað á þá við um þig?	3,9	18
Alls	100	462

Ábúð á jörð í árum

	Hlutfall	Fjöldi
0-9	11,8	51
10-19	17,1	74
20-29	21,7	94
30-39	19,6	85
40-49	16,8	73
50 ár og lengur	13,1	57
Alls	100	434

Jörð síðast keypt

	Hlutfall	Fjöldi
Á árunum 2000 til 2007	26,4	84
Á árunum 1990 til 1999	23,6	75
Fyrir árið 1990	50,0	159
Alls	100	318

Ertu alin(n) upp í sveit?

	Hlutfall	Fjöldi
Já	79,3	368
Nei	12,3	57
Já, að hluta	8,4	39
Alls	100	464

Viðauki II Spurningakönnunin



1. maí 2007

Könnun á samfélagslegum áhrifum af breyttu eignarhaldi á jörðum

Ágæti viðtakandi.

Könnunin sem þú hefur nú fengið í hendur er könnun gerð meðal ábúenda jarða um land allt. Henni er ætlað að afla upplýsinga um áhrif breytinga á eignarhaldi jarða á samfélög til sveita. Bakgrunnur rannsóknarinnar er að á síðustu árum hefur eignarhald á jörðum breyst verulega. Talið er að jarðir séu í auknum mæli keyptar undir frístundaiðju eða með önnur markmið að leiðarljósi en að stunda hefðbundinn landbúnað. Markmiðið með þessari rannsókn er að kanna viðhorf ábúenda á jörðum til þessarar þróunar. Rannsóknin er gerð að tilhlutan *Bændasamtaka Íslands* og það er *Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst* sem annast verkið.

Ef þú svarar þessari könnun getur þú átt von á happdrættisvinningi. Starfsfólk Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst mun sjá um að draga út vinningshafa. Happdrættisvinningar eru sjö, gisting fyrir tvo á Radison SAS Hótel Sögu og á Park Inn Hótel Íslandi í eina nótt, kvöldverðir fyrir tvo og morgunverðarhlaðborð fyrir tvo í Skráð á Hótel Sögu.

Valið hefur verið 850 manna tilviljanaúrtak ábúenda jarða og er þitt nafn þar á meðal.

Þér er ekki skylt að svara einstökum spurningum eða spurningalistanum í heild en það skiptir mjög miklu fyrir niðurstöður og marktækni rannsóknarinnar að fá svör sem allra flestra sem lenda í úrtakinu. Það er einnig mikilvægt að aðeins sá sem spurningalistinn er stílaður á, svari honum. Áréttað skal að okkur eru öll svör jafnmikilvæg.

Við framkvæmd rannsóknarinnar er í hvívetna farið að ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga (nr. 77, 23. maí 2000) og verður tryggt að ekki verður á nokkurn hátt unnt að rekja svör til einstakra þátttakenda.

Þú getur valið um að svara spurningalistanum sem fylgir þessu bréfi, annars vegar á pappírsformi og póstleggja svörin innan tveggja vikna, meðfylgjandi er umslag sem þú getur látið ófrímerkt í póst. Hins vegar geturðu svarað listanum rafrænt með því að fara inn á heimasíðu Rannsóknamiðstöðvarinnar, www.rannsoknamidstod.bifrost.is og smella á *Könnun meðal ábúenda jarða* vinstra megin á síðunni. Þar skráir þú inn lykilorð þitt sem er **akv21**.

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi listann eða útfyllingu hans er þér velkommið að hringja í Kolfinnu Jóhannesdóttur hjá Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst í síma 433-3081 eða senda henni tölvupóst á netfangið kolfinna@bifrost.is.

Með ósk um jákvæð viðbrögð,

Dr. Grétar Þór Eypórsson, forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst. gretar@bifrost.is

Rafnúmer

I Almennar upplýsingar

1. Hvað af eftirtöldu á við um þig? Merktu við einn lið.

- ☐ Ég er ábúandi og eigandi jarðarinnar (einn eða ásamt maka)
- ☐ Ég er ábúandi og eigandi jarðarinnar ásamt fleirum (öðrum en maka ef það á við)
- ☐ Ég er ábúandi og jörðin er í eigu opinberra aðila/ríkis/sveitarfélaga
- ☐ Ég er ábúandi og jörðin er í eigu annarra einkaaðila, einstaklinga/félaga
- ☐ Ég er eigandi jarðarinnar en er með fasta búsetu á öðrum stað
- ☐ Ef ekkert af ofantöldu, hvað annað á þá við um þig? _____

Einungis þeir sem eru ábúendur jarða svari spurningu 2:

2. Hversu mörg ár hefur þú búið á jörðinni? _____ ár.

Einungis þeir sem hafa keypt jörð/jarðir svari spurningu 3:

3. Hvenær keyptir þú síðast jörð/jarðir? Merktu við einn lið.

- ☐ Á árunum 2000 til 2007
- ☐ Á árunum 1990 til 1999
- ☐ Fyrir árið 1990

4. Hver er helsta atvinna þín? Merktu við allt að þrjá liði ef við á. Settu tölustafinn 1 við aðalatvinnu/búgrein, 2 við þá grein sem er næstmest að umfangi og 3 við þá grein sem kemur þar á eftir.

- ☐ Mjólkurframleiðsla
- ☐ Nautakjötsframleiðsla
- ☐ Sauðfjárrækt
- ☐ Svínarækt
- ☐ Alifuglarækt
- ☐ Garðyrkja/ylrækt
- ☐ Hrossarækt/tamningar o.þ.h.
- ☐ Loðdýrarækt
- ☐ Ferðaþjónusta
- ☐ Skógrækt
- ☐ Önnur atvinnugrein en landbúnaður, hvað þá helst? _____

5. Ertu alin(n) upp í sveit? Merktu við einn lið.

- ☐ Já
☐ Nei
☐ Já, að hluta til

6. Hversu miklar eða litlar breytingar hafa að þínu mati orðið á eignarhaldi jarða í þínu sveitarfélagi síðustu 10 árin? Merktu við einn lið.

- ☐ Mjög miklar
☐ Frekar miklar
☐ Frekar litlar
☐ Mjög litlar
☐ Engar
☐ Veit ekki

7. Hversu vel eða illa eiga eftirtaldar fullyrðingar við um þig? Merktu við einn reit í hverjum lið.

	Á mjög vel við	Á frekar vel við	Á frekar illa við	Á mjög illa við	Veit ekki
Ég vil búa í sveit	☐	☐	☐	☐	☐
Það er góður kostur að eiga jörð til að verja tíma í frístundum	☐	☐	☐	☐	☐
Ég lít á jarðakaup sem skammtímafjárfestingu	☐	☐	☐	☐	☐
Ég lít á jarðakaup sem langtímafjárfestingu	☐	☐	☐	☐	☐
Ég hef áhuga á að stunda landbúnað	☐	☐	☐	☐	☐

8. Hefur þú byggt upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað? Merktu við einn reit.

- ☐ Já
☐ Nei

9. Hafa verið skipulagðar sumarbústaðalóðir á jörðinni sem þú átt/býrð á? Merktu við einn reit.

- ☐ Já
☐ Nei

10. Hversu líklegt eða ólíklegt er að eftirtalin atriði eigi við? Merktu við einn reit í hverjum lið.

	Mjög líklegt	Frekar líklegt	Frekar ólíklegt	Mjög ólíklegt	Veit ekki
Ég hef áform um að byggja upp annarskonar atvinnustarfsemi á jörðinni en landbúnað	☐	☐	☐	☐	☐
Áformað er að skipuleggja sumarbústaðalóðir á jörðinni sem ég á/bý á	☐	☐	☐	☐	☐
Að jörðin sem ég á/bý á verði seld innan 5 ára	☐	☐	☐	☐	☐

11. Hversu mikilvæg eða léttvæg eru eftirtalin atriði í þínum huga? Merktu við einn reit í hverjum lið.

	Mjög mikilvægt	Frekar mikilvægt	Frekar léttvægt	Mjög léttvægt	Veit ekki
Að búseta sé á nágrennajarðum	☐	☐	☐	☐	☐
Að stundaður sé landbúnaður á nágrennajarðum	☐	☐	☐	☐	☐
Að stundaður sé atvinnurekstur af einhverju tagi á nágrennajarðum	☐	☐	☐	☐	☐

II Áhrif breytinga á eignarhaldi jarða á búsetu

12. Telur þú að breytingar á eignarhaldi jarða síðastliðin 10 ár hafi haft áhrif á búsetu í sveitum?

- ☐ Já
- ☐ Nei
- ☐ Veit ekki

Einungis þeir sem svara „já” í spurningu 12 svara spurningu 13.

13. Hvernig áhrif telur þú helst að breytingar á eignarhaldi jarða síðastliðin 10 ár hafi haft á búsetu í sveitum?

14. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? Merktu í einn reit í hverjum lið.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
Fjölbreytni atvinnulífs í sveitinni hefur aukist með breyttu eignarhaldi	☐	☐	☐	☐	☐
Tekjumöguleikar þeirra ábúenda sem fyrir eru í sveitinni hafa aukist með breyttu eignarhaldi á jörðum	☐	☐	☐	☐	☐
Tvöföld búseta skapar störf í kringum þjónustu í sveitinni	☐	☐	☐	☐	☐
Nærleggjandi verslun hefur styrkst	☐	☐	☐	☐	☐
Fólk sem dvelur á jörðum í frístundum tekur þátt í félagsstörfum í sveitinni	☐	☐	☐	☐	☐
Fólk sem dvelur á jörðum í frístundum sækir viðburði í sveitinni, s.s. skemmtanir/réttir.	☐	☐	☐	☐	☐

III Viðhorf til eignarhalds á jörðum

15. Næst koma spurningar um eignarhald á jörðum. Hversu jákvætt eða neikvætt finnst þér að:
Merktu í einn reit í hverjum lið.

	Mjög jákvætt	Frekar jákvætt	Frekar neikvætt	Mjög neikvætt	Veit ekki
Einn aðili (einstaklingur/félag) sé eigandi margra jarða á Íslandi?	☐	☐	☐	☐	☐
Aðilar (einstaklingar/félög) búsettir eða skráðir erlendis séu eigendur jarða á Íslandi?	☐	☐	☐	☐	☐
Ein jörð sé í eigu margra einstaklinga?	☐	☐	☐	☐	☐

IV Aðgerðir stjórnvalda

16. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum? Merktu við einn lið.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
Það á að setja lög sem takmarka eignarhald á jörðum	☐	☐	☐	☐	☐
Það á ávallt að leitast við að tryggja landrými undir landbúnað	☐	☐	☐	☐	☐
Það á að setja lög sem koma í veg fyrir að jarðir á Íslandi séu í eigu erlendra aðila (einstaklinga/félaga)	☐	☐	☐	☐	☐
Það á að skylda eigendur jarða til að búa á þeim	☐	☐	☐	☐	☐

V Að lokum eru nokkrar spurningar um bakgrunn þinn. Það skal áréttað að niðurstöður könnunarinnar verða ekki persónugreinanlegar á neinn hátt.

17. Hvort ertu karl eða kona?

☐ Karl

☐ Kona

18. Hvaða ár ert þú fædd(ur)?

Árið _____

19. Hver er hjúskaparstaða þín? Merktu við einn lið.

☐ Einhleyp(ur)

☐ Gift/kvæntur

Í sambúð

Fráskilin(n)

☐ Ekkja/ekkill

☐
☐

20. **Hvaða menntun hefur þú lokið?** Merktu við hæstu gráðu.

- ☐ Grunnskóla- eða gagnfræðapróf
- ☐ Stúdentspróf
- ☐ Próf í iðngrein
- ☐ Styttra framhaldsnám (t.d. búfræðinám, sjúkraliðanám)
- ☐ Lengra framhaldsnám (fyrsta háskólagráða)
- ☐ Framhaldsnám á háskólastigi (meistaragráða, doktorsgráða eða sambærilegt)
- ☐ Ekkert af ofantöldu

Hér lýkur könnuninni
kærar þakkir fyrir þátttökuna

Viðauki III Greining allra spurninga í töflum

Tafla x Hversu miklar eða litlar breytingar hafa að þínu mati orðið á eignarhaldi jarða í þínu sveitarfélagi síðustu 10 árin?

	Fjöldi	Mjög miklar	Frekar miklar	Frekar litlar	Mjög litlar	Engar
<i>Hversu lengi búið á jörðinni:</i>						
0-9 ár	47	23,4%	44,7%	23,4%	8,5%	-
10-19 ár	73	20,5%	31,5%	37,0%	9,6%	1,4%
20-29 ár	93	18,3%	43,0%	31,2%	6,5%	1,1%
30-39 ár	84	16,7%	34,5%	38,1%	9,5%	1,2%
40-49 ár	69	27,5%	36,2%	27,5%	8,7%	-
50 ár eða lengur	54	29,6%	27,8%	29,6%	11,1%	1,9%
<i>Hvenær síðast keypt jörð/jarðir:</i>						
Á árunum 2000 til 2007	79	19,0%	40,5%	32,9%	6,3%	1,3%
Á árunum 1990 til 1999	74	17,6%	36,5%	37,8%	6,8%	1,4%
Fyrir árið 1990	156	25,6%	35,9%	30,8%	7,1%	0,6%
<i>Alin(n) upp í sveit:</i>						
Já	358	22,3%	35,5%	31,8%	9,5%	0,8%
Nei	55	18,2%	40,0%	29,1%	10,9%	1,8%
Já, að hluta	38	26,3%	34,2%	31,6%	5,3%	2,6%
<i>Aldur svarenda:</i>						
39 ára og yngri	45	26,7%	40,0%	24,4%	6,7%	2,2%
40-49 ára	101	14,9%	41,6%	30,7%	11,9%	1,0%
50-59 ára	119	16,8%	34,5%	44,5%	4,2%	-
60-69 ára	81	24,7%	38,3%	22,2%	13,6%	1,2%
70 ára og eldri	99	32,3%	29,3%	26,3%	11,1%	1,0%
<i>Búseta:</i>						
Reykjavík og Reykjanes	10	30,0%	20,0%	50,0%	-	-
Vesturland	63	28,6%	41,3%	22,2%	6,3%	1,6%
Vestfirðir	16	25,0%	31,3%	25,0%	12,5%	6,3%
Norðurland vestra	87	11,5%	32,2%	41,4%	13,8%	1,1%
Norðurland eystra	100	12,0%	38,0%	36,0%	12,0%	2,0%
Austurland	45	20,0%	35,6%	33,3%	11,1%	-
Suðurland	127	34,6%	37,0%	22,8%	5,5%	-
<i>Atvinnugrein:</i>						
Mjólkurframleiðsla	137	22,6%	34,3%	31,4%	9,5%	2,2%
Nautakjötsframleiðsla	100	24,0%	39,0%	29,0%	8,0%	-
Sauðfjárrækt	248	23,4%	34,3%	31,0%	9,7%	1,6%
Svínarækt	4	-	-	-	-	-
Alifuglarækt	10	20,0%	30,0%	50,0%	-	-
Garðyrkja/ylrækt	29	27,6%	41,4%	27,6%	3,4%	-
Hrossarækt/tamningar o.p.h.	89	22,5%	32,6%	38,2%	5,6%	1,1%
Loðdýrarækt	4	-	-	-	-	-
Ferðaþjónusta	33	27,3%	33,3%	30,3%	6,1%	3,0%
Skógrækt	41	17,1%	34,1%	41,5%	7,3%	-
Önnur atvinnugrein en landbúnaður	169	18,3%	39,1%	32,5%	8,9%	1,2%

Tafla x Hversu vel eða illa eiga eftirtaldar fullyrðingar við um þig? Ég vil búa í sveit.

	Fjöldi	Á mjög vel við	Á frekar vel við	Á frekar illa við	Á mjög illa við
<i>Hversu lengi búið á jörðinni:</i>					
0-9 ár	47	91,5%	8,5%	-	-
10-19 ár	73	83,6%	16,4%	-	-
20-29 ár	93	87,1%	12,9%	-	-
30-39 ár	83	86,7%	13,3%	-	-
40-49 ár	69	78,3%	20,3%	-	-
50 ár eða lengur	55	90,9%	9,1%	-	-
<i>Hvenær síðast keypt jörð/jarðir:</i>					
Á árunum 2000 til 2007	82	86,6%	13,4%	-	-
Á árunum 1990 til 1999	74	81,1%	18,9%	-	-
Fyrir árið 1990	155	82,6%	16,8%	-	-
<i>Alin(n) upp í sveit:</i>					
Já	354	83,1%	16,7%	-	-
Nei	56	91,1%	8,9%	-	-
Já, að hluta	39	84,6%	15,4%	-	-
<i>Aldur svarenda:</i>					
39 ára og yngri	46	91,3%	8,7%	-	-
40-49 ára	101	84,2%	15,8%	-	-
50-59 ára	120	84,2%	15,8%	-	-
60-69 ára	81	82,7%	17,3%	-	-
70 ára og eldri	96	82,3%	16,7%	-	-
<i>Búseta:</i>					
Reykjavík og Reykjanes	9	66,7%	33,3%	-	-
Vesturland	62	85,5%	14,5%	-	-
Vestfirðir	15	86,7%	13,3%	-	-
Norðurland vestra	89	84,3%	15,7%	-	-
Norðurland eystra	100	80,0%	20,0%	-	-
Austurland	45	88,9%	11,1%	-	-
Suðurland	126	86,5%	13,5%	-	-
<i>Atvinnugrein:</i>					
Mjólkurframleiðsla	135	87,4%	11,9%	-	-
Nautakjötsframleiðsla	98	89,8%	9,2%	-	-
Sauðfjárrækt	244	83,6%	16,4%	-	-
Svínarækt	3	-	-	-	-
Alifuglarækt	10	90,0%	10,0%	-	-
Garðyrkja/ylrækt	28	89,3%	10,7%	-	-
Hrossarækt/tamningar o.þ.h.	91	90,1%	9,9%	-	-
Loðdýrarækt	4	-	-	-	-
Ferðapjónusta	34	85,3%	14,7%	-	-
Skógrækt	42	81,0%	19,0%	-	-
Önnur atvinnugrein en landbúnaður	169	81,1%	18,9%	-	-

*Færri en fjórir svöruðu "á mjög illa við" og þess vegna er ekki birt greining á þeirra svörum

Tafla x Hversu vel eða illa eiga eftirtaldar fullyrðingar við um þig? Það er góður kostur að eiga jörð til að verja tíma í frístundum.

